



ML í lögfræði

Skaðabótaábyrgð stjórnenda

Sakarmat í skaðabótamálum sem höfðuð eru gegn stjórnendum félaga og lífeyrissjóða

Maí, 2019

Nafn nemanda: Tómas Aron Viggósson

Kennitala: 230492-2719

Leiðbeinandi: Þóra Hallgrímsdóttir

Útdráttur

Í ritgerð þessari er fjallað um skaðabótaábyrgð stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga og lífeyrissjóða með áherslu á sakarmat í málum sem leidd eru til lykta fyrir dómstólum. Á stjórnendum hvíla margskonar skyldur, bæði lögbundnar og ólögbundnar. Sérstök bótaregla hefur verið lögfest í 134. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og 108. gr. laga um einkahlutafélög 138/1994 sem og lögum annarra félagasforma. Bótareglan felur hins vegar einungis í sér lögfestingu á almennu sakarreglunni. Í ritgerðinni er sjónum beint að sakarmati dómstóla í skaðabótamálum sem höfðuð voru gegn stjórnendum og athugað hvernig það horfir við í tilvikum þeirra.

Ritgerðinni er í meginatriðum skipt í fernt. Í upphafi verður gerð grein fyrir grundvelli skaðabótaábyrgðar og bótareglum skaðabótaréttar. Þá verður litið til uppbyggingar stjórnkerfa félaga og lífeyrissjóða og gerð almenn grein fyrir stöðu stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og hverjir teljast framkvæmdastjórar í skilningi skráðra lagareglna. Litið er til þeirra skyldna sem hvíla á félagsstjórn og framkvæmdastjórn félaga og lífeyrissjóða, skráðra jafnt sem óskráðra, og gerð grein fyrir því hvað felst í skyldum þeirra og hvernig þær hafa verið túlkaðar af dómstólum. Þá er gerð ítarleg grein fyrir bótareglu hlutafélagalaga og hún borin saman við sambærilegar bótareglur í löggjöf annars staðar á Norðurlöndum. Meginefni ritgerðarinnar felst síðan í rannsókn á sakarmati dómstóla í skaðabótamálum sem voru höfðuð gegn stjórnendum. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að sakarmatið horfir mismunandi við eftir því hver staða eða aðstæður stjórnenda eru. Inniheldur ritgerðin þar af leiðandi tiltekna flokkun þar sem gerð var grein fyrir réttaráhrifum hvernar og einnar stöðu eða aðstæðum stjórnenda fyrir sig.

Abstract

This thesis examines the liability of board members and managing directors of companies and pension funds. Various duties rest on board members and directors, both statutory and non-statutory. A special liability rule has been implemented in Article 134 of the Act on Public Limited Companies no. 2/1995 and Article 108 of the Act on Private Limited Companies no. 138/1994 as well as Acts of other company forms. The liability rules however only entail a legalisation of the Culpa rule. The thesis focuses on the assessment of culpability through case law and how the assessment is in the case of board members and managing directors.

The thesis is mainly divided into four parts. Initially, the basis for tort liability and tort rules are examined. The structure of corporate and pension fund systems will also be considered, with a general account of the position of board members and managing directors and examination of who is regarded as managing director in the sense of the statutory rules. The duties of board members and managing directors, both statutory and non-statutory, are examined, what they entail and how they have been interpreted through case law. The liability rule of the Act on Public Limited Companies is closely examined with comparison to similar liability rules of other Nordic countries. The essence of the thesis entails a research of the assessment of culpability of board members' and managing directors' liability through case law. The results of the study indicate that the assessment of culpability varies depending on the position or situation of the board member or managing director in each case. Consequently, the thesis entails a classification in which the legal effect of each and every position or situation is separately explained.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til meistaraprófs í lögfræði við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Ég vil koma sérstökum þökkum á framfæri til leiðbeinanda míns, Þóru Hallgrímsdóttur, fyrir góða leiðsögn og ábendingar við vinnu ritgerðarinnar. Jafnframt vil ég þakka fjölskyldu og vinum fyrir sýnda þolinmæði og stuðning í gegnum námið, einkum Evu Þ. Haraldsdóttur sem jafnframt aðstoðaði við yfirlestur ritgerðarinnar.

Efnisyfirlit

Dómaskrá	VII
Lagaskrá	X
Lögskýringargögn	XI
1 Inngangur	1
2 Frumskilyrði skaðabótaábyrgðar	2
2.1 Tjón	3
2.2 Tjónvaldur og tjónpóli ekki sami aðili	4
2.3 Tjóni valdið með athöfn	5
2.4 Ólögmati	5
3 Bótareglur skaðabótaréttarins	6
3.1 Sakarreglan	6
3.2 Vinnuveitandaábyrgð	7
4 Stjórnkerfi félaga og lífeyrissjóða	8
4.1 Almenn	8
4.1.1 Félagsstjórn	9
4.1.2 Framkvæmdastjórn	10
4.2 Önnur félagaform og lífeyrissjóðir	11
4.2.1 Sameignarfélög	11
4.2.2 Samvinnufélög	12
4.2.3 Lífeyrissjóðir	13
5 Skyldur og hlutverk stjórnenda	14
5.1 Almennar skyldur félagsstjórnar	15
5.2 Sérstakar skyldur félagsstjórnar	20
5.3 Skyldur stjórnarformanns	22
5.4 Skyldur framkvæmdastjóra	22
6 Ákvæði 134.gr. hfl. – norrænn samanburður	23
6.1 Norrænn réttur	24
6.1.1 Danskur réttur	24
6.1.2 Norskur réttur	25
6.2 1. mgr. 134. gr. hfl. – Skaðabótaábyrgð gagnvart félaginu	26
6.3 2. máls. 1. mgr. 134. gr. hfl. – Skaðabótaábyrgð gagnvart hluthöfum og öðrum	27
6.4 3. mgr. 134. gr. hfl. og 24. gr. skaðabótalaga – Lækkunarheimildir	29
6.4.1 Efnahagur tjónpóla – fjárhagslegur ávinningur tjónvalds	30

6.4.2	Réttlæta lág laun beitingu lækkunarreglna?	31
6.4.3	Beiting lækkunarreglna í fjölskyldufyrirtækjum	32
6.4.4	Fjárhagur tjónvalds	34
6.4.5	Eigin sök tjónþola	35
7	Sök, orsakatengsl og sennileg afleiðing	36
7.1	Almennt um sök	36
7.1.1	Stig sakar	37
7.2	Orsakatengsl og sennileg afleiðing	40
8	Sakarmat við mismunandi aðstæður	41
8.1	Strangt sakarmat	41
8.1.1	Vægt sakarmat	44
8.1.2	Ályktun	45
8.2	Þekkingarleysi stjórnenda á rekstri félags	46
8.2.1	Réttarframkvæmdin fyrir tíð Hrd. 392/2006	46
8.2.2	Hrd. 392/2006	48
8.2.3	Réttarframkvæmdin eftir Hrd. 392/2006	50
8.2.4	Þekkingarleysi í skaðabótamálum	53
8.2.5	Ályktun	54
8.3	Sérfræðiþekking – menntun	55
8.4	Lögbundnar takmarkanir á skaðabótaábyrgð stjórnenda	56
8.4.1	23. gr. skaðabótalaga	56
8.4.2	3. mgr. 19. gr. skaðabótalaga	60
8.5	Samningsbundnar takmarkanir á skaðabótaábyrgð stjórnenda	62
8.6	Undanfarandi refsíábyrgð	65
8.7	Bótaregla 2. mgr. 64. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991	67
8.7.1	Skyldan	67
8.7.2	Bótareglan	68
8.8	Mótmæli – gerðabók og úrsögn	70
8.9	Laun stjórnenda	72
8.10	Fjölskyldutengsl milli stjórnarmanna	72
8.11	Viðskiptaleg ákvörðun – The Business judgment rule	74
9	Lokaorð	76
	Viðauki I	79
	Heimildaskrá	83

Dómaskrá

Dómar Hæstaréttar Íslands

Dómur Hæstaréttar 21. febrúar 1947 í máli nr. 43/1946

Dómur Hæstaréttar 19. febrúar 1948 í máli nr. 94/1947

Dómur Hæstaréttar 8. apríl 1949 í máli nr. 43/1947

Dómur Hæstaréttar 14. desember 1963 í máli nr. 104/1962

Dómur Hæstaréttar 22. október 1986 í máli nr. 87/1985

Dómur Hæstaréttar 29. febrúar 1988 í máli nr. 326/1987

Dómur Hæstaréttar 24. mars 1992 í máli nr. 345/1991

Dómur Hæstaréttar 11. apríl 1995 í máli nr. 266/1992

Dómur Hæstaréttar 12. júní 1997 í máli nr. 372/1996

Dómur Hæstaréttar 25. september 1997 í máli nr. 136/1997

Dómur Hæstaréttar 19. mars 1998 í máli nr. 122/1997

Dómur Hæstaréttar 14. október 1999 í máli nr. 242/1999

Dómur Hæstaréttar 18. nóvember 1999 í máli nr. 206/1999

Dómur Hæstaréttar 23. nóvember 2000 í máli nr. 277/2000

Dómur Hæstaréttar 2. október 2003 í máli nr. 40/2003

Dómur Hæstaréttar 27. maí 2004 í máli nr. 482/2003

Dómur Hæstaréttar 10. júní 2004 í máli nr. 60/2004

Dómur Hæstaréttar 18. júní 2004 í máli nr. 7/2004

Dómur Hæstaréttar 15. júní 2006 í máli nr. 38/2006

Dómur Hæstaréttar 31. maí 2007 í máli nr. 392/2006

Dómur Hæstaréttar 20. desember 2007 í máli nr. 212/2007

Dómur Hæstaréttar 26. mars 2009 í máli nr. 393/2008

Dómur Hæstaréttar 29. október 2009 í máli nr. 228/2009

Dómur Hæstaréttar 14. janúar 2010 í máli nr. 350/2009

Dómur Hæstaréttar 27. janúar 2011 í máli nr. 400/2010

Dómur Hæstaréttar 31. mars 2011 í máli nr. 226/2010

Dómur Hæstaréttar 10. júní 2011 í máli nr. 201/2011

Dómur Hæstaréttar 7. júní 2012 í máli nr. 442/2011

Dómur Hæstaréttar 31. október 2013 í máli nr. 135/2013

Dómur Hæstaréttar 12. desember 2013 í máli nr. 354/2013

Dómur Hæstaréttar 23. janúar 2014 í máli nr. 388/2013

Dómur Hæstaréttar 13. febrúar 2014 í máli nr. 88/2013

Dómur Hæstaréttar 10. apríl 2014 í máli nr. 593/2013

Dómur Hæstaréttar 26. nóvember 2015 í máli nr. 138/2015

Dómur Hæstaréttar 22. september 2016 í máli nr. 641/2015

Dómur Hæstaréttar 27. október 2016 í máli nr. 321/2015

Dómur Hæstaréttar 16. febrúar 2017 í máli nr. 777/2015

Dómur Hæstaréttar 23. mars 2017 í máli nr. 187/2016

Dómur Hæstaréttar 2. nóvember 2017 í máli nr. 439/2016

Dómur Hæstaréttar 17. maí 2018 í máli nr. 325/2017

Dómar Héraðsdóms Reykjaness

Héraðsdómur Reykjaness 2. febrúar 2012 í máli nr. E-144/2011

Dómar Héraðsdóms Reykjavíkur

Héraðsdómur Reykjavíkur 11. júní 2008 í máli nr. S-250/2008

Héraðsdómur Reykjavíkur 9. október 2015 í máli nr. S-591/2014

Héraðsdómur Reykjavíkur 25. apríl 2016 í máli nr. E-2942/2014

Héraðsdómur Reykjavíkur 22. mars 2018 í máli nr. E-4995/2013

Héraðsdómur Reykjavíkur 28. desember 2018 í máli nr. E-3827/2011

Dómar Héraðsdóms Vestfjarða

Héraðsdómur Vestfjarða 31. mars 2007 í máli nr. E-140/2006

Dómar Hæstaréttar Danmerkur

UfR 1925.244H

UfR 1925.49H

UfR 1977.236H

UfR 1979.777H

UfR 1981.973H

UfR 1997.283H

UfR 1998.1137H

UfR 2000.595H

UfR 2001.873H

UfR 2004.2253H

UfR 2010.190H

Lagaskrá

Íslensk lög

Lög um einkahlutafélög nr. 138/1994

Lög um hlutafélög nr. 2/1995

Lög um sameignarfélög nr. 50/2007

Lög um samvinnufélög nr. 22/1991

Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997

Skaðabótalög nr. 50/1993

Dönsk Lög

LBK 2015-09-14 nr. 1089 om aktie- og anpartsselskaber (Selskabsloven)

LBK 2018-08-24 nr. 1070 om erstatningsansvar (erstatningsansvarsloven)

Norsk lög

LOV-1997-06-13-44 om aksjeselskaper (aksjeloven)

Lögskýringargögn

Alþingistíðindi

Alþt. 1977-78, A-deild

Alþt. 1990-91, A-deild

Alþt. 1992-93, A-deild

Alþt. 1994-95, A-deild

Alþt. 1998-99, A-deild

Alþt. 2006-07, A-deild

1 INNGANGUR

Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 fór af stað umræða um ábyrgð stjórnenda félaga í samfélaginu. Jafnframt því jukust dómsmál á hendur stjórnendum til muna, bæði skaðabóta- og refsímál. Ritgerð þessi fjallar um skaðabótaábyrgð stjórnenda félaga og lífeyrissjóða þar sem áhersla er lögð á sakarmat dómstóla í skaðabótamálum á hendur stjórnendum. Sérstaklega er litið til þess hvort mismunandi staða eða aðstæður hafi áhrif á sakarmatið og þá með hvaða hætti.

Þar sem almenna reglan í skaðabótarétti felur í sér að tjónþoli þurfi að bera tjón sitt sjálfur þurfa tiltekin skilyrði að vera fyrir hendi til þess að annar aðili verði talin bótaskyldur gagnvart tjónþola.¹ Á það við um bótaskyldu stjórnenda jafnt sem annarra. Er þar átt við um frumskilyrði skaðabótaábyrgðar, bótareglu, orsakatengsl, sönnun og umfang tjóns. Umfjöllun 2. og 3. kafla er helguð frumskilyrðum bótaábyrgðar sem og bótareglum skaðabótaréttar. Vikið verður að orsakatengslum og sennilegri afleiðingu í kafla 7. Þá verður stuttlega vikið að umfangi tjóns undir frumskilyrðinu um tjón í kafla 2.

Til þess að stjórnandi geti orðið bótaskyldur þarf hann með einhverjum hætti að hafa viðhaft háttsemi sem hann átti ekki að viðhafa eða ekki viðhaft háttsemi sem honum bar að viðhafa. Með öðrum orðum þarf stjórnandi að hafa brotið gegn skyldum sínum. Í ljósi þessa verður ekki hjá því komist að beina sjónum að skyldum stjórnenda, bæði lögbundnum sem og ólögbundnum. Umfjöllun 4. kafla er helguð stjórnkerfi félaga þar sem vikið verður að uppbyggingu og tvískiptu stjórnkerfi félaga. Í 5. kafla verður síðan vikið að skyldum stjórnenda þar sem umfjöllunin skiptist eftir skyldum stjórnarmanna, stjórnarformanna og framkvæmdastjóra.

Í ljósi þess að algengustu félagiformin hér á landi eru hlutafélög og einkahlutafélög verður einungis stuttlega vikið að skyldum stjórnenda í samvinnu- og sameignarfélögum og skyldum stjórnenda lífeyrissjóða. Vísast um þá umfjöllun í kafla 4.2. Það athugast þó að þegar sakarmat stjórnenda er rannsakað í kafla 8 nær sú rannsókn einnig til dóma þar sem reynir á sakarmat þeirra stjórnenda þrátt fyrir að umfjöllun um skyldur þeirra sé takmörkuð. Að sama skapi ber að geta þess, að lög um hlutafélög nr. 2/1995 (hér eftir „hfl.“) og lög um einkahlutafélög nr.

¹ Arnljótur Björnsson, *Skaðabótaréttur - Kennslubók fyrir byrjendur* (2. útgáfa, Bókaútgáfa Orators 1999) 14.

138/1994 (hér eftir „ehfl.“) innihalda að meginstefnu til sömu ákvæðin. Verður í riti þessu því einungis stuðst við ákvæði hfl. en vísað til ehfl. ef síðarnefndu lögin eru öðruvísi og þarfnast nánari útskýringar. Á þetta við um 4., 5. og 6. kafla.

Í 6. kafla verður vikið að ákvæði 134. gr. hfl. Umfjöllun kaflans skiptist niður eftir málsgreinum ákvæðisins en ákvæðið inniheldur bótareglu sem gildir um ábyrgð stjórnenda gagnvart félaginu sjálfu, gagnvart hluthöfum og öðrum og jafnframt lækkunarheimild. Þá er ákvæðið borið saman við sambærileg ákvæði dönsku og norsku hlutafélagalöggjafarinnar.

Meginefni ritgerðarinnar verður að finna í 8. kafla. Þar verður fjallað um og jafnframt rannsakað sakarmat dómstóla í skaðabótamálum á hendur stjórnendum. Áhersla verður á alla dóma Hæstaréttar sem varða skaðabótaábyrgð stjórnenda en tilgangur rannsóknarinnar er að kanna og komast að því hvort mismunandi staða stjórnenda eða aðstæður hafi áhrif á sakarmatið. Umfjöllunin verður kaflaskipt þar sem hver kafli inniheldur tiltekna stöðu eða aðstæður stjórnanda sem getur haft áhrif á sakarmat dómstóla í skaðabótamáli. Vikið verður að niðurstöðum jafnt og þétt um hverja og eina stöðu eða aðstæður stjórnenda. Loks verður að finna lokaorð í 9. kafla.

2 FRUMSKILYRÐI SKAÐABÓTAÁBYRGÐAR

Til þess að skaðabótaábyrgð geti stofnast þurfa tiltekin frumskilyrði að vera uppfyllt. Þegar rætt er um frumskilyrði skaðabótaábyrgðar er átt við fjögur skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að skaðabótaábyrgð geti komið til.² Í fyrsta lagi þarf tjón að vera fyrir hendi, í öðru lagi má tjónþoli ekki hafa valdið tjóninu sjálfur, í þriðja lagi verður að vera hægt að rekja tjónið til tiltekinnar athafnar en ekki athafnaleysis og í fjórða lagi verður háttsemin að vera ólögmat og hinar hlutrænu ábyrgðarleysisástæður eigi ekki við.³ Verður nú gerð grein fyrir þessum fjórum frumskilyrðum.

² Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (1. útgáfa, Bókaútgáfan Codex 2015) 55.

³ sama heimild 56.

2.1 Tjón

Fyrsta frumskilyrði skaðabótaábyrgðar er að sýnt sé fram á tjón í skilningi skaðabótaréttar.⁴ Hugtakið tjón hefur verið skýrt svo í skaðabótarétti að um sé að ræða skerðingu eða eyðileggingu lögvarinna hagsmuna.⁵ Í tilviki stjórnenda félaga og persónulegrar ábyrgðar þeirra yrði væntanlega oftast um fjárhagslega hagsmuni að tefla, það er skerðing eða eyðilegging á lögvörðum fjárhagslegum hagsmunum félagsins, hluthafa eða annarra. Ef ekkert tjón hefur orðið þá er skaðabótaábyrgð ekki fyrir hendi.⁶

Sem dæmi um að skilyrðið um tjón sé frumskilyrði skaðabótaábyrgðar má benda á **Hrd. 350/2009**. Hluthafar í fjárfestingarbankanum S kröfðu fyrrverandi stjórnendur bankans um skaðabætur vegna ákvörðunar stjórnendanna um sölu á hlutafé í bankanum en hlutaféð hafði verið í eigu bankans sjálfs. Töldu hluthafarnir að hlutaféð hafi verið selt á of lágu gengi og undir meðalverði í viðskiptum í kauphöllinni þann dag sem hlutaféð var selt. Héraðsdómur, sem Hæstiréttur staðfesti með vísan til forsendna, tók fyrst afstöðu til þess hvort hluthafarnir hafi orðið fyrir tjóni með eftirfarandi hætti: „Til þess að bótaskylda aðalstefndu eða varastefnda gagnvart stefnendum verði viðurkennd þarf að uppfylla ákveðin skilyrði. Fyrst má telja það sem er aftast í orsakakeðjunni. Það er hvort stefnendur hafi orðið fyrir tjóni.“ Í kjölfarið er fjallað um hið meinta tjón en hluthafarnir vildu meina að salan hafi rýrt verðmæti félagsins og jafnframt valdið því að hlutur þeirra hafi rýrnað í verði. Dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að hluthöfunum hafi ekki tekist að sýna fram á að ákvörðun stjórnenda bankans um sölu á hlutafé í bankanum hafi valdið þeim tjóni. Vísaði dómurinn til þess að aðgerðir sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu félags hafa ekki sömu áhrif á fjárhagsstöðu einstakra hluthafa. Fjárhagslegur ávinningur af hlutabréfum komi einungis með sölu þeirra, með því að fá arð eða við lækkun hlutafjár eða slit félags. Hlutafé félagsins hafði ekki lækkað eða félaginu slitið. Þá reifuðu hluthafarnir ekki málið með hliðsjón af því að arðgreiðslur þeirra yrðu lægri vegna sölunnar. Hvað varðar verðmæti hlutafésins þá taldi dómurinn að hluthafarnir hafi ekki sannað að verð hlutabréfa þeirra hafi lækkað við söluna. Voru stjórnendurnir því sýknaðir.

Framangreindur dómur staðfestir að ef frumskilyrði skaðabótaábyrgðar um tjón er ekki fyrir hendi leiðir það til sýknu. Þá gefur dómurinn til kynna að frumskilyrðið um tjón horfir ekki

⁴ sama heimild 55.

⁵ sama heimild 29.

⁶ sama heimild 56.

öðruvísi við í tilvikum bótaábyrgðar stjórnenda. Í þessu samhengi má nefna að þrátt fyrir að sýnt sé fram á saknæma háttsemi leiðir það til sýknu ef ekki er sýnt fram á umfang tjóns.⁷ Hér ber þó að geta þess að munur er á því hvort um er að ræða frumskilyrði um tjón eða hvort ekki takist að sanna umfang eða endanlegt tjón. Þannig getur staðan verið sú að frumskilyrðið um tjón teljist uppfyllt, þ.e. að tjón hefur orðið en ef ekki tekst að sýna fram á umfang þess getur það leitt til sýknu.

2.2 Tjónvaldur og tjónþoli ekki sami aðili

Annað frumskilyrði skaðabótaábyrgðar er að tjónvaldur og tjónþoli séu ekki einn og sami aðilinn.⁸ Oftar en ekki er augljóst hvort tjónvaldur hafi valdið sjálfum sér tjóni eða ekki. Í þeim tilvikum þegar félag krefur eigin stjórnanda um skaðabætur er ljóst að félagið sjálft og stjórnandinn eru tvær sjálfstæðar lögpersónur og frumskilyrðið þar af leiðandi uppfyllt. Koma þá hins vegar til skoðunar sjónarmið um samsömun. Með samsömun er átt við að háttsemi B hefur sömu réttaráhrif fyrir A líkt og A hefði sjálfur viðhaft háttsemina.⁹ Þegar sú staða er uppi að félagið sjálft ber bótaábyrgð vegna tjóns af völdum saknæmrar háttsemi stjórnar þess er beitt samsömun.¹⁰ Háttsemi stjórnarinnar hefur því sömu réttaráhrif fyrir félagið líkt og félagið hefði sjálft viðhaft háttsemina. Þannig er litið svo á að saknæm háttsemi stjórnar sé í raun saknæm háttsemi félagsins.¹¹ Virðist það einkum ráðast af því að þegar stjórnandinn framkvæmdi hina saknæmu háttsemi gerði hann það á vegum félagsins. Í hlutafélagarétti er litið svo á að stjórnandi geti í þessum tilvikum ekki orðið persónulega bótaábyrgur.¹² Sérstaklega er vikið að þessari afstöðu í kafla 5.1. um almennar skyldur félagsstjórnar en telja verður að stjórnandi sé ekki samsamaður félaginu. Þannig geti stjórnandi orðið persónulega bótaábyrgur þegar hann viðhefur saknæma háttsemi á vegum félagsins.

⁷ Arnljótur Björnsson (n. 1) 89.

⁸ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 57.

⁹ sama heimild 59.

¹⁰ sama heimild 263.

¹¹ Arnljótur Björnsson, „Tengsl vinnuveitanda og starfsmanna sem skilyrði vinnuveitandaábyrgðar“ (1979) 2 Tímarit lögfræðinga 51, 52.

¹² Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag 2013) 371.

2.3 Tjóni valdið með athöfn

Þriðja frumskilyrði skaðabótaábyrgðar felur í sér að tjóni þarf að hafa verið valdið með athöfn.¹³ Frá þessu frumskilyrði er þó veigamikil undantekning í formi óeiginlegs athafnaleysis sem hefur sérstaka þýðingu í tilviki bótaábyrgðar stjórnenda. Með óeiginlegu athafnaleysi er átt við þau tilvik þegar skylda hvílir á manni til athafna.¹⁴

Athafnaskylda getur hvílt á manni á margvíslegum grunni. Þannig getur athafnaskylda hvílt á manni samkvæmt fyrirmælum lagaákvæða, með öðrum orðum lögboðin athafnaskylda, samkvæmt yfirvaldsboði, samkvæmt samningi og vegna tiltekinna tengsla við hagsmuni sem lúta forsjá hans.¹⁵ Á stjórnendum félaga hvíla ýmsar lögboðnar athafnaskyldur og má þar einna helst nefna ákvæði hfl. og ehfl. Þá getur til viðbótar hvílt athafnaskylda á stjórnendum á grundvelli samþykka félags og eftir atvikum ráðningarsamningi stjórnandans og félagsins. Ef viðkomandi stjórnandi sýnir af sér óeiginlegt athafnaleysi, það er sinnir ekki þeirri athafnaskyldu sem á honum hvílir, getur komið til bótaábyrgðar hans með sama hætti og ef um athöfn hans væri að ræða.¹⁶

2.4 Ólögmæti

Fjórða frumskilyrði skaðabótaábyrgðar er skilyrðið um ólögmæti. Til þess að tiltekin háttsemi varði skaðabótaábyrgð verður háttsemin að vera ólögmæt.¹⁷ Ólögmæti hefur verið skilgreint með neikvæðum hætti þannig að sá sem veldur tjóni ber ekki skaðabótaábyrgð ef háttsemi hans var ekki ólögmæt. Tilteknar ástæður geta leitt til þess að háttsemi teljist ekki ólögmæt. Þessar ástæður nefnast hlutrænar ábyrgðarleysisástæður en þær eru meðal annars neyðarvörn, neyðarréttur, óbeðinn erindisrekstur, samþykki og áhættutaka.¹⁸ Geti stjórnandi borið fyrir sig að ein eða fleiri hlutrænar ábyrgðarleysisástæður eigi við um háttsemi hans sem jafnframt hefur valdið tjóni, kemur ekki til bótaábyrgðar hans.

¹³ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 67.

¹⁴ Viðar Már Matthíasson, „Um orsakatengsl og reglur um takmörkun á umfangi skaðabótaábyrgðar“ (2002) 4 Tímarit lögfræðinga 311, 321.

¹⁵ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 69.

¹⁶ sama heimild.

¹⁷ Arnljótur Björnsson (n. 1) 79.

¹⁸ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 71.

3 BÓTAREGLUR SKAÐABÓTARÉTTARINS

Þrátt fyrir að framangreind frumskilyrði bótaábyrgðar séu uppfyllt getur ekki komið til skaðabótaábyrgðar nema skilyrði þeirrar bótareglu sem við á séu jafnframt uppfyllt. Til eru fjórar ólögfestar bótareglur, sakarreglan, reglan um hlutlæga ábyrgð, reglan um vinnuveitandaábyrgð og sakarlíkindareglan.¹⁹ Sakarreglan myndar grunninn að lögfestum bótareglum um skaðabótaábyrgð stjórnenda. Þá byggir reglan um vinnuveitandaábyrgð á þeirri meginreglu að vinnuveitandi beri ábyrgð á því tjóni sem starfsmenn hans valda. Í því samhengi er sérstakt álitaefni hvort stjórnendur teljist starfsmenn í skilningi reglunnar. Bótaábyrgð stjórnenda byggir hins vegar aldrei á reglunni um hlutlæga ábyrgð. Aðeins í einu tilviki byggir bótaábyrgð stjórnenda á sakarlíkindareglunni. Það er þegar háttsemi stjórnenda brýtur í bága við 2. mgr. 64. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 (hér eftir „gbl.“) en sérstaklega verður vikið að þessu álitaefni í kafla 8.7. Eftirfarandi umfjöllun snýr þar af leiðandi einungis að sakarreglunni og reglunni um vinnuveitandaábyrgð.

3.1 Sakarreglan

Algengasta bótareglan hér á landi er sakarreglan. Sakarreglan felur í sér að maður getur ekki borið skaðabótaábyrgð á tjóni annars aðila nema tjónið sé jafnframt rakið til sakar hans.²⁰ Með sök eða saknæmi er átt við að tiltekin háttsemi sé viðhöfð af ásetningi eða gáleysi.²¹ Sakarreglan hefur verið skilgreind með eftirfarandi hætti:

Maður ber skaðabótaábyrgð á tjóni, sem hann veldur með saknæmum og ólögumætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans og raski hagsmunum, sem verndaðir eru með skaðabótareglum. Það er og skilyrði að sérstakar huglægar afsökunarástæður eigi ekki við um tjónvald, svo sem æska eða skortur á andlegri heilbrigði.²²

Sakarreglan er ólögfest regla í íslenskum, dönskum og norskum rétti en lögfest regla í sænskum og finnskum rétti.²³ Þrátt fyrir að sakarreglan sé ólögfest myndar hún grunninn að

¹⁹ sama heimild 93.

²⁰ Arnljótur Björnsson (n. 1) 57.

²¹ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 96.

²² Arnljótur Björnsson (n. 1) 58.

²³ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 93.

fjöldi lögfesta ákvæða um skaðabótaábyrgð stjórnenda. Eitt þessara ákvæða er 1. mgr. 134. gr. hfl. en nánar er vikið að ákvæðinu í kafla 6.²⁴

Ákvæði 134. gr. hfl. byggir á því að stjórnendur verði bótaskyldir hafi þeir sýnt af sér saknæma háttsemi, það er háttsemi sem viðhöfð er af ásetningi eða gáleysi. Í lögskýringargögnum kemur fram að ákvæðið feli í sér tilvísun til almennra skaðabótareglna en með ákvæðinu sé einungis lögð áhersla á bótaábyrgð stjórnenda hlutafélaga.²⁵ Frumvörp til laga um önnur félagafarm en hlutafélög skírskota með sama hætti til sakarreglunnar eða vísa beinlínis til laga um hlutafélög til nánari skýringar.²⁶ Lögfest ákvæði um skaðabótaábyrgð stjórnenda byggja því að meginstefnu til á sakarreglunni.

3.2 Vinnuveitandaábyrgð

Önnur bótaregla er reglan um vinnuveitandaábyrgð en hún felur í sér ábyrgð vinnuveitanda á því tjóni sem starfsmenn hans valda.²⁷ Reglan um vinnuveitandaábyrgð hefur verið skilgreind með eftirfarandi hætti:

Vinnuveitandaábyrgð sé skaðabótaábyrgð vinnuveitanda, eða annars sem lagður er að jöfnu við hann, á tjóni sem valdið er af starfsmanni hans í tengslum við framkvæmd starfans með saknæmri og ólögmætri háttsemi.²⁸

Hér á landi er það raunar meginregla að vinnuveitandi beri bótaábyrgð á tjóni sem starfsmaður hans er valdur að í starfi með saknæmum og ólögmætum hætti.²⁹ Mikilvægt er að nefna að sú bótaábyrgð sem fellur á lögaðila vegna saknæmrar háttsemi stjórnanda þess telst ekki til vinnuveitandaábyrgðar heldur er lögaðilinn í raun samsamaður stjórnandanum og litið svo á að um sé að ræða sök félagsins sjálfs.³⁰ Í þessu samhengi má velja því fyrir sér

²⁴ Ákvæðið á einungis við um stjórnendur hlutafélaga en sambærilegt ákvæði er að finna í 1. mgr. 108. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 um stjórnendur einkahlutafélaga, 1. mgr. 74. gr. laga um samvinnufélög nr. 22/1991 um stjórnendur samvinnufélaga, 1. mgr. 44. gr. laga um sameignarfélag nr. 50/2007 um stjórnendur sameignarfélaga og í 35. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999 um stjórnendur sjálfseignarstofnunar.

²⁵ Alpt. 1977-78, A-deild, 383, 489.

²⁶ Alpt. 1994-95, A-deild, 821, 877; Alpt. 2006-07, A-deild, 943, 992; Alpt. 1990-91, A-deild, 2468, 2520; Alpt. 1998-99, A-deild, 902, 924.

²⁷ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 261.

²⁸ sama heimild 262.

²⁹ Arnljótur Björnsson (n. 11) 51.

³⁰ sama heimild 52.

hvort og að hvaða leyti stjórnandi teljist starfsmaður félagsins samkvæmt 23. gr. skaðabótalaga sem takmarkar bótaábyrgð starfsmanns. Að þessu atriði verður vikið í kafla 8.4.

Þá er mikilvægt að nefna að stjórnendur teljast ekki vinnuveitendur í skilningi reglunnar um vinnuveitandaábyrgð.³¹ Stjórnendur bera því ekki vinnuveitandaábyrgð á tjónum undirmanna sinna heldur félagið sjálft. Sem fyrr grundvallast persónuleg bótaábyrgð stjórnenda á sakarreglunni en ekki reglunni um vinnuveitandaábyrgð.³² Ekki er hins vegar útilokað að þriðji aðili eigi rétt á skaðabótum á grundvelli bæði sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitandaábyrgð vegna saknæmrar háttsemi stjórnenda. Umfjöllunarefni þessarar ritgerðar snýr hins vegar að persónulegri bótaábyrgð stjórnenda og fellur því frekari umfjöllun um regluna um vinnuveitandaábyrgð utan viðfangsefnis þessarar ritgerðar.

4 STJÓRNKERFI FÉLAGA OG LÍFEYRISSJÓÐA

4.1 Almennt

Þrír hópar standi að baki hlutafélagi; hluthafar sem eigendur, félagsstjórn og framkvæmdastjórn sem stjórn félags og loks starfsmenn.³³ Félög eru lögaðilar og þurfa eðli málsins samkvæmt einstaklinga til þess að taka ákvarðanir fyrir hönd þess. Félög komast þar af leiðandi ekki upp með annað en að einstaklingar standi í fyrirsvari fyrir það. Hlutafélagaréttur hér á landi byggir á tvískiptu stjórnarkerfi sbr. 2. málsl. 1. mgr. 68. gr. hfl. Annars vegar er til staðar félagsstjórn, eins konar æðsta stjórn félags og hins vegar framkvæmdastjórn.³⁴ Danskur réttur byggir einnig á tvískiptu stjórnarkerfi þar sem gengið er út frá því að félagsstjórn og framkvæmdastjórn fari saman með stjórn félags.³⁵

Gildandi reglur, um hlutafélög annars vegar og einkahlutafélög hins vegar, eru að miklu leyti hinar sömu.³⁶ Í eftirfarandi umfjöllun verður því einungis tekið mið af viðeigandi ákvæðum hfl. og einungis vikið að ehfl. ef sérreglur gilda um þau sem útskýra þarf sérstaklega.

³¹ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 296.

³² sama heimild.

³³ Bernhard Gomard, *Aktieselskaber & anpartsselskaber* (5. útgáfa, Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2006) 237.

³⁴ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 290.

³⁵ Gomard (n. 33) 237.

³⁶ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 32.

4.1.1 Félagsstjórn

Í félagsstjórn hlutafélags skulu fæst sitja þrjú einstaklingar sbr. 1. mgr. 63. gr. hfl. Í lögunum er ekki að finna takmörk fyrir því hve margir geta setið í félagsstjórn svo lengi sem þeir eru að minnsta kosti þrjú. Dönsku hlutafélagalögin gera einnig ráð fyrir að félagsstjórn skuli samanstanda af að minnsta kosti þremur einstaklingum sbr. 2. mgr. 111. gr. dönsku hlutafélagalaganna.³⁷ Það kemur í hlut hluthafafundar að kjósa félagsstjórn sbr. 2. mgr. 63. gr. hfl. Frá þessari reglu má þó víkja í samþykktum og heimila stjórnvöldum eða öðrum að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn sbr. 2. másl. 2. mgr. 63. gr. hfl. Meirihluti stjórnar verður þó ávallt að vera kjörinn af hluthafafundi og eru rökin þau að passa að taka ekki of mikil völd af hluthafafundi.³⁸ Dönsku hlutafélagalögin eru sambærileg að þessu leyti, sbr. 1. mgr. 111. gr. dönsku laganna.³⁹ Kjörtímabil félagsstjórnar er ákveðið í samþykktum félags. Því skal þó vera lokið við lok aðalfundar, í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið sbr. 8. mgr. 63. gr. hfl. Ákvæðið er sett til þess að tryggja endurnýjun félagsstjórnar. Það kemur hins vegar ekki í veg fyrir endurkjör sömu einstaklinga.⁴⁰

Félagsstjórn hlutafélags er ekki starhæf nema stjórnarformaður sé jafnframt í forstöðu fyrir hana. Ræðst það einkum af því að sérstakar lögboðnar skyldur hvíla á stjórnarformanni sem hann einn getur fullnægt.⁴¹ Félagsstjórn á að kjósa sér formann nema ákvæði í samþykktum félags geri ráð fyrir að hluthafafundur kjósi stjórnarformann sbr. 1. mgr. 70. gr. hfl.

Einkahlutafélög eru frábrugðin hlutafélögum að því leyti að einn maður getur setið í félagsstjórn þess, sbr. 1. mgr. 39. gr. ehfl. Þá er valkvætt fyrir stjórn einkahlutafélags að ráða framkvæmdastjóra sbr. 1. mgr. 41. gr. ehfl. Auk þess getur stjórnarmaður einkahlutafélags jafnframt verið framkvæmdastjóri þess ef hann situr einn í stjórn sbr. 3. mgr. 41. gr. ehfl. Í dönskum einkahlutafélögum er að finna sambærilegan mun á hlutafélögum og einkahlutafélögum, það er að einkahlutafélög geta verið með félagsstjórn og framkvæmdastjórn eða einungis félagsstjórn. Þá getur stjórnarmaður jafnframt verið framkvæmdastjóri.⁴²

³⁷ LBK 2015-09-14 nr. 1089 om aktie- og anpartsselskaber (Selskabsloven).

³⁸ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 293.

³⁹ LBK 2015-09-14 nr. 1089 om aktie- og anpartsselskaber (Selskabsloven).

⁴⁰ Alþt. 1977-78, A-deild, 383, 455.

⁴¹ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 301.

⁴² Gomard (n. 33) 245.

4.1.2 Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjóri er næstur fyrir neðan félagsstjórn í stjórnkerfi félaga. Í daglegu máli er oft rætt um „forstjóra“ í stað framkvæmdastjóra en félög notast frekar við starfstítilinn „framkvæmdastjóri“ fyrir undirmenn forstjóra en þessir „framkvæmdastjórar“ gegna þá eins konar yfirmannsstöðu tiltekinna sviða félags. Mikilvægt er að geta þess þegar rætt er um „forstjóra“ er raunar um að ræða framkvæmdastjóra í skilningi hfl. Í eftirfarandi umfjöllun verður því notast við títilinn framkvæmdastjóri í stað forstjóra.

Það kemur í hlut félagsstjórnar að ráða framkvæmdastjóra sbr. 1. mgr. 65. gr. hfl. Framkvæmdastjórar geta verið einn til þrjú nema samþykktir félags kveði á um að fleiri aðilar geti verið framkvæmdastjórar. Félagsstjórn hefur eftirlit með framkvæmdastjóra en framkvæmdastjóra ber að fara eftir stefnu og fyrirmælum félagsstjórnar í störfum sínum sbr. 2. mgr. 68. gr. hfl. Vegna þessa getur meiri hluti stjórnar ekki jafnframt setið í framkvæmdastjórn sbr. 2. mgr. 65. gr. hfl. Þá getur framkvæmdastjóri aldrei verið formaður stjórnar sbr. 1. mgr. 70. gr. hfl. Slík staða kæmi í veg fyrir virkt eftirlit félagsstjórnar með framkvæmdastjóra.⁴³

Á framkvæmdastjóra hvíla ýmsar lögboðnar skyldur og nýtur hann ýmissa réttinda skv. hfl. Mikilvægt er að átta sig á því hver teljist framkvæmdastjóri í skilningi hfl. þar sem félag getur ráðið til sín starfsmenn og gefið þeim starfsheitið framkvæmdastjóri, til að mynda framkvæmdastjóri tiltekins útibús félagsins eða deildar, án þess að teljast framkvæmdastjóri í skilningi hfl. Íslenskir fræðimenn ganga út frá því að einungis þeir sem félag hefur tilkynnt til Hlutfélagaskrár að séu framkvæmdastjórar bera þær skyldur og njóta þeirra réttinda sem kveðið er á um í hfl. og vikið verður nánar að í kafla 5.⁴⁴ Danskir fræðimenn nálgast þetta frá hinni hliðinni, það er, einungis sá sem fer með æðstu daglegu stjórn félags skal tilkynntur til Hlutfélagaskrár sem framkvæmdastjóri.⁴⁵ Þannig virðist fyrst litið til þeirra skyldna og réttinda sem hvíla á viðkomandi starfsmanni. Ef skyldurnar og réttindin eru í samræmi við skyldur og réttindi framkvæmdastjóra skv. hlutfélagalöggjöfinni þá er hann framkvæmdastjóri í skilningi laganna og ber að tilkynna hann sem slíkan. Þannig telja danskir

⁴³ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 310.

⁴⁴ sama heimild.

⁴⁵ Gomard (n. 33) 260.

fræðimenn að ef skyldurnar og réttindin fela ekki í sér æðstu daglegu stjórn félags er óheimilt að tilkynna viðkomandi sem framkvæmdastjóra.⁴⁶

Í ljósi þess að félagsmenn hlutafélaga bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags sbr. 2. mgr. 1. gr. hfl. verður að telja réttast að hafa hliðsjón af hagsmunum viðsemjenda hlutafélags þegar metið er hver teljist framkvæmdastjóri félags. Þeir verða að geta aflað upplýsinga um hver standi í fyrirsvari fyrir viðkomandi félag. Engin vafi má leika á því hver teljist framkvæmdastjóri félags, hvorki hjá framkvæmdastjóranum sjálfum né viðsemjendum félags. Verður því að ganga út frá því að tilkynning félags til hlutafélagaskrár marki grunninn að því að viðkomandi teljist framkvæmdastjóri í skilningi hfl. og beri þær skyldur og njóti þeirra réttinda sem þar er kveðið á um. Má hér einnig vísa til **Hrd. 201/2011** sem snerist um takmörkun á umboði framkvæmdastjóra hlutafélags til þess að koma fram fyrir hönd félagsins út á við. Í dómi Hæstaréttar kom fram að ekki yrði lögð sú skylda á viðsemjanda hlutafélags að kynna sér gögn sem sneru inn á við t.a.m. ráðningarsamning. Að sama skapi má hér einnig vísa til **Hrd. 38/2006** þar sem skráning hjá Hlutafélagaskrá ein og sér réði því ekki hvort viðkomandi teldist framkvæmdastjóri í skilningi hfl. en dómurinn er reifaður í kafla 8.1.2.

Ef einstaklingur er ráðinn til félags og fær starfsheitið framkvæmdastjóri án þess þó að vera tilkynntur til hlutafélagaskrár sem framkvæmdastjóri, fer um réttindi og skyldur hans samkvæmt ráðningarsamningi á milli félagsins og starfsmannsins.⁴⁷ Þetta þýðir að ábyrgð þessa aðila fer ekki eftir 134. gr. hfl. heldur myndi slík ábyrgð þurfa að byggja á sakarreglunni.

4.2 Önnur félagaform og lífeyrissjóðir

4.2.1 Sameignarfélög

Sameignarfélög eru ólík hlutafélögum og einkahlutafélögum að því leyti að samstarf félagsmanna byggir á nánu sambandi þeirra á milli þar sem þeir bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum félags. Þar af leiðandi er engin þörf á formlegu stjórnkerfi líkt og í tilviki þeirra félaga þar sem hluthafar bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags. Í stað formlegs stjórnkerfis eru það félagsmenn sjálfir sem taka ákvarðanir um málefni félagsins og eru í forsvari fyrir það.⁴⁸ Í sameignarfélögum er það

⁴⁶ sama heimild.

⁴⁷ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 310.

⁴⁸ Alþt. 2006-07, A-deild, 943, 958-959.

félagsfundur sem fer með æðsta vald í málefnum félagsins sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 50/2007 (hér eftir „sfl.“). Félagsfundur ræður því hvort stjórn er skipuð í sameignarfélagi sbr. 1. mgr. 13. gr. sfl. Ef félagsfundur ákveður að skipa stjórn hefur félagsstjórn mikilvægu hlutverki að gegna. Henni ber að sjá til þess að rekstur félagsins og meðferð fjármuna þess sé á hverjum tíma í réttu og góði horfi sbr. 2. mgr. 13. gr. sfl. og veita félagsmönnum upplýsingar um starfsemi félagsins sbr. 2. mgr. 20. gr. sfl. svo dæmi séu nefnd. Þá er mikilvægt að nefna að ef stjórn er skipuð í sameignarfélagi er félagsmönnum óheimilt að gera nokkuð sem heyrir undir verk svið stjórnar eða framkvæmdastjóra sbr. 2. mgr. 19. gr. sfl.

Félagsfundur, eða félagsstjórn ef hún hefur verið kosin, getur ráðið framkvæmdastjóra sbr. 1. mgr. 17. gr. sfl. Ef bæði félagsstjórn og framkvæmdastjóri eru til staðar í sameignarfélagi er ljóst að stjórnkerfi slíks félags samræmist hinu lögboðna tvískipta stjórnkerfi sem finna má í hlutafélögum. Hlutverk framkvæmdastjóra er að annast daglegan rekstur félagsins sbr. 1. mgr. 17. gr. sfl. og ber honum að fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn eða félagsfundur hefur gefið honum. Hlutverk framkvæmdastjóra samkvæmt sfl. er sambærilegt hlutverki framkvæmdastjóra í hlutafélagi. Um hlutverk og skyldur framkvæmdastjóra í sameignarfélagi vísast því til síðari umfjöllunar um skyldur framkvæmdastjóra í hlutafélagi í kafla 5.4.

Í 44. gr. sfl. er að finna sérstaka bótareglu um skaðabótaábyrgð stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra. Í ákvæðinu segir að stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hann veldur félaginu, einstökum félagsmönnum eða öðrum í störfum sínum hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar félagsmaður eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laganna eða félagssamningi. Ákvæðið svipar til 134. gr. hfl. og vísast því til umfjöllunar um það ákvæði í kafla 6.

4.2.2 Samvinnufélög

Stjórnkerfi samvinnufélaga svipar til hlutafélaga. Þannig er stjórn samvinnufélags kjörin á aðalfundi og skal hún skipuð þremur mönnum hið fæsta sbr. 1. mgr. 27. gr. laga um samvinnufélög nr. 22/1991 (hér eftir „svfl.“). Stjórn getur sjálf skiptir með sér verkum nema samþykktir félags kveði á um annað sbr. 3. mgr. 27. gr. svfl. Stjórn samvinnufélags ræður framkvæmdastjóra sbr. 2. mgr. 28. gr. svfl. Hlutverk og skyldur framkvæmdastjóra samvinnufélags er sambærilegt hlutverki og skyldum framkvæmdastjóra hlutafélags. Vísast

því til kafla 5.4. þar um. Þá er hlutverk félagsstjórnar samvinnufélags sambærilegt hlutverki félagsstjórnar hlutafélags og vísast því til síðari umfjöllunar um skyldur félagsstjórnar í kafla 5.1. og 5.2.

Í 74. gr. svfl. er að finna sérstakt skaðabótaákvæði um ábyrgð stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Ákvæðið er efnislega eins og 44. gr. sfl. sem og 134. gr. hfl. og vísast því til umfjöllunar í kafla 6.

4.2.3 Lífeyrissjóðir

Til þess að lífeyrissjóður geti fengið starfsleyfi verður stjórn að hafa verið valin sbr. 3. tl. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (hér eftir „ssl.“). Um hlutverk stjórnar, fjölda stjórnarmanna, kjörtímabil þeirra og hvernig vali þeirra skuli háttað skal kveðið á um í samþykktum lífeyrissjóðs sbr. 5. tl. 2. mgr. 27. gr. ssl. Líkt og í tilviki hlutafélaga og samvinnufélaga þarf stjórn lífeyrissjóðs að vera skipuð af minnst þremur einstaklingum. Aðalreglan um skyldu stjórnar lífeyrissjóðs er að finna í 29. gr. ssl. Þar er kveðið á um að stjórn beri ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við ssl., reglugerðir settar skv. ssl. og samþykktir sjóðsins. Þá ber stjórn að hafa eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins. Stjórn ásamt framkvæmdastjóra ber að semja ársreikning fyrir hvert ár en með ársreikningnum skal fylgja skýrsla stjórnar sbr. 40. gr. ssl. Um skyldur og verkefni stjórnar og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs vísast að öðru leyti til ssl., einkum 3. mgr. 29. gr. ssl.

Ekki er að finna sérstaka bótareglu í ssl. um skaðabótaábyrgð stjórnar eða framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs. Komi til þess að stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs verði persónulega krafinn um skaðabætur vegna tjóns sem hann veldur í tengslum við starf sitt myndi slík skaðabótaábyrgð grundvallast á sakarreglunni. Má um það vísa til **Hrd. 482/2003**. Í málinu höfðaði Lífeyrissjóður Austurlands skaðabótamál gegn fyrrverandi framkvæmdastjóra þess. Lífeyrissjóðurinn hélt því fram að hann hefði orðið fyrir tjóni vegna lánveitingar framkvæmdastjórans til fyrirtækisins B, en B var tekið til gjaldþrotaskipta stuttu síðar og ekkert fékkst greitt upp í kröfu sjóðsins við gjaldþrotaskiptin. Í málinu byggði sjóðurinn á sakarreglunni, það er að framkvæmdastjórinn hafi brotið starfsskyldur sínar „með sagnæmum og ólögætum hætti“ og þannig valdið sjóðnum tjóni og jafnframt að „tjónið sé sennileg afleiðing af ákvörðun stefnda“. Má hér einnig vísa til **Héraðsdóms Reykjavíkur í máli**

nr. E-2942/2014 en í málinu hafði lífeyrissjóðurinn Lífsverk uppi skaðabótakröfu gegn fyrrverandi stjórnarmönnum þess vegna ólögmætrar fjárfestingar stjórnarmannanna í lánshæfistengdum skuldabréfum. Byggði sjóðurinn á sakarreglunni, það er að fjárfestingarnar hafi verið „sagnæmar og ólögmætar og valdið stefnanda tjóni, sem stefndu beri ábyrgð á gagnvart stefnanda á grundvelli sakarreglunnar“.

5 SKYLDUR OG HLUTVERK STJÓRNENDA

Þegar til skaðabótaábyrgðar stjórnenda kemur er það sem fyrr vegna þess að viðkomandi stjórnandi hefur sýnt af sér sagnæma háttsemi. Hún getur falist í því að stjórnandi hefur viðhaft háttsemi sem hann átti ekki að viðhafa eða ekki viðhaft háttsemi sem honum bar að viðhafa. Hér má því spyrja sig hvað það er sem stjórnanda ber að gera í starfi sínu sem stjórnandi, það er hverjar eru skyldur hans og hlutverk. Eftirfarandi umfjöllun lýtur að hlutverki og skyldum stjórnenda og verður henni skipt niður eftir skyldum félagsstjórnar, skyldum stjórnarformanns og skyldum framkvæmdastjóra.

Það er hluthafafundur sem fer með æðsta valdið í málefnum hlutafélags skv. 1. mgr. 80. gr. hfl. Þrátt fyrir það kemur það í hlut félagsstjórnar og framkvæmdastjóra að fara með stjórn félags sbr. 1. mgr. 68. gr. hfl. Í þessu felst að ábyrgð á rekstri félags er í höndum þessara stjórnareininga.⁴⁹

Félagsstjórn er æðri stjórnareining heldur en framkvæmdastjórn,⁵⁰ en framkvæmdastjórn ber að fara eftir stefnu og fyrirmælum félagsstjórnar. Má því segja að félagsstjórn hafi eftirlit með framkvæmdastjórn.⁵¹ Í 1. mgr. 68. gr. hfl. er að finna meginreglu um það hvað felst í starfi félagsstjórnar. Félagsstjórn fer með málefni félags og skal annast um að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Það er nánast ómögulegt að telja upp með tæmandi hætti allar þær ákvarðanir sem félagsstjórn ber að taka en í ákvæðinu felst almennt að stjórn ber að taka allar ákvarðanir um málefni félags nema hfl. eða samþykktir félags gerir ráð fyrir að aðrir taki slíka ákvörðun, t.d. hluthafafundur.⁵² Raunar hefur í fræðiritum verið gengið langt og sagt að stjórn hafi síðasta orðið um öll þau mál sem hún kærir sig um að taka afstöðu til,

⁴⁹ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 306.

⁵⁰ Árni Harðarson, „Skaðabótaábyrgð stjórnenda hlutafélaga“ (1994) 3 Úlfliótur 273, 276.

⁵¹ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 307.

⁵² sama heimild.

svo lengi sem ekki þurfi að leggja málefnið fyrir hluthafafund.⁵³ Ekki verður gengið svo langt hér enda gera hfl. og samþykktir ráð fyrir að ýmis málefni félaga fái tiltekna meðferð án aðkomu félagsstjórnar. Má sem dæmi nefna að félagsstjórn getur ekki skipt sér af meðferð hluta í félaginu, t.a.m. viðskiptahömlum með hluti í félaginu, enda ber að kveða á um slíkar hömlur í samþykktum félags sbr. 21. gr. hfl. og ekki ber félagsstjórn að leggja ágreining um meðferð hluta í félagi fyrir hluthafafund.

Margs konar lögbundnar skyldur hvíla á félagsstjórn skv. ákvæðum hfl. og ákvæðum annarra laga. Erfitt er að gera þeim öllum skil í ritgerð sem þessari. Af því leiðir að eftirfarandi umfjöllun verður takmörkuð við helstu verkefni félagsstjórnar samkvæmt ákvæðum hfl. Verkefnum stjórnar hefur verið skipt í almenn og sérstök verkefni og verður til einföldunar stuðst við þá skiptingu hér eftir.⁵⁴ Verður þessum verkefnum nú gerð skil.

5.1 Almennar skyldur félagsstjórnar

Almenn verkefni félagsstjórnar eru í fyrsta lagi að móta stefnu félagsins, í öðru lagi hefur stjórn eftirlitshlutverki að gegna, í þriðja lagi að taka afstöðu í öllum stærri málum félags og í fjórða lagi að koma fram fyrir hönd félags út á við.⁵⁵

Félagsstjórn ber að móta stefnu félags.⁵⁶ Með því að móta stefnu félags er félagsstjórn að horfa á starfsemi félags til lengri tíma, það er móta langtíma markmið þess og taka ákvarðanir í stærri málum.⁵⁷ Hefur þessu verið lýst svo að félagsstjórn fari með langtímastjórn félags en framkvæmdastjórn með daglega stjórn þess.⁵⁸ Þetta þarf félagsstjórn að gera með hliðsjón af fyrirmælum hluthafafundar sem og samþykktum félags,⁵⁹ enda fer hluthafafundur með æðsta vald félags og getur félagsstjórn ekki mótað stefnu félags án aðkomu hluthafa með einum eða öðrum hætti.

⁵³ Árni Harðarson (n. 50) 277.

⁵⁴ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 307–309.

⁵⁵ sama heimild 308.

⁵⁶ Páll Skúlason, *Hugvekja og handbók fyrir stjórnarmenn og framkvæmdastjóra í félögum* (Sleipnir 1999) 35.

⁵⁷ Árni Harðarson (n. 50) 277.

⁵⁸ Noe Munck og Lars Hedegaard Kristensen, *Selskabsformerne : lærebog i selskabsret* (6.útg., Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2010) 275.

⁵⁹ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 308.

Stefna félags er grunnur að eftirlitshlutverki félagsstjórnar með framkvæmdastjórn,⁶⁰ en eftirlit með framkvæmdastjórn er eitt af almennum verkefnum félagsstjórnar.⁶¹ Eftirlitshlutverk félagsstjórnar er þó víðtækara og nær einnig til eftirlits með bókhaldi, meðferð fjármuna og starfsemi félags.⁶² Félagsstjórn ber að annast að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félags sbr. 3. mgr. 68. gr. hfl. Það er hins vegar í höndum framkvæmdastjóra að sjá til þess að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur sbr. 4. mgr. 68. gr. hfl.

Eftirlitsskylda félagsstjórnar nær einnig til þess að kynna sér öll mikilvæg málefni félags og til þess að hún geti þannig, ef á reynir, tekið rétta ákvörðun um málefni félags.⁶³ Stjórnarmenn geta þannig borið skaðabótaábyrgð ef vanræksla þeirra á eftirliti veldur tjóni.⁶⁴ Í fræðiritum hefur jafnvel verið gengið út frá því að vegna ríks eftirlitshlutverks stjórnar getur félagsstjórn orðið meðábyrg með framkvæmdastjóra þess vegna þess að eftirliti var ábótavant.⁶⁵ Þá er átt við að sagnæm háttsemi félagsstjórnar felst í vanrækslu á eftirliti en sagnæm háttsemi framkvæmdastjórans á öðru og ótengdu því, til að mynda misnotkun á aðstöðu. Í þessu samhengi má líta til **Ufr 1997/283**. Málsatvik voru þau að stjórnarmaður hafði sagt sig úr stjórn félags vegna trúnaðarbrests við framkvæmdastjóra þess. Í tæpt ár var framkvæmdastjórinn sá eini sem sat í stjórn félagsins en á sama tíma misnotaði hann stöðu sína sem leiddi til tjóns fyrir félagið. Hluthafar höfðuðu mál gegn stjórnarmanninum sem hafði sagt sig úr stjórn félagsins vegna þess að hann hafði ekki upplýst fjárfesta um hættuna sem stafaði af háttsemi framkvæmdastjórans. Stjórnarmaðurinn var dæmdur skaðabótaskyldur þar sem hann mátti vita af misnotkun framkvæmdastjórans. Dómurinn gefur til kynna að stjórnendur geta orðið bótaskyldir ef þeir sinna ekki eftirlitshlutverki sínu. Dómurinn er einnig áhugaverður fyrir þær sakir að hið eiginlega tjón má rekja til háttsemi framkvæmdastjórans, það er þeim sem stjórnandanum bar að hafa eftirlit með. Þá var niðurstaða Hæstaréttar í máli **Hrd. 104/1962** sambærileg. Um er að ræða refsímál sem er þó til leiðbeiningar um eftirlitsskyldu félagsstjórnar. Í málinu hafði félag staðið í ólöglegum innflutningi í þó nokkurn tíma og voru stjórnarmenn félagsins ákærðir vegna þess. Hæstiréttur sakfelldi

⁶⁰ Páll Skúlason (n. 56) 37.

⁶¹ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 308.

⁶² sama heimild.

⁶³ sama heimild 377.

⁶⁴ sama heimild.

⁶⁵ Páll Skúlason (n. 56) 42.

stjórnarmennina með þeim rökum að þeim bar að hafa eftirlit með rekstri félagsins. Þar sem hinn ólöglegi innflutningur hafði staðið yfir í langan tíma þótti sýnt fram á skort á eftirliti þeirra og þeir því sakfelldir.

Sem fyrr hvílir skylda á félagsstjórn að hafa eftirlit með fjárreiðum félags. Um það hve langt þessi eftirlitsskylda nær má líta til **Hrd. 326/1987**. Í málinu voru framkvæmdastjóri og stjórnarformaður hlutafélags ákærðir fyrir fjárdrátt en þeir höfðu haldið eftir af launum starfsmanna upp í opinber gjöld á árunum 1983 og 1984 og dregið félaginu þetta fé. Í ársreikningi félagsins fyrir árið 1983 kom fram að opinber gjöld voru í vanskilum. Hæstiréttur sakfelldi stjórnarformanninn með þeim rökum að honum bar sem stjórnarformanni að kynna sér hvaða gjöld þetta voru með vísan í 3. mgr. 52. gr. laga nr. 32/1978, það er hafa eftirlit með vanskilum á opinberum gjöldum.

Töluvert hefur reynt á refsíabýrgð stjórnenda fyrir dómstólum þar sem því er haldið fram að þeir hafi ekki sinnt eftirlitshlutverki sínu sem skyldi. Í þeim tilvikum bera stjórnarmenn því oft fyrir sig að þeim hafi verið ókunnugt um tiltekna stöðu innan félags eða ekki haft þekkingu eða aðkomu að rekstri þess. Um þessa málsástæðu verður sérstaklega fjallað í kafla 8.2.

Félagsstjórn ber að taka afstöðu í öllum meiriháttar málum nema hfl. eða samþykktir félags geri ráð fyrir að hluthafafundur taki slíka ákvörðun.⁶⁶ Erfitt er að festa hendur á það nákvæmlega hvaða ákvarðanir teljast meiriháttar. Í félagarétti er gengið út frá því að nokkuð svigrúm sé til staðar hvað varðar að meta hvort mál teljist meiriháttar eða almennt.⁶⁷ Hvort ákvörðun teljist meiriháttar veltur á ýmsum þáttum, t.d. eðli og stærð fyrirtækis.⁶⁸ Ganga má út frá því að mál teljist meiriháttar ef um er að ræða löggerning sem snýst um mikla fjárhagslega hagsmuni, ákvarðanir um stórar fjárfestingar eða breytingar á framleiðslu eða rekstri félags. Þá myndu ákvarðanir um kaup og sölu á fasteignum félags teljast meiriháttar.⁶⁹ Má hér vísa til **Hrd. 206/1999**. Í málinu var deilt um skaðabótaábyrgð stjórnenda vegna refsiverðrar háttsemi framkvæmdastjóra félags en framkvæmdastjórinn hafði framselt aflahlutdeild af fiskibáti án samþykkis veðhafa bátsins. Við mat á því hvort stjórnarmennirnir bæru skaðabótaábyrgð tók Hæstiréttur sérstaklega fram að um hafi verið að ræða mikils

⁶⁶ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 308.

⁶⁷ Gomard (n. 33) 242.

⁶⁸ sama heimild 243.

⁶⁹ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 312.

háttar ákvörðun enda var fiskibáturinn eina skip félagsins. Þrátt fyrir að framkvæmdastjórinn hafi tekið ákvörðunina gerði Hæstiréttur þá kröfu á stjórnarmennina að þeir hefðu vitneskju um mikils háttar ráðstafanir félagsins. Þar sem svo var ekki voru stjórnarmennirnir skaðabótaskyldir fyrir tjóni veðhafans. Hér virðist Hæstiréttur gera þá kröfu að stjórnarmenn séu upplýstir og meðvitaðir um allar mikils háttar ákvarðanir innan félags hvort sem þeir taki sjálfir ákvörðunina eða einhver annar innan félagsins. Verður að telja að Hæstiréttur leggi hér nokkuð ríkar kröfur á stjórnarmenn um að þeir séu upplýstir um allar mikilsháttar ákvarðanir enda getur t.a.m. framkvæmdastjóri tekið mikilsháttar ákvörðun upp á sitt einsdæmi án vitneskju og aðkomu félagsstjórnar, sem þó fæli líklega í sér sérstakt brot framkvæmdastjórans skv. 2. mgr. 68. gr. hfl. Þó má setja þann fyrirvara hér að í fyrrgreindu máli höfðu stjórnendurnir að einhverju leyti vitneskju um veðréttinn og þar með ákvörðunina sjálfa þar sem þau höfðu undirritað afsal bátsins sem kaupendur fyrir hönd félagsins á sínum tíma.

Loks ber félagsstjórn að koma fram út á við fyrir hönd félags og rita firma þess sbr. 1. mgr. 74. gr. hfl. Í þessu felst að félagstjórn getur komið fram fyrir hönd félags við samningsgerð og gerð annarra löggerninga ásamt því að koma fram fyrir hönd félags gagnvart dómstólum og öðrum stjórnvöldum.⁷⁰ Hér ber að geta þess að félagstjórn hefur þennan rétt óháð því hvort ritun firma tengist löggerningi sem einstakir stjórnarmenn voru ósammála um að gera eða greiddu atkvæði gegn á stjórnarfundum.⁷¹ Umfang ritunarréttarins er annað heldur en almennt gildir um umboð þar sem 1. mgr. 71. gr. hfl. heimilar félagstjórn að binda félagið í sérhverju tilliti.⁷² Ákvæðið felur þó ekki í sér umboð til þess að taka ákvarðanir sem hluthafafundur á að taka eða umboð til þess að gera löggerninga sem eru bannaðir með lögum.⁷³ Þá er ekki útilokað að umboðið skv. 1. mgr. 74. gr. hfl. sé einnig takmarkað af tilgangi félags, það er að félagstjórn geti ekki ráðist í gerð löggerninga sem fara gegn tilgangi félags. Í máli **Hrd. 201/2011** var deilt um það hvort framkvæmdastjóra hlutafélags hafi verið heimilt að binda félagið við ábyrgðaryfirlýsingu vegna kaupa á tilteknu félagi. Hæstiréttur skírskotaði til þess að við túlkun á reglunum í hfl. um rétt til ritunar firma yrði að hafa í huga að þeim var ætlað að tryggja réttaröryggi viðsemjanda hlutafélags í lögskiptum við það. Þegar metið er hvort

⁷⁰ Páll Skúlason, *Lög um hlutafélög með skýringum* (Sleipnir 1994) 97.

⁷¹ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 313.

⁷² sama heimild 315.

⁷³ sama heimild.

stjórnarmaður og eftir atvikum framkvæmdastjóri hefur farið út fyrir umboð sitt ber því að hafa viðsemjandann í huga og takmarka ástæður sem geta valdið ógildingu samnings sem er gerður í nafni félags.⁷⁴

Félagsstjórn getur veitt einstökum stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra eða öðrum rétt til að rita firma félags svo lengi sem samþykktir félags kveði ekki á um annað sbr. 2. mgr. 74. gr. hfl. Ritunarrétturinn getur því verið í höndum hvers og eins stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra fyrir sig. Eina takmörkunin sem er heimil á ritunarréttinum er að fleiri en einn skuli fara með réttinn í sameiningu sbr. 3. mgr. 74. gr. hfl. Ekki skiptir því máli hvort ritun firma tengist mikils háttar ráðstöfun eða einfaldri ráðstöfun þar sem litlir hagsmunir eru í húfi.⁷⁵

Þegar stjórnarmaður hefur ritað undir löggerning í nafni félags bindur sá löggerningur ekki stjórnarmanninn persónulega heldur félagið. Í ritinu Hlutafélagaréttur eftir Stefán Mát Stefánsson telur Stefán að þegar stjórnendur hlutafélags koma fram fyrir hönd félags, það er í krafti ritunarréttar skv. 1. mgr. 74. gr. hfl., þá verða þeir ekki persónulega ábyrgir vegna þeirra löggerninga sem þeir gera.⁷⁶ Virðist Stefán hér telja að einungis félagið sjálft geti borið skaðabótaábyrgð á slíkum löggerningum þar sem þeir eru gerðir í nafni félagsins en ekki nafni stjórnarmannsins. Líkt og áður hefur komið fram er ritunarréttur stjórnarmanns takmarkaður að því leyti að hann getur ekki undirritað löggerninga sem fara gegn lögum eða samþykktum félags eða gegn tilgangi félags. Í 76. gr. hfl. er að finna meginreglu um umboð félagsstjórnar en í ákvæðinu er sérstaklega kveðið á um að félagsstjórn, framkvæmdastjórn og aðrir þeir sem hafa heimild til þess að koma fram fyrir hönd félags mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Ritunarréttur félagsstjórnar takmarkast af þessari meginreglu. Í 2. mgr. ákvæðisins er enn frekar skert á ritunarrétti félagsstjórnar en þar segir að hvorki félagsstjórn né framkvæmdastjóri mega framfylgja ákvörðun hluthafafundar eða annarra stjórnunaraðila félagsins ef slík ákvörðun er ógild vegna þess að hún fer gegn lögum eða samþykktum félags. Stefán Mát túlkar 76. gr. hfl. svo að það sýni „glöggð að stjórnin ber ávallt sjálfstæða ábyrgð á gerðum sínum“⁷⁷. Það felst ákvæðin þversögn í því að halda því fram

⁷⁴ sama heimild.

⁷⁵ sama heimild 316.

⁷⁶ sama heimild 35.

⁷⁷ sama heimild 313.

að stjórnendur geti aldrei borið persónulega ábyrgð þegar þeir koma fram í nafni félagsins en halda því fram á sama tíma að stjórnendur beri sjálfstæða ábyrgð á gerðum sínum hvort sem þeir koma fram í nafni félagsins eða ekki. Ef stjórnarmaður framkvæmir ráðstöfun í andstöðu við 76. gr. hfl. getur það leitt til persónulegrar bótaábyrgðar hans og skiptir þá engu máli þó ráðstöfunin hafi verið gerð í nafni félagsins. Um það má vísa til **Hrd. 228/2009**. Í málinu höfðu stjórnarmenn Glitnis banka gert samninga í nafni bankans um kaup á hlutum í bankanum sjálfum sem hluthafinn B átti. V, annar hluthafi í bankanum, höfðaði mál gegn stjórnarmönnum bankans þar sem hann taldi að þeir hafi brotið gegn fyrrnefndri 76. gr. hfl. en V vildi meina að stjórnarmennirnir höfðu, í nafni bankans, keypt hlutféð af B á hærra verði heldur en markaðsvirði og þannig mismunað hluthöfum bankans. Hæstiréttur tók afstöðu til þess hvort stjórnarmennirnir hafi brotið gegn 76. gr. hfl. en útgangspunktur réttarins var sá hvort stjórnarmennirnir hafi brotið gegn fyrrgreindu ákvæði hfl. en ekki hvort það sé stjórnarmaðurinn persónulega eða félagið sem beri bótaábyrgð.

Ef stjórnarmenn gera ráðstafanir í nafni félags geta þeir sannanlega borið persónulega ábyrgð á slíkum ráðstöfunum ef þær stríða gegn lögum, félagssamþykktum, tilgangi félags eða öðrum takmörkunum sem ritunarrétti þeirra er settur. Þá verður að telja að stjórnarmenn geti í þessum tilvikum orðið bótaábyrgir bæði gagnvart félaginu sjálfu og þriðja aðila. Þó má geta þess að ef stjórnarmaður fer út fyrir heimildina sem hann hefur til þess að koma fram fyrir hönd félagsins þá veldur það ógildingu þess löggernings skv. 77. gr. hfl. Ógilding kemur þó ekki í veg fyrir að stjórnarmaður beri jafnframt skaðabótaábyrgð enda getur ógilding ein og sér ekki ávallt komið í veg fyrir tjón.

5.2 Sérstakar skyldur félagsstjórnar

Þegar rætt er um verkefni félagsstjórnar er meginverkefni hennar fólgið í trúnaðarskyldu.⁷⁸ Með trúnaðarskyldu er átt við að stjórnarmaður verður að hafa hagsmuni félagsins fyrir augum í allri ákvörðunartöku.⁷⁹ Felur það í sér að félagsstjórn verður að gæta þess að ekki skapist hættur sem stefna markmiðum hfl. í hættu eða að fjármunir félags færist til annarra aðila án traustra viðskiptalegra stoða.⁸⁰ Trúnaðarskyldan er ekki beinlínis orðuð í hfl. en mörg ákvæði laganna grundvallast á trúnaðarskyldunni. Má þar nefna 67. og 68. gr. hfl. Um 68. gr.

⁷⁸ sama heimild 327.

⁷⁹ Páll Skúlason (n. 56) 12.

⁸⁰ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 327.

hefur áður verið fjallað en í 67. gr. hfl. er að finna skyldu stjórnarmanna til þess að gefa félagsstjórninni skýrslu um hlutaeign sína í félaginu og félögum innan sömu samstæðu. Ástæða þessa ákvæðis er einkum sú að stjórnarmenn njóta sérstöðu hvað varðar öflun upplýsinga sem getur leitt til þess að þeir kaupi eða selji hlutabréf þegar þeir vita fyrirfram hvort verðhækkun eða lækkun sé framundan.⁸¹ Almennt má segja að trúnaðarskyldan komi í veg fyrir að stjórnarmenn geti tekið hagsmunni annarra, þ.á.m. þeirra eigin, fram yfir hagsmuni félagsins.⁸² Þrátt fyrir að trúnaðarskylduna sé að finna í ákvæðum hfl. er ekki útilokað að stjórnarmaður brjóti gegn trúnaðarskyldunni án þess þó að brjóta gegn sérstöku ákvæði hfl. Efni trúnaðarskyldunnar verður hins vegar óljósara þegar beinum lagaákvæðum sleppir.⁸³ Líkt og nánar verður rakið í kafla 6, er það ekki gert að skilyrði fyrir bótaábyrgð stjórnarmanns að hann hafi brotið gegn lögfestu ákvæði hfl. Þannig nær ábyrgð stjórnarmanns út fyrir það sem stendur berum orðum í lögnum.⁸⁴ Brot gegn ólögfestri trúnaðarskyldu getur því leitt til bótaábyrgðar með sama hætti og brot gegn ákvæðum hfl. svo lengi sem öll skilyrði bótaábyrgðar eru fyrir hendi.⁸⁵

Talið er að sérstök skylda hvíli á félagsstjórn til nákvæmara eftirlits með málefnum félags þegar það á í fjárhagslegum erfiðleikum.⁸⁶ Í samræmi við það má hér vísa til tveggja lagaákvæða. Annars vegar 5. mgr. 84. gr. hfl. um skyldu félagsstjórnar til þess að halda hluthafafund innan sex mánaða frá því að eigið fé samkvæmt bókum félags er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé þess. Á fundinum ber félagsstjórninni að gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu félagsins og leggja fram tillögur um nauðsynlegar ráðstafanir, þar á meðal um slit félagsins. Hins vegar er að finna sérstaka skyldu í 2. mgr. 64. gr. gþl. Ef félag getur ekki staðið í fullum skilum við lánaðrottna sína ber þeim, sem bær er um að taka ákvörðun um það, að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta. Ljóst er að þessi skylda hvílir á félagsstjórn sbr. 1. mgr. 105. gr. hfl. Ef félagsstjórn vanrækir þetta hlutverk sitt getur það leitt til skaðabótaskyldu ef lánaðrottnar fara á mis við fullnustu krafna sinna vegna þess.

⁸¹ Alpt. 1977-78, A-deild, 383, 458.

⁸² Stefán Már Stefánsson (n. 12) 327.

⁸³ sama heimild 328.

⁸⁴ Páll Skúlason (n. 56) 13.

⁸⁵ Sjá hér **Hrd. 615/2017** en í málinu reyndi á skaðabótaábyrgð framkvæmdastjóra vegna brots á trúnaðarskyldu.

⁸⁶ Árni Harðarson (n. 50) 278.

Að lokum ber að nefna þá skyldu félagsstjórnar að setja sér starfsreglur um framkvæmd starfa sinnar sbr. 5. mgr. 70. gr. hfl. Ákvæðinu er ætlað að sjá til þess að stjórnarmenn séu upplýstari um ábyrgð sína og skyldur. Starfsreglur félagsstjórnar geta haft mikla þýðingu, sér í lagi þegar metið er hvort tiltekin stjórnarmaður hafi brotið skyldur sínar.⁸⁷

5.3 Skyldur stjórnarformanns

Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. hfl. skal félagsstjórn kjósa sér formann nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann. Formaður má ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið heldur en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórn felur honum að vinna fyrir sig sbr. 5. másl. 1. mgr. 70. gr. hfl. Ákvæðið ber að túlka þröngt. Getur félagsstjórn því veitt formanni verkefni á sviði stefnumótunar og undirbúningi veigamikilla samninga en ekki verkefni sem réttilega eiga heima hjá öðrum stjórnareiningum, t.a.m. framkvæmdastjóra eða hluthafafundi.⁸⁸ Formaður félagsstjórnar þarf ekki að uppfylla önnur og meiri skilyrði heldur en aðrir stjórnarmenn.⁸⁹

Á honum hvíla þær lögboðnu skyldur að kveða til stjórnarfunda og sjá til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir til þeirra sbr. 2. mgr. 70. gr. hfl. Með sama hætti ber honum að setja hluthafafund sbr. 2. mgr. 90. gr. hfl. Burt séð frá lögboðnum skyldum hvíla á formanni einnig ólögfestar skyldur. Honum ber að stjórna stjórnarfundum, vera í fyrirsvari fyrir félagið við birtingu stefnu og annarra tilkynninga og vera tengiliður milli félagsstjórnar og framkvæmdastjóra.⁹⁰ Aðrar skyldur hefur formaður félagsstjórnar ekki nema samþykktir kveði sérstaklega á um þær.

5.4 Skyldur framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fer með stjórn félags ásamt félagsstjórn sbr. 1. mgr. 68. gr. hfl. Hlutverk framkvæmdastjóra er afmarkað í 2. mgr. sömu greinar en þar segir að framkvæmdastjóri skuli annast daglegan rekstur félags og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Framkvæmdastjóri er þar af leiðandi, sem fyrr, undir eftirliti félagsstjórnar en honum ber að mæta á stjórnarfundum og gefa félagsstjórn þær upplýsingar

⁸⁷ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 304.

⁸⁸ sama heimild 302.

⁸⁹ Árni Harðarson (n. 50) 278.

⁹⁰ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 302.

sem hún óskar eftir.⁹¹ Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur. Ekki er sérstaklega kveðið á um það í hfl. hvað telst til daglegs rekstrar og ræðst það því af atvikum hverju sinni. Verður í þeim efnum að líta til umfangs og eðlis starfseminnar sem og venja á viðkomandi sviði.⁹² Í 2. mgr. 68. gr. hfl. er hins vegar að finna lögbundna takmörkun á því hvað telst til daglegs rekstrar en hann tekur ekki til óvenjulegra eða mikils háttar ráðstafana. Um mörkin á því hvað fellur undir daglegan rekstur og hvað telst til mikils háttar ráðstafana má vísa til umfjöllunar um skyldu félagsstjórnar til ákvarðanatöku í mikils háttar ráðstöfunum. Þó getur framkvæmdastjóri tekið ákvörðun í stærri málum ef félagsstjórn hefur veitt honum heimild til eða ef ekki er unnt að bíða ákvörðunar félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins sbr. 3. másl. 2. mgr. 68. gr. hfl.

Þá hvílir á framkvæmdastjóra skylda skv. 3. mgr. 68. gr. hfl. um að sjá til þess að bókhald félags sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Ákvæðið felur í raun ekki í sér neina viðbótar skyldu þar sem skylda skv. 3. mgr. 68. gr. fellur undir daglegan rekstur.⁹³ Reglan felur í sér ítrekun á því að framkvæmdastjóri þekki til bókhaldslegrar stöðu félags og geti tekið ákvarðanir um einstakar bókahaldsfærslur.⁹⁴

6 ÁKVÆÐI 134.GR. HFL. – NORRÆNN SAMANBURÐUR

Í XV. kafla hfl. er að finna ákvæði um skaðabætur. Meginreglan er í 134. gr. hfl. en ákvæðið er svo hljóðandi:

Stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur og skoðunarmenn hlutafélags, svo og matsmenn og rannsóknarmenn, eru skyldir að bæta hlutafélagi það tjón, er þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Sama gildir þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum félags.

Hluthafi er skyldur til að bæta tjón sem hann af ásetningi eða stórfelldu gáleysi hefur valdið félaginu, öðrum hluthöfum eða þriðja aðila með broti á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Bótafjárhæð má færa niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika.

⁹¹ sama heimild 311.

⁹² sama heimild.

⁹³ Árni Harðarson (n. 50) 280.

⁹⁴ Jan Kobbarnagel, *Direktøren: En håndbog for erhvervslivets ledere* (2. útg., København 1974) 166.

Líkt og ákvæðið gefur til kynna er bótareglan öðruvísi eftir því hver tjónþoli er. Ef tjónþoli er félagið sjálft þá geta stjórnendur borið skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda félaginu, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi, óháð því hvort um sé að ræða brot gegn hlutafélagalöggjöfnni eða öðrum ólögfestum skyldum. Ef tjónþoli er hins vegar hluthafi eða einhver annar þá kemur bótaábyrgð á grundvelli ákvæðisins til greina ef stjórnendur hafa brotið gegn ákvæðum hlutafélagalaga eða samþykktum félagsins. Þessi aðgreining hefur hins vegar takmarkaða þýðingu þar sem stjórnendur geta borið skaðabótaábyrgð gagnvart hluthöfum eða öðrum á grundvelli hinnar ólögfestu sakarreglu.⁹⁵

6.1 Norrænn réttur

Allt frá fyrstu hlutafélaglöggjöfnni hefur löggjöfin á sviði félagaréttar verið í samræmi við löggjöf annarra Norðurlanda. Þannig var fyrsta hlutafélagalöggjöfin hér á landi, lög nr. 77/1921, í samræmi við þágildandi dönsku hlutafélagalögin frá árinu 1917. Þetta er enn staðan í dag þar sem Norðurlandaráð hefur um langt skeið stuðlað að samræmdri hlutafélagalöggjöf Norðurlandanna.⁹⁶ Eðlilegt er því að líta til norrænnar réttarframkvæmdar, einkum í Danmörku, þegar ekki er til staðar íslenskt dómafordæmi eða þegar íslenskur félagaréttur þarfnast frekari skýringar.

6.1.1 Danskur réttur

Ný dönsk hlutafélagalöggjöf tók gildi í mars 2010 en hún gildir bæði um hlutafélög og einkahlutafélög.⁹⁷ Þrátt fyrir nýja löggjöf á sviði félagaréttar leiddi hún ekki til neinnar efnislegrar breytingar á ákvæðum laganna um bótaábyrgð stjórnenda.⁹⁸ Í 22. kafla laganna er að finna ákvæði um skaðabætur en 1. mgr. 361. gr. er svohljóðandi:

Stiftere og medlemmer af ledelsen, som under udførelsen af deres hverv forsætligt eller uagtsomt har tilføjet kapitalselskabet skade, er pligtige til at erstatte denne. Det samme gælder, når skaden er tilføjet kapitalejere eller tredjemand.

Líkt og sjá má er ákvæðið nánast samhljóða 134. gr. íslensku hfl. þó með þeirri undantekningu að hið sama gildir um bótaábyrgð gagnvart félaginu sjálfu og hluthöfum og öðrum. Þannig er

⁹⁵ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 373.

⁹⁶ sama heimild 25–26.

⁹⁷ LBK 2015-09-14 nr. 1089 om aktie- og anpartsselskaber (Selskabsloven).

⁹⁸ Erik Werlauff, „Boards of Directors’ and Management’s Liability in Law in Denmark: The Written Standard’s Gradual Superseding of the Unwritten“ (2011) 8 (6) European Company Law 240, 240.

ekki er að finna sömu takmörkun á bótaábyrgð gagnvart hluthöfum og öðrum að um brot gegn lögum eða samþykktum félags þurfi að vera ræða. Þetta er eðlilegri nálgun heldur en í 134. gr. íslensku hfl. þar sem takmörkunin í íslenska ákvæðinu hefur í raun enga þýðingu og er jafnframt í ósamræmi við lögskýringargögn um að ákvæðið feli í sér lögfestingu á sakarreglunni. Sambærilega takmörkun var að finna í eldri dönsku hlutafélagalöggjöfinni og sætti hún gagnrýni, einkum þar sem hún var í ósamræmi við sakarregluna og jafnframt lögskýringargögn að baki reglunni sem kváðu á um að ákvæðið fæli í sér lögfestingu á sakarreglunni.⁹⁹ Líkt og í tilviki 134. gr. íslensku hfl. grundvallast 361. gr. dönsku laganna á sakarreglunni.¹⁰⁰ Þegar ákvæði um skaðabótaábyrgð stjórnenda kom fyrst inn í danska löggjöf var tilgangurinn sá að formfesta bótaábyrgð stjórnenda með það í huga að ákvæðið yrði til leiðbeiningar um ábyrgð þeirra og gegndi jafnframt varnaðarhlutverki.¹⁰¹ Lögfestingin leiddi hins vegar ekki til þess að skýra réttarstöðu stjórnenda frekar þar sem sakarhugtakið var áfram jafn sveigjanlegt og óljóst varðandi bótaábyrgð þeirra.¹⁰²

6.1.2 Norskur réttur

Núgildandi norsku hlutafélagalögin tóku gildi árið 1997.¹⁰³ Í 17. kafla norsku laganna er að finna ákvæði um skaðabætur en ákvæði 17.1. gr. er svohljóðandi:

Selskapet, aksjeeier eller andre kan kreve at daglig leder, styremedlem, medlem av bedriftsforsamlingen, gransker eller aksjeeier erstatter skade som de i den nevnte egenskap forsettlig eller uaktsomt har voldt vedkommende.

Selskapet, aksjeeier eller andre kan også kreve erstatning av den som forsettlig eller uaktsomt har medvirket til skadevolding som nevnt i første ledd. Erstatning kan kreves av medvirkeren selv om skadevolderen ikke kan holdes ansvarlig fordi han eller hun ikke har utvist forsett eller uaktsomhet.

Ákvæði 1. málsgreinar ákvæðisins er efnislega eins og 1. mgr. 134. gr. íslensku hfl. en líkt og með dönsku lögin er þó ekki gerður greinarmunur á bótaábyrgð gagnvart félaginu annars vegar og hluthöfum og öðrum hins vegar. Ákvæðið er hins vegar frábrugðið bæði 134. gr. íslensku hfl. sem og 361. gr. dönsku laganna að því leyti að 2. málsgrein ákvæðisins kveður á um að einnig sé hægt að koma fram ábyrgð annarra aðila sem urðu meðvaldir að tjóni. Ákvæðið tekur því til fleiri aðila heldur en einungis stjórnenda félags. Ákvæðið getur þannig

⁹⁹ Bernhard Gomard, „Board Members’ Liability For Damages“ (1984) 28 Scandinavian Studies in Law 43, 55.

¹⁰⁰ Paul Krüger Andersen, *Aktie- og anpartsselskabsret* (12. útg., Kbh : Nota 2013) 494.

¹⁰¹ Gomard (n. 99) 50.

¹⁰² sama heimild.

¹⁰³ LOV-1997-06-13-44 om aksjeselskaper (aksjeloven).

náð til annarra starfsmanna félags, t.d. millistjórnenda sem ekki teljast framkvæmdastjórar í skilningi hfl., hafi þeir sýnt af sér skaðabótaskylda háttsemi. Þetta getur haft sérstaka þýðingu þar sem lögbundnar takmarkanir á borð við 23. gr. íslensku skaðabótaganna hafa verið taldar ná til almennra starfsmanna félags en ekki æðstu stjórnenda. Vísast nánar til kafla 8.4. þar sem fjallað er um þýðingu 23. gr. skaðabótaga.

6.2 1. mgr. 134. gr. hfl. – Skaðabótaábyrgð gagnvart félaginu

Stjórnendur bera bótaábyrgð gagnvart félaginu ef þeir, í störfum sínum valda félaginu tjóni, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Þetta felur í sér að ef stjórnendur sinna skyldum sínum með fullnægjandi hætti þá verða þeir ekki gerðir bótaábyrgir.¹⁰⁴ Grundvöllur bótaábyrgðar þeirra sem nefndir eru í framangreindu ákvæði er saknæmi, það er háttsemi sem viðhöfð er af ásetningi eða gáleysi. Í lögskýringargögnum kemur fram að ákvæðið feli í sér tilvísun til almennra skaðabótareglna en með ákvæðinu sé einungis lögð áhersla á bótaábyrgð stjórnendur hlutafélaga.¹⁰⁵ Ákvæðið gerir það ekki að skilyrði fyrir bótaábyrgð að viðkomandi stjórnandi hafi brotið gegn reglum hfl. eða samþykktum félags. Þrátt fyrir það eru löggin og samþykktir félagsins til leiðbeiningar um hvort viðkomandi stjórnandi hafi brotið gegn skyldum sínum en fræðimenn ganga flestir út frá því að brot gegn skráðri hátternisreglu leiði til strangara sakarmats en ella.¹⁰⁶

Það er í höndum hluthafafundar að taka ákvörðun um hvort félag skuli hafa uppi skaðabótakröfu gegn stjórnanda þess, sbr. 1. mgr. 135. gr. hfl. Félagsstjórn getur því ekki tekið ákvörðun um að hafa uppi skaðabótakröfu gegn einstökum stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra nema slík ákvörðun hafi verið samþykkt af hluthafafundi. Samkvæmt 92. gr. hfl. nægir að einfaldur meiri hluti atkvæða samþykki að hafa uppi skaðabótakröfu gegn stjórnanda, nema öðruvísi sé mælt í samþykktum. Þessi ákvörðun hluthafafundur nær að sjálfsgöðu einungis til kröfu félagsins en ekki kröfu annarra aðila, t.a.m. einstakra hluthafa, telji þeir sig hafa orðið fyrir tjóni.¹⁰⁷ Sé þessum formreglum

¹⁰⁴ Steen Langebæk, *Bestyrelsens idégrundlag og funktion / Steen Langebæk* (2. útg., Gad 1991) 64.

¹⁰⁵ Alþt. 1977-78, A-deild, 383, 489.

¹⁰⁶ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 374; Árni Harðarson (n. 50) 282.

¹⁰⁷ Alþt. 1977-78, A-deild, 383, 489.

ekki fylgt áður en skaðabótamál gegn stjórnanda er höfðað leiðir það til frávísunar málsins.¹⁰⁸

Ef hluthafafundur hefur felld tillögu um að hafa uppi skaðabótakröfu gegn stjórnanda eða samþykkt ábyrgðarleysi hans, getur minnihluti hluthafa, sem ráða yfir 10 % af hlutafé félags, haft uppi skaðabótakröfuna og gert það í nafni félagsins sbr. 2. mgr. 135. gr. hfl. Reglan felur í sér minnihlutavernd en sú staða getur verið uppi að meirihluti hluthafa sé í persónulegu sambandi við stjórn félags og hafi af þeim sökum ekki uppi skaðabótakröfu.¹⁰⁹

Loks er að finna reglu í 3. mgr. 134. gr. hfl. um að ákvörðun hluthafafundar um ábyrgðarleysi eða að hafa ekki uppi skaðabótakröfu bindur ekki þrotabú félags ef félagið telst hafa verið ógjaldfært þegar slík ákvörðun var tekin eða frestdagur hefst innan árs frá ákvörðuninni. Ákvæðið var sett til þess að koma í veg fyrir að óeðlilegar ráðstafanir væru gerðar þegar gjaldþrot er í vændum en sömu ástæður liggja að baki riftunarreglum gjaldþrotalaga.¹¹⁰ Ef sú staða er uppi að samþykkt um ábyrgðarleysi eða ákvörðun um að hafa ekki uppi skaðabótakröfu var tekin fyrir meira en ári eftir að frestdagur hófst, getur ákvörðunin samt sem áður verið ógild eftir riftunarreglum gjaldþrotalaga.¹¹¹

6.3 2. máls. 1. mgr. 134. gr. hfl. – Skaðabótaábyrgð gagnvart hluthöfum og öðrum

Líkt og áður hefur komið fram er bótaábyrgð stjórnenda gagnvart hluthöfum og öðrum bundin við það skilyrði að um hafi verið að ræða brot gegn ákvæðum hfl. eða samþykktum félags. Í fyrstu virðist þetta horfa þannig við að hluthafar og aðrir geti ekki haft uppi skaðabótakröfu gegn stjórnendum nema jafnframt sé um að ræða brot gegn lögnum eða samþykktum. Sem fyrr var ætlunin með ákvæðinu að lögfesta þær almennu reglur sem þegar giltu um skaðabótaábyrgð. Núgildandi hlutafélagalög nr. 2/1995 voru upphaflega lög nr. 32/1978. Þau lög innihéldu samhljóða ákvæði um skaðabótaábyrgð gagnvart hluthöfum og öðrum en lögin voru samin með hliðsjón af þágildandi dönsku hlutafélagalögnum sem innihéldu sambærilegt skilyrði.¹¹² Þrátt fyrir þetta viðbótarskilyrði kváðu lögskýringargögn með danska

¹⁰⁸ Sjá **Hrd. 476/2016**.

¹⁰⁹ Árni Harðarson (n. 50) 284.

¹¹⁰ Stefán Már Stefánsson höfundur, *Hlutafélög: réttarreglur* (Bókmenntafélagið 1985) 265.

¹¹¹ Gomard (n. 33) 495.

¹¹² Árni Harðarson (n. 50) 285.

ákvæðinu á um að ákvæðið væri í samræmi við sakarregluna, þrátt fyrir að svo væri í raun ekki.¹¹³ Þetta viðbótarskilyrði í dönsku lögnum sætti gagnrýni þar sem því var meðal annars haldið fram að skaðabótaábyrgð stjórnenda gagnvart hluthöfum og öðrum mætti ekki takmarka við brot gegn lögum eða samþykktum.¹¹⁴ Litið var svo á að þetta viðbótarskilyrði hefði takmarkaða þýðingu ef einhverja þar sem staðreyndin væri sú að stjórnendur bera ábyrgð á grundvelli sakarreglunnar gagnvart hluthöfum og öðrum, hvort sem brotið sé gegn lögum, samþykktum félags eða óskráðum reglum.¹¹⁵

Dönsku lögnum hefur í dag verið breytt en ekki er að finna sambærilegt skilyrði fyrir bótaábyrgð gagnvart hluthöfum og öðrum og finna má í þeim íslensku. Litið hefur verið svo á að viðbótarskilyrðið í íslensku lögnum hafi enga þýðingu þar sem sakarreglan næði yfir bótaábyrgð stjórnenda ef ekki er um að ræða brot gegn lögum eða samþykktum félags.¹¹⁶ Verður því að telja að þó að stjórnandi hafi ekki brotið gegn lögum eða samþykktum félags þá leiðir það ekki til ábyrgðarleysis gagnvart hluthöfum og öðrum enda myndi ábyrgðin þá einfaldlega byggja á sakarreglunni.

Þegar hluthafi eða annar hefur uppi bótakröfu gegn stjórnendum félags kemur ekki til greina að byggja bótakröfuna á ávirðingum í garð stjórnenda sem myndu fella bótaábyrgð á þá gagnvart félaginu sjálfu.¹¹⁷ Um þetta má vísa til **Hrd. 228/2009** en um málsatvik vísast til kafla 5.1. Hluthafinn byggði bótakröfu sína ekki einungis á ætluðu broti gegn 76. gr. hfl. heldur einnig ýmsum málsástæðum sem vörðuðu störf stjórnarmannana fyrir bankann. Um þær komst Hæstiréttur svo að orði:

Ef frá er talin málsástæða hans, sem lýtur að broti gegn reglum um jafnræði hluthafa og afstaða hefur þegar verið tekin til, er þeim það sammerkt að þær eru reistar á ávirðingum í garð áfrýjenda vegna starfa þeirra í stjórn Glitnis banka hf., sem gætu ef réttar væru fellt á þau skaðabótaábyrgð gagnvart félaginu eða eftir atvikum refsíábyrgð, en ekki skaðabótaskyldu gagnvart einstökum hluthöfum.

Virðist rétturinn hér gera greinarmun á málsástæðum sem geta annars vegar orðið grundvöllur að skaðabótaábyrgð stjórnenda gagnvart félaginu sjálfu og hins vegar grundvöllur að bótaábyrgð gagnvart hluthöfum. Þær málsástæður sem hluthafinn byggði á, utan þeirrar

¹¹³ Gomard (n. 99) 55.

¹¹⁴ sama heimild 56.

¹¹⁵ Gomard (n. 33) 472.

¹¹⁶ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 373.

¹¹⁷ sama heimild.

sem byggir á broti gegn jafnræðisreglu hfl., voru nokkrar. Í fyrsta lagi byggði hann á því að kaupin hafi verið óeðlileg ráðstöfun á fjármunum félagsins sem sýni að hagur félagsins hafi ekki verið hafður að leiðarljósi við ákvarðanatökuna. Í öðru lagi byggði hann á því að kaupin á hlutafénu hafi falið í sér óþarfa eyðslu stjórnar á fjármunum félagsins. Í þriðja lagi að um hafi verið að ræða ólögmet sjálfsafgreiðsluviðskipti milli framkvæmdastjóra og stjórnar bankans sem hafi leitt til tjóns fyrir bankann og hluthafa. Þá byggði hluthafinn á því að viðskiptin hafi brotið gegn starfskjarastefnu bankans. Skilja verður fyrrgreinda afstöðu Hæstaréttar svo að allar þessar málsástæður og brot geti einungis fellt bótaábyrgð á stjórnendum gagnvart félaginu sjálfu. Þannig geti hluthafi ekki höfðað mál gegn stjórnendum og byggt á því að um óeðlilega ráðstöfun, óþarfa eyðslu eða ólögmet viðskipti hafi verið að ræða. Né getur hann byggt á því að um brot gegn starfskjarastefnu bankans hafi verið að ræða. Þá verður að telja að hluthafi geti ekki byggt bótakröfu sína á því að hagur félagsins hafi ekki verið hafður að leiðarljósi við ákvarðanatöku.

6.4 3. mgr. 134. gr. hfl. og 24. gr. skaðabótalaga – Lækkunarheimildir

Þegar bótaskylda hefur verið lögð á stjórnanda kemur til greina að lækka bótafjárhæðina. Í almennum lögum er að finna tvær lækkunarreglur, 3. mgr. 134. gr. hfl. og 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 (hér eftir „skbl.“). Í 3. mgr. 134. gr. hfl. er kveðið á um að bótafjárhæð megi færa niður með hæfilegu tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags tjónvalds og annarra atvika. Reglan gildir um skaðabætur sem hafa verið dæmdar samkvæmt 134. gr. hfl. þannig að ef bótaábyrgðin hefur farið samkvæmt almennu sakarreglunni þá gildir þessi lækkunarheimild ekki. Ástæðan fyrir því að ákvæðið var sett í hfl. er sú að skaðabótaábyrgðin skv. 134. gr. hfl. getur náð til verulegrar fjárhæðar og þannig orðið hinum skaðabótaskylda mjög þungbær.¹¹⁸ Reglan opnar þar af leiðandi fyrir þann möguleika að lækka skaðabótafjárhæðina eða jafnvel fella hana alveg niður ef sérstakar aðstæður leiða til þess að sanngjarnt þyki að beita reglunni.¹¹⁹

Í 24. gr. skbl. er að finna sambærilega reglu sem opnar á þann möguleika að lækka bótafjárhæðina eða fella hana niður með sama hætti og 3. mgr. 134. gr. hfl. Ákvæðið kveður á um að lækka má bótafjárhæð eða fella niður skaðabótaábyrgð ef ábyrgðin yrði hinum bótaskylda svo þungbær að ósanngjarnt má telja eða álíta verður að öðru leyti skerðingu eða

¹¹⁸ Alþt. 1977-78, A-deild, 383, 489.

¹¹⁹ Gomard (n. 33) 489.

niðurfellingu sanngjarna vegna mjög óvenjulegra aðstæðna. Ákvæðið er tvíþætt, annars vegar lækkunarheimild á þeim grundvelli að ósanngjarnt má telja að tjónvaldur greiði fullar bætur og hins vegar lækkunarheimild á þeim grundvelli að sanngjarnt sé að lækka bætur vegna mjög óvenjulegra aðstæðna. Þegar meta á fyrri lækkunarheimildina er útgangspunkturinn samkvæmt lögskýringargögnum fjárhagur tjónvalds og hvort hann réttlæti lækkun. Seinni reglan kemur einungis til greina í sjaldgæfum undantekningartilvikum.¹²⁰

Ákvæði 24. gr. skbl. felur í sér almenna lækkunarreglu sem á við um bæði fjárhagslegt og ófjárhagslegt tjón sem og bótaskyldu samkvæmt almennum reglum eða sérreglum í lögum.¹²¹ Í ákvæðinu segir að líta eigi til þess hve mikið tjónið er, eðlis bótaábyrgðar, aðstæðna tjónvalds, hagsmuna tjónþola, váttrygginga aðila og annarra atvika. Þrátt fyrir að orðalag ákvæðanna tveggja sé nokkuð annað er engin raunverulegur munur á milli þeirra.¹²² Hvort sem ætlunin sé að beita 3. mgr. 134. gr. hfl. eða 24. gr. skbl. er ljóst að meta þarf fyrirbyggjandi aðstæður í hverju tilviki fyrir sig.¹²³

Hér verður þó að geta þess að reglurnar eru undantekningarreglur frá meginreglunni um að tjón skuli bætt að fullu. Við mat á því hvort beita eigi reglunum verður þar af leiðandi ekki einungis að líta til þess hvort fjárhæð skaðabóta sé tjónvaldi þungbær heldur einnig hagsmuna tjónþola af því að fá tjón sitt að fullu bætt. Úrlausnir dómstóla ættu að geta gefið betri innsýn í beitingu lækkunarreglnanna en þar sem ekki hefur reynt mikið á 3. mgr. 134. gr. hfl. fyrir íslenskum dómstólum verður hér einnig litið til dómsúrlausna Hæstaréttar Danmerkur.

6.4.1 Efnahagur tjónþola – fjárhagslegur ávinningur tjónvalds

Fyrir dómstólum hafa tjónþolar borið fyrir sig margvíslegar ástæður til réttlætningar á að beita eigi lækkunarreglunum. Í einu tilviki vísaði tjónvaldur til þess að hann hafi ekki haft neinn fjárhagslegan ávinning af broti sínu, sbr. **Hrd. 60/2004**. Þá hefur tjónvaldur sömuleiðis vísað til þess að efnahagur tjónþola sé slíkur að skaðabætur skipti hann engu máli, sbr. dómur **Héraðsdóms Reykjaness nr. E-144/2011**. Í hvorugu málinu var tekin afstaða til lækkunarreglnanna. Fyrirgreinda málsástæðan er áhugaverð í ljósi þess að í málinu var því hvorki haldið fram að fjárhæð skaðabóta hafi verið tjónvöldum of þungbær eða sök þeirra lítil.

¹²⁰ Alþt. 1992-93, A-deild, 3614, 3666.

¹²¹ Alþt. 1992-93, A-deild, 3614, 3665.

¹²² Gomard (n. 33) 490.

¹²³ sama heimild.

Hún er í raun ekki í samræmi við meginmarkmið ákvæðana tveggja og því ólíklegt að hún hefði náð fram að ganga.

Í síðargreinda málinu var vísað til 24. gr. skbl. sem og 3. mgr. 134. gr. hfl. með þeim rökum að bótakrafan skipti engu máli fyrir efnahag stefnanda en stefnandi var í þessu máli Glitnir banki. Aftur á móti hélt stefndi því fram að bótakrafan myndi hafa veruleg áhrif á efnahags hans og fjölskyldu hans myndi hún ná fram að ganga. Þessi nálgun stefnda og rökstuðningur fyrir lækkunarkröfunni er í samræmi við sjónarmiðin að baki ákvæðunum. Dómurinn tók ekki afstöðu til lækkunarreglnanna. Hins vegar var stefndi einungis almennur starfsmaður hjá Glitni banka, það er ekki stjórnandi eða aðili sem talin er upp í 134. gr. hfl. Ef dómari hefði tekið afstöðu til lækkunarkröfunnar hefði aldrei komið til greina að beita 3. mgr. 134. gr. hfl. heldur einungis 24. gr. skbl. þar sem fyrrnefnda ákvæðið tekur sem fyrr einungis til bóta samkvæmt 134. gr. hfl.

6.4.2 Réttlæta lág laun beitingu lækkunarreglna?

Eitt þeirra atriða sem hafa komið upp við beitingu lækkunarreglnanna er hvort lág þóknun fyrir stjórnarsetu réttlæti beitingu lækkunarreglna. Þannig hafa stjórnendur borið fyrir sig að þeir hafi fengið svo lága þóknun fyrir störf sín og jafnvel setið í stjórn án launa að það eigi að leiða til þess að lækka beri bótafjárhæðina. Um þetta má vísa til þriggja dóma, **Hrd. 138/2015**, **UfR 1925.49** og **UfR 1998.1137**. Fyrstgreinda málið varðar skaðabótamál gegn fyrrum endurskoðanda félags en um bótaábyrgð endurskoðenda fer skv. 134. gr. hfl. og horfir því lækkunarregla 3. mgr. 134. gr. hfl. eins við gagnvart endurskoðendum félaga. Endurskoðandinn hafði uppi lækkunarkröfu til vara og vísaði meðal annars til þess að hann hafi fengið sérlega lága þóknun fyrir störf sín. Rétturinn sýknaði endurskoðandann og var því ekki tekin afstaða til lækkunarkröfu hans. Rök hans um að beiti eigi lækkunarheimildinni vegna þess að hann fékk lága þóknun fyrir starf sitt eru hins vegar áhugaverð, sérstaklega þegar litið er til tveggja danskra dóma UfR 1925.49 og UfR 1998.1137.

Í dönskum dómi **UfR 1925.49** hafði framkvæmdastjóri banka tekið lán hjá sjálfum bankanum, án trygginga, til þess að stunda spákaupmennsku. Síðar varð bankinn gjaldþrota en ekkert fékkst endurgreitt af láninu sem bankinn hafði veitt framkvæmdastjóra þess. Rétturinn dæmdi stjórnarmenn bankans bótaábyrga vegna vanrækrar eftirlitsskyldu með framkvæmdastjóranum en gögn málsins sýndu fram á að stjórnin hafði ekki haldið reglulega

stjórnarfundum. Stjórnarseta var ólaunuð en að mati dómsins hafði það enga þýðingu, hvorki um ábyrgð þeirra né mögulega lækkun bóta.

Í dönskum dómi **UfR 1998.1137** var höfðað skaðabótamál gegn stjórnendum fótboltafélags en talið var að þeir hefðu átt að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta fyrir en gert hafði verið. Í mars 1989 var ársreikningur félagsins fyrir árið á undan til staðar og af honum mátti stjórn félagsins vera ljóst að ótækt var að halda rekstri félagsins áfram. Stjórnin hélt hins vegar stjórnarfundum eftir mars 1989 án þess að átta sig á þessu og gaf félagið ekki upp til gjaldþrotaskipta fyrir en 5. janúar 1990. Dómurinn dæmdi stjórnarmennina til bótaábyrgðar en þrátt fyrir að stjórnarseta þeirra hafi verið ólaunuð var ekki talið tilefni til þess að lækka skaðabótafjárhæðina. Hér verður þó að setja þann fyrirvara að einn stjórnarmannana var tryggður með sérstakri ábyrgðartryggingu og var hann vegna þess látin bera alla ábyrgðina. Ekki er útilokað að dómurinn hafi sérstaklega litið til þessarar tryggingar þegar hann tók afstöðu til lækkunarkröfunnar og þar af leiðandi ekki lækkað bótafjárhæðina þar sem ljóst var að tjónþoli myndi fá tjón sitt að fullu bætt úr tryggingunni.

Tveir síðastnefndu dómarnir gefa sterklega til kynna að lág þóknun réttlæti ekki beitingu lækkunarreglna með þeim hætti að lækka eigi bótafjárhæðina. Hvort lág þóknun hafi áhrif á sakarmatið vísast til kafla 8.9.

6.4.3 Beiting lækkunarreglna í fjölskyldufyrirtækjum

Nokkuð hefur reynt á lækkunarheimildirnar þegar stjórnarmenn í fjölskyldufyrirtækjum hafa verið dæmdir bótaskyldir. Hefur þá verið litið til þess að þeir hafi ekki átt aðkomu að málefnum félags og þeir lagt traust sitt á aðra aðila. Að sama skapi hefur lækkunarheimildum ekki verið beitt þrátt fyrir fjölskyldutengsl stjórnarmanna. Má hér vísa til þriggja danskra dóma, UfR 1979:777, UfR 2001:873 og UfR 1977:236.

Í dönskum dómi **UfR 1979.777** var um að ræða fjölskyldufyrirtæki en stærsti hluthafi félagsins og jafnframt stjórnarformaður var faðir þriggja stjórnarmanna þess. Félagið hafði veitt stjórnarformanninum ólöglegt lán að fjárhæð 233.000 DKK. Stjórnarmennirnir þrír voru dæmdir bótaábyrgir vegna vanræktar eftirlitsskyldu en bæturnar voru lækkaðar niður í 15.000 DKK með vísan í lækkunarreglu dönsku hlutafélagalaganna. Var sérstaklega litið til þess að um fjölskyldufyrirtæki var að ræða, þau hafi ekki verið með viðskiptakunnáttu og að

stjórnarmennirnir þrír höfðu lagt traust sitt á lögmann félagsins sem og endurskoðanda um að þeir myndu upplýsa stjórnarmennina ef aðstæður leiddu til þess að grípa þyrfti inn í.

Í dönskum dómi **UfR 2001.873** var einnig um að ræða fjölskyldufyrirtæki í eigu A og B sem voru jafnframt hjón. A var framkvæmdastjóri en í stjórn sátu bæði A og B sem og C sem var faðir A. Eftir fjárhagserfiðleika í félaginu var tekin ákvörðun um að yfirfæra eina stærstu eign félagsins til annars félags sem var einnig í eigu A og B. Félagið fór í kjölfarið í gjaldþrot en þrotabú þess höfðaði þá skaðabótamál gegn stjórnarmönnum þremur vegna þessarar yfirfærslu. Upplýsingar úr ársreikningum félagsins sýndu fram á að yfirfærsla eignarinnar hafi leitt til verulegs fjárhagslegs tjóns fyrir félagið. Voru stjórnarmennirnir þrír dæmdir bótaábyrgir, þar á meðal C en hann hafði samþykkt eignayfirfærsluna. Bótafjárhæðin sem lögð var á C var hins vegar lækkuð með vísan til þess að C hafði aldrei fengið upplýsingar frá endurskoðanda né lögmanni félagsins um yfirfærsluna. Þá leit dómurinn sérstaklega til þess að bótafjárhæðin myndi að öllu leyti leggjast á eftirlifandi maka C en C hafði látist stuttu áður en málið fór fyrir Hæstarétt Danmerkur.

Í dönskum dómi **UfR 1977:236** var einnig um að ræða fjölskyldufyrirtæki. Félagið hafði á leigu bifreið en vegna vanefnda á leigusamningnum hafði félagið gert sátt við leigusalann. Sáttinn var hins vegar einnig vanefnd og lagði leigusalinn inn gjaldþrotaskiptabeiðni vegna þess. Í ljós kom að félagið hafði ekki haldið bókhald vegna fjármagnsskorts síðustu fjögur ár á undan. Stjórnarmennirnir þrír, hjón og faðir annars þeirra, voru öll dæmd bótaábyrg. Dómurinn lækkaði ekki bótafjárhæðina og virðist brot stjórnarmannanna hafa ráða úrslitum, þ.e. að hlutast ekki til um að færa bókhald félagsins.

Dómarnir gefa til kynna að dómstólar virðast að minnsta kosti ekki líta framhjá fjölskyldutengslum þegar metið er hvort beita eigi lækkunarreglunum. Virðast dómstólar þannig taka mið af því að stjórnarmenn sitji í félagsstjórn jafnvel til málamynda í félagi sem er alfarið í eigu og stjórn annars aðila innan fjölskyldunnar. Þá virðist síðastnefndi dómurinn gefa til kynna að ekki komi til greina að beita lækkunarheimildum þegar stjórn sinnir ekki lágmarksskyldum sínum.¹²⁴

¹²⁴ Árni Harðarson (n. 50) 289.

6.4.4 Fjárhagur tjónvalds

Líkt og lögskýringargögn að baki 24. gr. skbl. gefa til kynna er það fjárhagur tjónvalds sem skiptir mestu máli þegar metið er hvort beita eigi lækkunaheimildinni. Þannig beri að líta til þess hvort fjárhagur tjónvalds sé þess eðlis að lækka beri bótafjárhæðina. Um það hvernig beri að nálgast þetta atriði má líta til niðurstöðu **Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2942/2014**.

Í málinu höfðaði lífeyrissjóður skaðabótamál gegn fyrrverandir stjórnendum sjóðsins. Vildi sjóðurinn meina að tvær fjárfestingar í lánshæfistengdum skuldabréfum sem stjórn hans tók ákvörðun um hafi stangast á við fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða skv. 36. gr. ssl. Lífeyrissjóðurinn vísaði til fyrrnefndrar 29. gr. ssl. um að stjórn lífeyrissjóðs beri ábyrgð á að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sjóðsins. Dómurinn felldi bótaábyrgð á stjórnarmennina þar sem fjárfestingarnar fólu í raun í sér afleiðusamninga sem voru óheimilir skv. 36. gr. ssl. Stjórnendurnir höfðu uppi lækkunarkröfu og vísuðu til 24. gr. skbl. Vísuðu þeir til þess að bótafjárhæðin væri verulega há eða rúmlega 1800 milljónir króna. Héldu þeir því fram að ef bótakrafa lífeyrissjóðsins yrði samþykkt myndi það eyðileggja fjárhag þeirra og fjölskyldna þeirra en allir stjórnendurnir nema einn voru komnir á eftirlaun. Í niðurstöðukafla dómsins er tekin afstaða til þessarar kröfu. Þar segir að með hliðsjón af lögskýringargögnum að baki ákvæðinu sé það fyrst og fremst fjárhagur tjónvalds sem skipti máli þegar metið er hvort ósanngjarnt sé að leggja tjónsbyrðina á tjónvald. Þá segir dómurinn að stjórnendurnir hafi ekki lagt fram nein gögn um fjárhag sinn fyrir dóminn. Hafði dómurinn því engar forsendur til þess að meta hvaða fjárhæð yrði stjórnendunum of þungbær að greiða með tilliti til fjárhags þeirra. Með vísan til eðlis bótaábyrgðar og þess að stjórnendurnir sem báru ábyrgð voru sex talsins lækkaði dómurinn bótaábyrgðina úr rúmum 126 milljónum kr. niður í 36 milljónir kr. Þrátt fyrir tilvísun dómsins til eðlis bótaábyrgðar og fjölda stjórnenda virðist lækkunarreglunni vera hér beitt að álitum. Dómurinn er hins vegar til leiðbeiningar um að það sé fjárhagur tjónvalds sem skiptir mestu máli líkt og lögskýringargögn gefa til kynna og mikilvægt sé að sýna fram á það með gögnum að bótafjárhæðin sé tjónvaldi þungbær. Almenn tilvísun um að tjónvaldur sé komin á eftirlaun virðist í þessu samhengi ekki nægja til. Má hér jafnframt geta þess að þrátt fyrir að um héraðsdóm sé að ræða sömdu málsaðilar um sátt eftir

að málinu hafði verið áfrýjað til Hæstaréttar.¹²⁵ Verður að telja að það auki fordæmisgildi niðurstöðu héraðsdóms að einhverju leyti.

6.4.5 Eigin sök tjónpola

Að lokum má geta þess að eigin sök tjónpola getur leitt til lækkunar bóta eða jafnvel brotfalls bóta.¹²⁶ Hlutrænar ábyrgðarleysisástæður á borð við samþykki eða áhættutöku tjónvalds leiða hins vegar alfarið til brotfalls bóta. Sem dæmi um eigin sök getur staðan verið sú að stjórnendur hlutafélags séu upplýstir um slæma fjárhagsstöðu félags og að félagið geti ekki staðið við gerða samninga. Samt sem áður kýs stjórnin að eiga áfram viðskipti. Hinum megin er síðan viðsemjandi sem getur aflað upplýsinga um stöðu félags með skoðun ársreikninga eða upplýsingum úr vanskilaskrá en kýs að gera það ekki og á jafnframt í viðskiptum við félagið. Í þessu fælist gáleysi og þar með eigin sök.¹²⁷ Hafi viðsemjandinn hins vegar kannað fjárhagsstöðu félagsins sérstaklega og séð slæma stöðu þess en ákveðið samt sem áður að eiga í viðskiptum við það hefur hann sýnt af sér áhættutöku sem leiðir til brotfalls bóta.¹²⁸ Þetta á sérstaklega við í viðskiptum á borð við kaup fjárfesta á hlutafé, sbr. **UFR 2000:595**. Í málinu reyndi á bótaábyrgð endurskoðanda þar sem hann hafði veitt rangar upplýsingar um félag á skráðum hlutabréfamarkaði. Fjárfestir hafði keypt hlutafé í félaginu á grundvelli upplýsinganna. Þrátt fyrir að hafa veitt rangar upplýsingar taldi rétturinn að áhætta fælist í hlutabréfakaupum og fjárfestirinn gæti ekki byggt ákvörðun um hlutabréfakaup einungis á umræddum upplýsingum. Þrátt fyrir brot endurskoðandans var hann sýknaður á grundvelli áhættutöku tjónpolans. Málið varðar ekki bótaábyrgð stjórnenda en um ábyrgð endurskoðanda gildir einnig 134. gr. hfl. og því til leiðbeiningar fyrir stjórnendur. Verða stjórnendur uppvisir af því að veita markaðnum rangar upplýsingar og fjárfestar taka ákvörðun á grundvelli þeirra er ekki útilokað að stjórnendurnir verði samt sem áður sýknaðir á grundvelli þeirrar áhættutöku sem fylgir hlutabréfakaupum.

¹²⁵ „Samkomulag um niðurfellingu máls Lífsverks gegn VÍS og fleirum“ (VÍS 12. mars 2017) <<https://www.vis.is/vis/fjolmidlatorg/frettir/2017/samkomulag-um-nidurfellingu-mals-lifsverks-gegn-vis-og-fleirum/>> skoðað 16. apríl 2019.

¹²⁶ Árni Harðarson (n. 50) 289.

¹²⁷ sama heimild.

¹²⁸ sama heimild.

7 SÖK, ORSAKATENGL OG SENNILEG AFLEIÐING

7.1 Almennt um sök

Sakarreglan sem og 134. gr. hfl. byggja á þeim kjarna að sök sé grundvöllur að skaðabótaábyrgð. Saknæm háttsemi telst sú háttsemi sem unnin er af ásetningi eða gáleysi.¹²⁹ Þegar maður ætlar sér að valda tjóni er almennt talið að um ásetning sé að ræða.¹³⁰ Þá hefur verið talið að ásetningur feli í sér það að tjónvaldur sé meðvitaður um eða má vita að háttsemi hans leiði til tjóns en hann ákveður samt að viðhafa hana.¹³¹ Gáleysi hefur hins vegar verið skilgreint svo að það sé þegar maður gætir ekki þeirrar varkárni sem honum ber.¹³² Þá gildir einnig almennur mælikvarði, Bonus Pater mælikvarði, um það hvað sé gáleysi, það er að tjónvaldur gætir ekki þeirrar varkárni sem gegn og skynsamur maður hefði gætt við sömu aðstæður.¹³³ Gáleysi er þannig lægra stig saknæmis og þarf minna til að koma til þess að maður sýni af sér gáleysi. Bæði sakarreglan og 134. gr. hfl. byggja á því að gáleysi nægi til þess að stjórnandi beri skaðabótaábyrgð á saknæmri háttsemi sinni.¹³⁴

Hugtakinu saknæmi hefur verið skipt í þrennt.¹³⁵ Í fyrsta lagi er litið til vilja tjónvalds til tiltekinnar háttsemi. Í öðru lagi er horft á háttsemina sjálfa hlutlægt séð, það er athöfnina eða athafnaleysið og í þriðja lagi litið er til afstöðu tjónvaldsins til tjónsins sem hann olli með háttsemi sinni.¹³⁶ Þegar metið er hvort tiltekin háttsemi teljist saknæm er áhersla lögð á að kanna hvort tjónvaldurinn hefði átt að haga sér öðruvísi þegar tjón varð eða í aðdraganda tjónsins.¹³⁷ Við mat á því hvort háttsemi teljist saknæm er áhersla lögð á hlutlægan þátt¹³⁸, það er þann þátt sem ekki er háður huglægu mati.¹³⁹ Þannig er tiltekin háttsemi borin saman hlutlægt séð við skráðar háttternisreglur sem mæla fyrir um tiltekna hegðun, fordæmi dómstóla eða almennar venjur.¹⁴⁰ Í settum rétti, það er lögum, reglugerðum, samþykktum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum er að finna mikinn fjölda skráðra háttternisreglna um störf

¹²⁹ Arnljótur Björnsson (n. 1) 58.

¹³⁰ sama heimild.

¹³¹ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 124.

¹³² Arnljótur Björnsson (n. 1) 20.

¹³³ sama heimild 59.

¹³⁴ sama heimild 58.

¹³⁵ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 103.

¹³⁶ sama heimild 104.

¹³⁷ Jan Hellner og Svante Johansson, *Skadeståndsrätt* (6. útg., Norstedts Juridik 2000) 125.

¹³⁸ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 126.

¹³⁹ sama heimild 95.

¹⁴⁰ sama heimild 126.

stjórnenda félaga og lífeyrissjóða og ákvæði um hvernig þeim ber að haga sér við tilteknar aðstæður. Hefur þessum reglum að nokkru verið gerð skil í kafla 5. Brjóti stjórnandi gegn skráðum háttennisreglum, sem honum ber að fylgja, er almennt litið svo á að hann beri bótaábyrgð á því tjóni sem leiðir brotinu.¹⁴¹ Ef skráðum háttennisreglum, dómafordæmi eða venju er ekki fyrir að fara fer sakarmatið samt sem áður fram hlutlægt séð og athugað hvaða háttsemi stjórnanda bar að viðhafa.¹⁴² Í þessu samhengi er mikilvægt að nefna að skráðar háttennisreglur einar og sér gera ekki endilega fyllilega grein fyrir því hvaða háttsemi stjórnanda bar að viðhafa. Má til að mynda geta þess að Viðskiptaráð Íslands hefur gefið út leiðbeiningar um góða stjórnarhætti fyrirtækja en leiðbeiningunum er ætlað sem verkfæri fyrir stjórnendur til þess að átta sig á þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir.¹⁴³ Þá geta félög sjálf sett sér innri reglur sem stjórnendum ber að fylgja. Ekki verður gengið svo langt hér og sagt að brot gegn innri reglum einum og sér leiði til bótaskyldu en ljóst er að brot gegn slíkum reglum getur haft veruleg áhrif á sakarmatið, sbr. **Hrd. 442/2011**, **Hrd. 135/2013** og **Hrd. 88/2013**. Í fyrstgreinda málinu hafði brot gegn innri útlánareglum Sparisjóðs töluverð áhrif mat Hæstaréttar um það hvort stjórnendur sjóðsins hafi brotið gegn 249. gr. almennra hegningarlaga sem fjallar um umboðssvik. Að sama skapi hafði í síðastgreinda málinu ekki tekist að sýna fram á brot gegn innri reglum hlutafélags sem leiddi til sýknu stjórnenda bankans. Þess ber þó að geta að öll þrjú fyrrgreind mál varða refsíábyrgð en geta þó verið til leiðbeiningar um skaðabótaábyrgð.

Mikilvægt er að hafa í huga að sakarmatið verður að miða við það tímamark þegar tjón varð.¹⁴⁴ Felur þetta í sér að miða ber við stöðu tjónvalds og tjónþola og þær reglur sem giltu þegar tjónið varð en ekki síðar tilkominna reglna.¹⁴⁵

7.1.1 Stig sakar

Sem fyrr nægir að stjórnandi sýni af sér gáleysi til þess að skaðabótaábyrgð stofnist á grundvelli sakarreglunnar eða lögfestum ákvæðum um bótaábyrgð stjórnenda. Kemur þá

¹⁴¹ Arnljótur Björnsson (n. 1) 60.

¹⁴² Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 126.

¹⁴³ „Stjórnarhættir Fyrirtækja – leiðbeiningar“ (Viðskiptaráð Íslands í maí 2015)

<https://vi.is/%C3%BAtg%C3%A1fa/sk%C3%BDrslur/leidbeiningar_um_stjornarhaetti_fyrirtaekja.pdf> skoðað 16. apríl 2019.

¹⁴⁴ Arnljótur Björnsson (n. 1) 68.

¹⁴⁵ sama heimild 62.

næst til skoðunar hvort það hafi einhverja þýðingu að gera greinarmun á einföldu gáleysi, stórkostlegu gáleysi og ásetningi.

Með einföldu gáleysi er átt við að sá sem veldur tjóni hefur ekki sýnt þá varkárni sem ætlast mátti til af honum.¹⁴⁶ Ef tjónvaldur leiðir hugann ekki að þeirri hættu sem stafar af háttsemi hans eða viku frá þeirri háttsemi sem honum ber að viðhafa, til dæmis samkvæmt skráðum háttennisreglum, venju eða fordæmi, er almennt litið svo á að hann hafi sýnt af sér einfalt gáleysi.¹⁴⁷

Stórkostlegt gáleysi felur hins vegar í sér að tjónvaldur víki enn frekar frá þeirri háttsemi sem honum ber að viðhafa.¹⁴⁸ Þannig er einungis stigsmunur á milli stórkostlegs gáleysis og einfalds gáleysis.¹⁴⁹ Ekki virðist vera fyrir hendi sérstakur mælikvarði eða viðmið um það hvenær tiltekin háttsemi teljist stórkostlegt gáleysi. Virðist það vera vegna þess að ávallt þarf að skoða hverja háttsemi fyrir sig og önnur atvik máls, en slík nálgun felur óhjákvæmilega í sér matskenndan mælikvarða.¹⁵⁰

Fyrirmæli skráðra laga gera það að verkum að það hefur sérstaka þýðingu að greina á milli þess hvort tiltekin saknæm háttsemi teljist einfalt gáleysi, stórkostlegt gáleysi eða ásetningur.¹⁵¹ Í II. skbl. er fjallað um skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem váttrygging tekur til. Ef fyrir liggur að stjórnandi nýtur verndar ábyrgðartryggingar sem tekur til saknæmrar háttsemi hans verður hann ekki bótaskyldur nema hann hafi sýnt af sér ásetning eða stórkostlegt gáleysi, sbr. 3. mgr. 19. gr. skbl. Ákvæðið leggur stórkostlegt gáleysi að jöfnu við ásetning þannig að stórkostlegt gáleysi hefur sömu réttaráhrif og ásetningur. Ekki skiptir því öllu máli að sýna fram á ásetning heldur nægir í þessu tilviki að sýna fram á stórkostlegt gáleysi. Þegar stjórnandi nýtur verndar ábyrgðartryggingar skiptir því miklu máli að greina á milli einfalds og stórkostlegs gáleysis en nánar verður vikið að þýðingu ábyrgðartrygginga í kafla 8.4.

¹⁴⁶ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 115.

¹⁴⁷ sama heimild.

¹⁴⁸ Viðar Már Matthíasson, „Stórkostlegt gáleysi í skaðabótarétti og váttryggingarétti“ í Ragnheiður Bragadóttir o.fl. (ritstj.), *Afmælisrit: Jónatan Þórmundsson sjötugur 19. desember 2007* (1.útgáfa, Bókaútgáfan Codex 2007) 593.

¹⁴⁹ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 118.

¹⁵⁰ sama heimild 121.

¹⁵¹ sama heimild 110.

Ef stjórnandi hefur sýnt af sér saknæma háttsemi og jafnframt valdið vinnuveitanda sínum eða þriðja aðila tjóni kemur 23. gr. skbl. sérstaklega til skoðunar. Hvort sem vinnuveitandi sjálfur hefur greitt skaðabætur vegna saknæmrar háttsemi starfsmanns eða félagið krefur starfsmann um bætur vegna tjóns sem starfsmaðurinn hefur valdið eigin vinnuveitanda, verður starfsmaðurinn ekki persónulega krafinn um bætur nema upp að því marki sem sanngjarnt þykir, sbr. 1. og 3. mgr. 23. gr. skbl. Ber að líta til sakar og stöðu starfsmannsins þegar metið er hvort sanngjarnt þyki að hann verði krafinn persónulega um bætur. Í frumvarpi því er varð að skbl. segir eftirfarandi, í almennum athugasemdum um bótaábyrgð starfsmanns:

Reglur frumvarpsins um bótaábyrgð starfsmanns eru gerðar á grundvelli þess sjónarmiðs að meginreglan skuli vera sú að vinnuveitandi beri endanlega bótaábyrgð á tjóni sem starfsmaður hans veldur þegar hann er við vinnu í þágu vinnuveitandans.¹⁵²

Ákvæði 23. gr. skbl. byggir þar af leiðandi á þeirri meginreglu að vinnuveitandi beri ábyrgð á því tjóni sem starfsmaður hans veldur í starfi. Ef víkja á frá þessari meginreglu hefur verið talið að starfsmaðurinn þurfi að hafa sýnt af sér ásetning eða stórkostlegt gáleysi.¹⁵³ Líkt og með 3. mgr. 19. gr. skbl. hefur stórkostlegt gáleysi og ásetningur sömu réttaráhrif. Ekki skiptir því öllu máli að sýna fram á ásetning. Ljóst er að ákvæðið nær einungis til starfsmanna. Hvort stjórnendur teljist starfsmenn í þessum skilningi og njóti verndar 23. gr. skbl. verður sérstaklega vikið að í kafla 8.4.

Þá skiptir máli að greina á milli þess hvort um einfalt gáleysi, stórkostlegt gáleysi eða ásetning er að ræða vegna 24. gr. skbl. Í ákvæðinu kemur fram að líta skuli til þess hve mikið tjónið er, eðlis bótaábyrgðar, aðstæðna tjónvalds, hagsmuna tjónþola, váttrygginga aðila og annarra atvika. Með tilvísun ákvæðisins til eðlis bótaábyrgðar er einkum átt við stig saknæmis. Stig saknæmis, það er ásetningur, stórkostlegt gáleysi eða einfalt gáleysi, hefur því áhrif á það hve líklegt er að bótaábyrgð verði lækkuð með vísan í hina almennu lækkunarreglu 24. gr. skbl.¹⁵⁴ Um ákvæðið vísast að öðru leyti til kafla 6.3.

¹⁵² Alþt. 1992-93, A-deild, 3614, 3633.

¹⁵³ Guðmundur Sigurðsson, „Bótaábyrgð starfsmanns gagnvart vinnuveitanda sínum“ (2004) 3 Lögmannablaðið 33, 34.

¹⁵⁴ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 436.

7.2 Orsakatengsl og sennileg afleiðing

Þrátt fyrir að öll frumskilyrði skaðabótaábyrgðar sem og skilyrði sakarreglunnar eða 134. gr. hfl. séu uppfyllt getur ekki komið til bótaábyrgðar nema orsakatengsl séu á milli tjónsins og saknæmrar háttsemi tjónvalds.¹⁵⁵ Ekki verður komist framhjá þessu skilyrði bótaábyrgðar og felur það í raun sér að menn geti sýnt af sér saknæma háttsemi án bótaábyrgðar ef ekki eru orsakatengsl á milli háttseminnar og tiltekins tjóns.¹⁵⁶ Ekki nægir að sýna fram á að saknæm háttsemi hafi leitt til tjóns heldur er gengið enn lengra og gert að skilyrði að háttsemin hafi leitt til alls þess tjóns sem tjónþoli verður fyrir.¹⁵⁷ Við mat á orsakatengslum er stuðst við skilyrðiskenninguna.¹⁵⁸ Kenningin felur í sér að meta tvær atburðarrásir samhliða, það er sú atburðarrás sem raunverulega átti sér stað samhliða annarri atburðarrás sem hefði átt sér stað ef tiltekin saknæm hegðun hefði ekki átt sér stað.¹⁵⁹ Hér má nefna að kenningunni er beitt með sama hætti í tilviki óeiginlegs athafnaleysis, að breyttu breytanda. Þannig er atburðarrásin sem átti sér stað metin samhliða þeirri atburðarrás sem hefði átt sér stað ef gripið hefði verið til athafna.¹⁶⁰

Reglur skaðabótaréttar gera hins vegar ráð fyrir tiltekinni þrengingu á skilyrðin um orsakatengsl með reglum um sennilega afleiðingu.¹⁶¹ Sakarreglan, sem og aðrar skaðabótareglur, gerir það að skilyrði að maður verði einungis bótaábyrgur ef tjón er sennileg afleiðing af saknæmri háttsemi hans.¹⁶² Reglan um sennilega afleiðingu grundvallast á því að tjónvaldur geti einungis verið látin bera bótaábyrgð fyrir því tjóni sem hann getur búist við að mun leiða af háttsemi hans.¹⁶³ Með gagnályktun á tjónvaldur þar af leiðandi ekki að bera bótaábyrgð á afleiðingum sem hann gat ekki séð fyrir.¹⁶⁴ Almennt er litið svo á að skilyrðið um

¹⁵⁵ sama heimild 335.

¹⁵⁶ Arnljótur Björnsson (n. 1) 89.

¹⁵⁷ Viðar Már Matthíasson, „Um orsakatengsl og reglur um takmörkun á umfangi skaðabótaábyrgðar“ (n. 14) 315.

¹⁵⁸ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 341.

¹⁵⁹ Viðar Már Matthíasson, „Um orsakatengsl og reglur um takmörkun á umfangi skaðabótaábyrgðar“ (n. 14) 319.

¹⁶⁰ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 343.

¹⁶¹ Viðar Már Matthíasson, „Um orsakatengsl og reglur um takmörkun á umfangi skaðabótaábyrgðar“ (n. 14) 334.

¹⁶² Arnljótur Björnsson (n. 1) 90.

¹⁶³ Viðar Már Matthíasson, „Um orsakatengsl og reglur um takmörkun á umfangi skaðabótaábyrgðar“ (n. 14) 336.

¹⁶⁴ Hellner og Johansson (n. 137) 205.

sennilega afleiðingu sé uppfyllt ef saknæma háttsemin jók líkur á því að tjón varð.¹⁶⁵ Matið á sennilegri afleiðingu tekur mið af þekkingu og reynslu tjónvalds.¹⁶⁶ Þetta felur í raun í sér að því meiri reynslu eða þekkingu sem tjónvaldur býr yfir, því meiri líkur eru á að hann geti séð fyrir um afleiðingar af því að viðhafa aðra háttsemin en þá sem honum ber. Sérfræðiþekking stjórnanda getur því skipt máli varðandi mat á orsakatengslum og sennilegri afleiðingu þrátt fyrir að hún geri það e.t.v. ekki við mat á saknæmi en vikið verður að þýðingu sérfræðiþekkingar stjórnanda fyrir sakarmatið í kafla 8.3.

8 SAKARMAT VIÐ MISMUNANDI AÐSTÆÐUR

Meginviðfangsefni þessarar ritgerðar felst í rannsókn á dómum Hæstaréttar þar sem reynt hefur á skaðabótaábyrgð stjórnanda. Tilgangurinn að baki þessari rannsókn er að kanna sakarmat réttarins sérstaklega og athuga hvort það horfi með einhverjum hætti öðruvísi við í tilviki stjórnanda. Þeir dómar sem voru skoðaðir má finna í viðauka I en leitað var eftir dómum sem innihéldu ákvæði 134. gr. hfl., 108. gr. ehfl., 74. gr. laga um samvinnufélög, 44. gr. laga um sameignarfélag eða atriðisorðin „ábyrgð stjórnanda“, „ábyrgð framkvæmdastjóra“ eða „ábyrgð stjórnarmanna“. Þessu til viðbótar eru skoðaðir refsisdómar Hæstaréttar, einkum dómar er varða vanskil á staðgreiðslu opinberra gjalda, þar sem stjórnendur báru fyrir sig þekkingarleysi á málefnum félags. Þá er töluvert stuðst við danska réttarframkvæmd. Þessum dómum hefur nú verið raðað í mismunandi flokka eftir því hvaða staða stjórnanda eða aðstæður höfðu áhrif á sakarmatið og ályktanir dregnar af þeim.

8.1 Strangt sakarmat

Skráðar hátternisreglur gefa ekki til kynna hversu strangt sakarmatið á að vera í þeim tilvikum þegar reynir á bótaábyrgð stjórnanda. Þar af leiðandi er það einkum lagt í hendur dómstóla að meta sökina.¹⁶⁷ Með ströngu sakarmati er átt við að gera megi enn ríkari kröfur til aðgæslu í verki hjá sumum heldur en öðrum.¹⁶⁸ Strangt sakarmat á við þegar viðkomandi tjónvaldur er sérfræðingur á sínu sviði og hefur veitt tiltekna ráðgjöf eða þjónustu á þeirri forsendu að hann sé sérfræðingur.¹⁶⁹ Almennt er ekki litið svo á að einstaklingar sem sitja í stjórn félags séu

¹⁶⁵ Bo von Eyben og Helle Isager, *Lærebog i erstatningsret* (6. útg., København : Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2007) 262.

¹⁶⁶ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 336.

¹⁶⁷ Árni Harðarson (n. 50) 290.

¹⁶⁸ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 178.

¹⁶⁹ sama heimild 573.

sérfræðingar í þessum skilningi og starfi fyrir félagið á þeirri forsendu að þeir séu sérfræðingar í viðkomandi rekstri.¹⁷⁰ Störf stjórnarmanna eru frekar almenns eðlis þar sem þeim ber að beita heilbrigðri skynsemi og hafa eins konar yfirsjón yfir helstu þætti félagsins.¹⁷¹ Ekki er því hægt að ganga út frá því að beita eigi reglum um sérfræðiábyrgð þegar meta á hvort háttsemi stjórnanda teljist saknæm eða ekki. Þetta felur í sér að við mat á saknæmi skiptir ekki máli hvort viðkomandi stjórnandi sé sérfróður eða ekki þar sem einstaklingsbundnir eiginleikar hafa ekki áhrif á sakarmatið.¹⁷² Þrátt fyrir að ekki beri að beita ströngu sakarmati þegar meta á hvort stjórnandi hefur sýnt af sér bótaskylda háttsemi hefur aukin reglusetning haft í för með sér tilhneigingu dómstóla til þess að beita svokölluðu reglufestu saknæmi. Með reglufestu saknæmi er átt við að þegar dómstólar slá því föstu að tiltekin háttsemi sé í andstöðu við skráðar hátternisreglur leiðir það þegar af þeirri ástæðu til bótaskyldu.¹⁷³ Fræðimenn hafa talið að í þessu felist í raun strangt sakarmat eða að minnsta kosti ekki vægt sakarmat þegar metið er hvort tiltekin háttsemi leiði til bótaskyldu.¹⁷⁴ Þá hafa fræðimenn talið að jafnvel vægt sakarmat geti leitt til bótaábyrgðar í þeim tilvikum þegar stjórnandi hefur sýnt af sér óheiðarlegt framferði eða ekki fylgt þeim lágmarkskröfum sem gerðar eru til stjórnarmanns.¹⁷⁵ Í norrænum rétti er gengið út frá því að reglufest saknæmi sé nákvæmari mælikvarði heldur en Bonus Pater mælikvarðinn þegar kemur að bótaábyrgð stjórnanda. Benda danskir fræðimenn á að gæta verði þess að sakarmat byggt á reglufestu saknæmi verði að vera vægara heldur en strangt sakarmat. Þrátt fyrir það virðist aukin reglusetning, sérstaklega á sviði fjármálafyrirtækja, leiða á endanum til strangs sakarmats. Þannig muni bótaábyrgð stjórnanda líkjast ábyrgð sérfræðinga.¹⁷⁶

Þegar þeir dómur sem taldir eru upp í viðauka I voru rannsakaðir mátti sjá tilhneigingu dómstóla til strangs sakarmats við ákveðnar aðstæður, sbr. **Hrd. 372/1996** og **Hrd. 212/2007**. Ástæða þess að strangt sakarmat er lagt til grundvallar í þessum dómum virðist byggja á hagsmunum og tengslum stjórnanda.

¹⁷⁰ Gomard (n. 33) 474.

¹⁷¹ sama heimild.

¹⁷² Árni Harðarson (n. 50) 293.

¹⁷³ Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson (n. 2) 133.

¹⁷⁴ Gomard (n. 99) 67.

¹⁷⁵ sama heimild.

¹⁷⁶ Werlauff (n. 98) 242.

Í máli **Hrd. 372/1996** hafði kröfuhafi B hf. uppi skaðabótamál gegn stjórnendum félagsins þar sem stjórnendurnir tóku ákvörðun um að stofna til löggernings eftir að gefa hefði átt bú félagsins upp til gjaldþrotaskipta. Með löggerningnum var öllum eignum B hf. ráðstafað til annars félags, Snjósport hf., en það félag var í eigu sonar og tengdasonar stjórnenda B hf. Rétturinn komst að því að stjórnendum B hf. hafi verið skylt skv. 2. mgr. 64. gr. gpl. að gefa bú félagsins upp til gjaldþrotaskipta áður en löggerningurinn var gerður. Þegar dómurinn tók afstöðu til þess hvort kröfuhafinn hafi orðið fyrir tjóni lagði hann alla sönnunarbyrði á stjórnendur B hf. með eftirfarandi rökum:

Þegar hins vegar er litið til þess, að stefndu Elva og Ólafur ráðstöfuðu eignum félagsins á ólögsmætan hátt til nákomins ættingja og venlamanns, verður að leggja sönnunarbyrði á stefndu Elvu, Ólaf og Snjósport hf. fyrir því, að hið selda hefði í höndum þrotabúsins ekki nægt til fullnustu forgangskröfu áfrýjanda, sem deilt er um í máli þessu.

Rétturinn virðist hér líta til þess að löggerningurinn hafi verið gerður í þágu ættingja og venlamanns stjórnendanna. Þar af leiðandi megi líta svo á að sakarmatið sé strangt þar sem tjónþolinn þarf ekki að sanna tjón sitt heldur komi það í hlut stjórnenda B hf. að sanna að eignirnar hefðu ekki dugað til þess að fullnusta kröfu hans.

Í máli **Hrd. 212/2007** hafði þrotabú VP hf. uppi riftunarkröfu sem og skaðabótakröfu gegn VB ehf. og stjórnendum VP hf. Riftunarkrafan byggði á því að VP hf. hafi selt vörur til VB á undirverði og að þar af leiðandi hafi verið um gjafagerning að ræða. Á þetta féllst dómurinn. Þrotabúið hafði hins vegar einnig uppi bótakröfu gegn stjórnendum VP hf. Dómurinn sýknaði alla stjórnendurna fyrir utan framkvæmdastjórnann, með svofelldum rökum:

Af þeim einstaklingum, sem stefnt er í málinu, hefur stefndi, Gunnar Viðar Bjarnason, sérstöðu vegna stöðu sinnar sem framkvæmdastjóri beggja félaganna sem áttu hin umdeildu viðskipti og verulegrar eignarhlutdeildar. Hlutur hans er slíkur að fallast ber á fjárkröfu stefnanda á hendur honum sem reist er á hinni almennu skaðabótareglu og 1. mgr. 134. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög [...].

Virðist rétturinn hér gera greinarmun á stjórnendum eftir því hvar hagsmunir þeirra liggja. Ljóst var að framkvæmdastjórinn hafði persónulega hagsmuni af viðskiptunum en ekki þótti sýnt fram á hag annarra stjórnenda félagsins af viðskiptunum. Hér verður að telja sakarmat dómsins nokkuð strangt gagnvart framkvæmdastjórnunum en það byggir einungis á hagsmunum hans en ekki eiginlegri sök enda ekki sýnt fram á annað en að allir stjórnendurnir hafi komið að viðskiptunum. Velta má því upp hvort fyrrgreind dómsmál gef gefi til kynna

strangt sakarmat einungis á þeim grunni að um sé að ræða tengsl og hagmsuni aðila, óháð því að um stjórnendur sé að ræða. Ætla verður hins vegar að þegar um er að ræða skaðabótamál á hendur stjórnanda vegna háttsemi hans sem stjórnanda hlítur sakarmatið ávallt að taka mið af stöðu hans sem slíks.

Við rannsókn á dómaframkvæmd réttarins kom í ljós að í einu tilviki virðist rétturinn leggja nokkuð strangt sakarmat á stjórnendur með því að byggja niðurstöðu um bótaskyldu á því að tiltekin ráðstöfun hafi ekki verið heimil á grundvelli skráðra háttennisreglna, sbr. **Hrd. 400/2010**. Þannig virðist rétturinn ekki byggja á því að með tiltekinni ákvörðun hafi verið brotið gegn skráðum reglum heldur fremur að ákvörðunin hafi ekki átt sér stoð í lögnum. Nánar tiltekið voru málsatvik eftirfarandi:

Í málinu höfðu G framkvæmdastjóri og S stjórnarformaður félagsins B ehf. stofnað dótturfélag í nafni B ehf. og alfarið á kostnað félagsins en samkvæmt samþykktum dótturfélagsins áttu G og S 16% hvor í dótturfélaginu en B ehf. 68%. G og S höfðu látið B ehf. fjármagna kaup þeirra á dótturfélaginu en ekkert endurgjald kom úr hendi G og S. Hæstiréttur leit svo á að G og S höfðu nýtt fjármuni B ehf. í eigin þágu við stofnun dótturfélagsins. G og S voru dæmdir bótaskyldir með þeim rökum að ráðstöfunin hafi ekki verið heimil á grundvelli neins af ákvæðum ehfl.

Virðist niðurstaða dómsins byggja á einhvers konar lögmætisreglu, um að ákvarðanir stjórnenda verði í öllum tilvikum að eiga sér stoð í skráðum reglum. Ef svo er ekki beri þeir bótaábyrgð að mati réttarins. Þetta er áhugaverður rökstuðningur dómsins. Þrátt fyrir þetta orðalag réttarins verður að ætla að ekki sé til staðar sérstök lögmætisregla í þessum tilvikum, þ.e. að allar ákvarðanir stjórnenda verði að eiga sér stoð í skráðum háttennisreglum heldur fremur að líklegra sé að skilyrði 134. gr. hfl. séu einfaldlega uppfyllt þegar tiltekin ákvörðun á sér ekki stoð í lögnum.

8.1.1 Vægt sakarmat

Hæstiréttur hefur einnig byggt á sakarmati sem verður að teljast vægara heldur en reglufest saknæmi þar sem dómstólar telja brot á skráðri háttennisreglu ekki hafa þýðingu fyrir bótaábyrgðina, sbr. **Hrd. 87/1985**.

Í málinu hafði B leyst vörur út úr tolli fyrir P hf. sem samþykkti og afhenti víxla fyrir skuldinni. H, sem sat í óskiptu búí eftir B, tók við víxlunum. Nokkru síðar eða í desember 1978 seldu hluthafar og stjórnarmenn P hf. félagið. Rúmum þremur mánuðum síðar, 20 mars 1979, var félagið tekið til gjaldþrotaskipta og fékk H einungis um 15% upp í víxilkröfu sína. H höfðaði skaðabótamál gegn stjórnendum P hf. þar sem H vildi meina að gefa hefði átt upp bú félagsins til gjaldþrotaskipta áður en félagið var selt. Fyrir Hæstarétti þótti sannað að P hf. hafi brotið ákvæði hfl. og ákvæði bókhaldslaga en bókhald var ekki fært yfir reksturinn. Þá starfaði félagið án verslunarleyfis. Þrátt fyrir þetta sýknaði rétturinn stjórnendurna þar sem ekki þótti sannað að fjárhagsstaða félagsins hafi verið með þeim hætti að gefa hefði átt upp bú félagsins fyrr til gjaldþrotaskipta.

Niðurstöðuna má skilja svo að stjórnendurnir hafi notið góðs af því að ekkert bókhald hafi verið fært yfir reksturinn en sýknudómurinn byggir á því að ekki hafi verið hægt að sýna fram á fjárhagsstöðu félagsins sökum þess að ekkert bókhald var til staðar. Brot félagsins á bókhaldslögum sem og hfl. leiddu því ekki til bótaábyrgðar heldur þvert á móti leiddu brotin í raun til sýknu.¹⁷⁷

8.1.2 Ályktun

Erfitt er að segja til um það með algildum hætti hversu strangt sakarmatið er og virðist það ráðast nokkuð af aðstæðum hverju sinni. Líkt og rakið hefur verið er hvorki hægt að útiloka strangt sakarmat né vægt sakarmat. Reglufest saknæmi virðist hins vegar vera færast í aukana.¹⁷⁸ Þrátt fyrir að byggt sé á reglufestu saknæmi má brot á skráðri háttternisreglu ekki þegar af þeirri ástæðu leiða til bótaskyldu án þess að litið sé til annarra skilyrða sakarreglunnar. Í máli **E-2942/2014**, sem áður hefur verið reifaður, komst Héraðsdómur Reykjavíkur vel að orði um reglufest saknæmi og samspil þess við þýðingu annarra skilyrða sakarreglunnar:

Í ljósi þess að háttsemi stefndu var að þessu leyti andstæð því sem mælt var fyrir í settum lagareglum um fjárfestingar lífeyrissjóða verður ekki hjá því komist að fallast á þau sjónarmið stefnanda að háttsemi þeirra hafi þar með verið ólögmat og saknæm í skilningi almennrar sakarreglu skaðabótaréttar. Þrátt fyrir framangreint er ekki þar með sjálfgefið að stefndu hafi þar með bakað sér bótaskyldu eða þá að hún nemi því tjóni sem dómkröfur stefnanda byggja á. Í því

¹⁷⁷ Sjá einnig dóm Héraðsdóms Vestfjarða í máli nr. E-140/2006.

¹⁷⁸ Werlauff (n. 98) 242.

sambandi hefur það úrslitaáhrif hvort orsakasamhengi hafi verið á milli fjárhagslegs tjóns stefnanda og þeirra fjárfestinga sem stefndu tóku ákvörðun um að gera fyrir hans hönd og hvort tjónið verði talið sennileg afleiðing af ákvörðunum stefndu eins og þær horfðu við á þeim tíma sem þær voru teknar.

Hvort sem beitt er vægu eða ströngu sakarmati er ljóst að sakarmatið má hvorki vera með þeim hætti að höfuðáhersla stjórnanda sé að gæta eigin öryggis vegna strangs sakarmats í stað þess sinna starfi sínu í þágu félagsins né með þeim hætti að einstaklingar líti á stjórnarstörf sem auðsóttu tekjulind vegna lítillar áhættu sökum vægs sakarmats.¹⁷⁹

8.2 Þekkingarleysi stjórnenda á rekstri félags

Sem fyrr felst það í eftirlitshlutverki félagsstjórnar að kynna sér rekstur félags. Í félagarétti hefur lengst af verið gengið út frá því að þegar reynir á ábyrgð stjórnarmanns vegna vanrækslu á eftirlitshlutverki getur stjórnandinn ekki borið fyrir sig að hann hafi hvergi komið nærri rekstri félagsins.¹⁸⁰ Dómar Hæstaréttar hafa hins vegar verið nokkuð á reiki hvað þetta varðar og verða þeim nú gerð skil. Eftirtaldir dómar varða refsíábyrgð stjórnarmanna og framkvæmdastjóra vegna vanskila á staðgreiðslu opinberra gjalda en almennt geta þeir talist til leiðbeiningar um skaðabótaskyldu stjórnenda.¹⁸¹ Eftirfarandi umfjöllun tekur mið af réttarframkvæmdinni fyrir og eftir Hrd. 392/2006 en dómurinn markar tímamót þegar kemur að ábyrgð stjórnenda vegna vanrækslu á eftirliti með rekstri félags.

8.2.1 Réttarframkvæmdin fyrir tíð Hrd. 392/2006

Fyrir tíð Hrd. 392/2006 túlkaði rétturinn 68. gr. hfl. með þeim hætti að félagsstjórn sem og framkvæmdastjórn væri skylt að kynna sér rekstur félags. Ekki hafi komi til greina að bera fyrir sig vanþekkingu á rekstri félags með þeim hætti að stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hafi ekki kynnt sér reksturinn eða að eftirlitshlutverkið hafi verið í verkahring einhvers annars innan félagsins. Má hér vísa til nokkurra dóma Hæstaréttar.

Í máli **Hrd. 345/1991** voru stjórnendur hlutafélags ákærðir fyrir m.a. söluskattsvik. Í var stjórnarformaður og forstjóri félagsins og nánast einráður um starfsemi félagsins en að mati dómsins hvíldi sú skylda á honum að standa skil á innheimtum söluskatti skv. þágildandi 52.

¹⁷⁹ Árni Harðarson (n. 50) 291–292.

¹⁸⁰ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 377.

¹⁸¹ sama heimild.

gr. hfl. [núgildandi 68. gr. hfl.] þar sem hann vanrækti það hlutverk var hann sakfelldur fyrir brot gegn ákvæðinu. Með I sat H í stjórn félagsins en hún var maki I. H hafði ekki komið nálægt rekstri félagsins. Þrátt fyrir það var hún sakfelld fyrir Hæstarétti með svofelldum rökum:

Verður samkvæmt 52. gr. laga nr. 32/1978 [68. gr. núgildandi hfl.] að gera þær kröfur til hennar, að hún aflaði sér vitneskju um rekstur félagsins í höfuðdráttum. Mátti henni vera kunnugt um vanskil félagsins á söluskatti, sem stóðu um langan tíma. Verður að telja, að hún hafi vanrækt eftirlitsskyldu sína, og ber því að sakfella hana samkvæmt sömu lagaákvæðum og ákærða Ingvar Sveinsson.¹⁸²

Hæstiréttur sakfelldi stjórnarformann með sömu rökum í máli **Hrd. 136/1997** en bætti þó við að stjórnarformaðurinn gæti ekki borið því fyrir sig að það hafi ekki verið í hennar verkahring að annast greiðslur fyrir félagið. Þá er að finna sambærilega niðurstöðu í máli **Hrd. 206/1999**. Í málinu bætti rétturinn þó við að stjórnarmenn geti ekki borið fyrir sig ókunnugleika á þeirri löggjöf sem gildir hverju sinni og ekki skipti máli þó félagið hafi að öllu leyti verið í eigu sömu fjölskyldunnar.

Fyrrgreind mál eiga það öll sammerkt að stjórnarmenn geta ekki borið fyrir sig vanþekkingu á rekstri félags þar sem lögboðin skylda hvílir á þeim að kynna sér rekstur félags og hafa eftirlit með honum. Þá gefur fyrrnefndur **Hrd. 136/1997** til kynna að stjórnarmaður getur ekki borið fyrir sig verkaskiptingu, það er að það hafi ekki verið í hans verkahring að annast skil á opinberum gjöldum. Virtist sama staða vera fyrir hendi þegar um var að ræða ábyrgð framkvæmdastjóra sbr. **Hrd. 242/1999**, **Hrd. 38/2006** og **Hrd. 393/2008**.

Í **Hrd. 242/1999** var O ákærður fyrir brot gegn lögum um virðisaukaskatt, lögum um bókhald og lögum um ársreikninga. O var skráður stjórnarformaður og framkvæmdastjóri V hf. en félagið skilaði ekki virðisaukaskatti og var bókhald félagsins ekki lögum samkvæmt. Fyrir Hæstarétti þótti sannað að staða O sem stjórnarformanns og framkvæmdastjóra V hf. var til málamynda og gekk dómurinn raunar út frá því að ákvarðanir um fjárhagsleg málefni félagsins hafi verið teknar af öðrum heldur en O. Þrátt fyrir það var vísaði dómurinn til þágildandi 52. gr. hfl. (núgildandi 68. gr. hfl.) og sakfelldi O með eftirfarandi rökum:

Þótt á því verði byggt að tilkynning um stöðu hans í félaginu hafi verið til málamynda, breytti það engu um að hann var í lögskiptum við aðra en raunverulega eigendur félagsins fyrirsvarsmaður þess og bar þannig þær skyldur, sem mælt var fyrir um í tilvitnuðum ákvæðum þágildandi laga um hlutafélög. Hann

¹⁸² Sjá einnig **Hrd. 43/1947**.

bar því refsíabyrgð vegna þeirra brota, sem ákært er fyrir, og framin voru í starfsemi félagsins. Með aðgerðarleysi sínu vanrækti ákærði af stórkostlegu gáleysi þær skyldur varðandi bókhald félagsins, sem hvíldu á honum lögum samkvæmt sem stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Vökva hf.

Í **Hrd. 38/2006** voru tveir stjórnarmenn og einn framkvæmdastjóri félagsins Í hf. ákærðir fyrir að hafa ekki staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda sem félagið hafð haldið eftir af launum starfsmanna félagsins. Framkvæmdastjórinn bar fyrir sig að hafa einungis verið faglegur framkvæmdastjóri félagsins og hafi aldrei séð um bókhald og uppgjör þess. Hann hafði tekið við starfi framkvæmdastjóra félagsins en var hins vegar aldrei tilkynntur til Hlutfélagaskrár sem slíkur. Hæstiréttur sakfelldi hann með svofelldum rökum:

Í 18. gr. samþykktu félagsins 4. apríl 2002 var kveðið á um að framkvæmdastjóri hefði með höndum stjórn á daglegum rekstri þess og kæmi fram fyrir þess hönd í öllum málum, er vörðuðu venjulegan rekstur. Var þar engin sérákvæði að finna um verksvið faglegs framkvæmdastjóra. Með vísan til þess, er að framan er rakið, og verkefna framkvæmdastjóra samkvæmt 2. mgr. 68. gr. laga nr. 2/1995 verður ákærði Hákon sakfelldur fyrir þá háttsemi, sem í ákæru greinir.

Í **Hrd. 393/2008** var E, framkvæmdastjóri og stjórnarformaður R ehf. ákærður fyrir skilasvik en hann hafði ráðstafað vörulager félagsins sem veðsettur var K án þess að andvirði lagersins skilaði sér aftur til félagsins. Um stöðu E sem framkvæmdastjóra og stjórnarformanns, sem og þá málsástæðu E að hann hafi ekki komið nálægt rekstri félagsins sagði dómurinn eftirfarandi:

Ákærði var stjórnarformaður og framkvæmdastjóri einkahlutfélagsins Rósvíkur. Samkvæmt stöðu sinni í félaginu á þeim tíma sem um ræðir bar ákærða að afla sér vitneskju um og fylgjast með því að rekstur félagsins væri í góðu horfi, sbr. 44. gr. laga nr. 138/1994, þar á meðal sjá um að bókhald félagsins væri fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna þess væri með tryggilegum hætti. Firrir það ákærða ekki þeirri ábyrgð að hafa að eigin sögn hvorki komið nálægt rekstri né bókhaldi félagsins.

Framangreindir dómar gefa það til kynna að hvorki stjórnarmaður, framkvæmdastjóri né stjórnarformaður geti ekki borið fyrir sig þekkingarleysi á rekstri félags til þess að koma sér undan ábyrgð skv. 68. gr. hfl.

8.2.2 Hrd. 392/2006

Með dómi **Hrd. 392/2006** breytti Hæstiréttur fyrri stefnu sinni hvað varðar eftirlitshlutverk félagsstjórnar og framkvæmdastjórnar. Í málinu var E, stjórnarformaður D hf., V. ehf og F ehf., ásamt öðrum stjórnarmanni ákærður fyrir að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti og

staðgreiðslu opinberra gjalda. E bar því við að hafa ekki stjórnað bókhaldi, innheimtu og meðferð fjármuna í félagunum þar sem það hafi verið í verkahring annars aðila. Fyrir Hæstarétti þótti sannað að þegar brotin áttu sér stað starfaði ekki framkvæmdastjóri hjá félaginu. Hæstiréttur sakfelldi E með svofelldum rökum:

Í vitnisburði E fyrir héraðsdómi kom fram að ákærði Eyjólfur hafi fengið upplýsingar um erfiða stöðu félagsins, útvegum fjár til rekstrar þess hafi verið mikið til í hans höndum og ráðstöfun fjár ákveðin í samráði við hann. Í ljósi þessa og þeirra skyldna, sem hvíla á formanni stjórnar félags þar sem ekki starfar framkvæmdastjóri, verður staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að ákærði Eyjólfur hafi gerst sekur um brot á 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 með því að hafa ekki á lögmæltum tíma staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda starfsmanna Dagsprents hf.

Hér gengur Hæstiréttur út frá því að auknar skyldur hvíli á formanni stjórnar félags þar sem ekki starfar framkvæmdastjóri. Verður að túlka þessi orð Hæstaréttar svo að formaður stjórnar beri í raun meiri ábyrgð heldur en aðrir stjórnarmenn í einkahlutafélagi þar sem ekki starfar framkvæmdastjóri. Í sama máli var jafnframt um stefnubreytingu að ræða hvað varðar málsástæðu um stjórnarmanna um þekkingarleysi á rekstri félags. Í málinu hafði stjórnarmaðurinn X einnig verið ákærður vegna sömu brota en hann hafði verið meðstjórnandi með E í félaginu F ehf. Hæstiréttur sýknaði X þar sem framburður vitna gaf til kynna að X hafi lítið komið að málefnum félagsins og ekkert að ákvörðun um ráðstöfun fjármuna. Málsástæða X um að hafa ekki komið að málefnum félags leiddi þar af leiðandi til sýknu. Undir öðrum ákærulið voru sömu aðilar jafnframt ákærðir fyrir að hafa ekki staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna Í ehf. Í því félagi var X formaður stjórnar, E meðstjórnandi og ÓH framkvæmdastjóri. Fyrir dómi þótti sannað að X hafi verið meðvitaður um erfiðleika í rekstri Í ehf. Hæstiréttur sýknaði hins vegar X og E með svofelldum rökum:

Félagið laut á hinn bóginn daglegri stjórn framkvæmdastjóra og liggja ekki fyrir gögn um að ákærði X hafi komið að daglegum rekstri eða stýrt því hvað skyldi greitt. Verður hann því sýknaður af sökum samkvæmt þessum lið ákæru. [...] Ákærði Eyjólfur var stjórnarmaður í félaginu til 8. maí 2002. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að hann hafi átt þátt í daglegri stjórn þess eða komið að ákvörðunum um hvað skyldi greitt af skuldum. Verður hann því einnig sýknaður af þessum ákærulið.

Hér vísar rétturinn frá fyrri dómsniðurstöðum sínum. Samkvæmt þessu verða stjórnarmenn ekki ábyrgir fyrir vanskilum á opinberum gjöldum þrátt fyrir vitneskju um erfiðleika í starfi, ef

þeir koma ekki að daglegum rekstri eða stýra því hvað greitt er ef félagið er undir daglegri stjórn framkvæmdastjóra. Í málinu var framkvæmdastjórinn hins vegar sakfelldur fyrir brotin og virðist það einungis hafa ráðist af stöðu hans sem framkvæmdastjóra.

Þetta er áhugaverð niðurstaða í ljósi skyldu félagsstjórnar til að kynna sér rekstur félags og hafa jafnframt eftirlit með framkvæmdastjóra þess. Er þetta í raun í andstöðu við túlkun á eftirlitsskyldu félagsstjórnar skv. 68. gr. hfl. en í skyldunni hefur verið talin felast skylda til að kynna sér rekstur félags og hafa eftirlit með framkvæmdastjóra þess. Virðist mega túlka þessa niðurstöðu svo að þeir stjórnarmenn sem þekki til reksturs félags geti orðið ábyrgir á meðan þeir stjórnarmenn sem sinna ekki lögboðinni skyldu skv. 68. gr. hfl. sleppi undan ábyrgð á grundvelli þekkingarleysis á rekstri félagsins. Dómurinn gefur þá einnig til kynna að ábyrgð á bókhaldi og meðferð fjármuna félags hvíla einna helst á framkvæmdastjóra félags

8.2.3 Réttarframkvæmdin eftir Hrd. 392/2006

Í kjölfarið á Hrd. 392/2006 virðast dómstólar leggja til grundvallar að sýna þurfi fram á bein áhrif stjórnarmanna að rekstri félags til þess að þeir verði taldir bera ábyrgð. Ekki leið hins vegar á löngu þar til Hæstiréttur breytti aftur um stefnu sbr. **Hrd. 226/2010**. en í dóminum voru stjórnarformaður og framkvæmdastjóri einkahlutafélags sakfelldir fyrir að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti fyrir félagið þrátt fyrir að þeir hafi báðir borið því við að hafa ekki komið að ákvarðanatöku um fjármál félagsins. Vísaði Hæstiréttur til þess að stjórnarmenn einkahlutafélaga bera almennt ábyrgð á því að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi sbr. 1. og 3. mgr. 44. gr. ehfl. og með vísan til þess að framkvæmdastjórar beri einnig ábyrgð skv. sama ákvæði, þegar þeir eru ráðnir. Taldi Hæstiréttur að þeir hafi þar af leiðandi borið sameiginlega ábyrgð á brotunum.

Hæstiréttur gerir hér engan greinarmun á ábyrgð stjórnarmanns annars vegar og framkvæmdastjóra hins vegar þegar kemur að skyldu skv. 44. gr. ehfl. (68. gr. hfl.). Þannig bera þeir sameiginlega ábyrgð á bókhaldi félags. Stjórnarmenn hafi eftirlit með því og framkvæmdastjóri sjái til þess að það sé fært í samræmi við lög og venjur. Þessi nálgun Hæstaréttar er í betra samræmi við túlkun fræðimanna á lögboðinni skyldu fyrirvarsmanna skv. fyrrgreindu ákvæði. Samkvæmt þessu geta stjórnarmenn og framkvæmdastjórar ekki borið því við að þeir þekki ekki rekstur félags eða hafi ekki komið að ákvarðanatöku um fjármál

þess. Fyrirgreint fordæmi Hæstaréttar stóð hins vegar í stuttan tíma þar sem Hæstiréttur breytti aftur um stefnu sbr. **Hrd. 354/2013**.

Í málinu voru þrír fyrisvarsmenn einkahlutafélags, Y stjórnarformaður, X stjórnarmaður og Z framkvæmdastjóri, ákærðir fyrir að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti í rekstri félagsins sem og að hafa ekki staðið skil á opinberum gjöldum á lögmæltum tíma. Y og X báru því við að þau hafi ekkert komið að rekstri félagsins. Y hafi einungis verið almennur starfsmaður á lager og X hafi aldrei starfað hjá félaginu né komið að rekstri félagsins eða skattskilum þess. Óumdeilt var hins vegar að þau voru skráðir stjórnarmenn félagsins. Fyrir héraðsdómi voru allir þrír ákærðu sakfelldir fyrir brotin en Y og X áfrýjuðu til Hæstaréttar. Z ákvað að una niðurstöðu héraðsdóms. Hæstiréttur sýknaði Y og X með svofelldum rökum:

Þótt ákærðu hafi samkvæmt framansögðu tekið sæti í stjórn félagsins á árinu 2003 liggur fyrir í málinu að hvorugt þeirra kom að fjármálum þess eða skattskilum og hvorugt þeirra stýrði hvað skyldi greiða af skuldum félagsins. Þá var ákærði Y óbreyttur starfsmaður og ákærða X mun aldrei hafa starfað hjá félaginu. Félagið laut á hinn bóginn daglegri stjórn framkvæmdastjóra sem einn annaðist öll fjármál þess og skattskil. Þegar til þessa er litið og það haft í huga hvernig atvikum er að öðru leyti hagað verða ákærðu sýknuð af brotum sem þeim eru gefin að sök.

Niðurstaðan er hér í samræmi við niðurstöðu Hrd. 392/2006. Samkvæmt þessu geta stjórnarmenn borið því að hafa ekki komið að rekstri félags né fjármálum þess. Virðist þar engu máli skipta hvort þau séu skráðir stjórnarmenn félagsins eður ei. Hér verður hins vegar að hafa í huga að það var óumdeilt af hálfu ákæruvaldsins að Y og X áttu enga aðkomu að rekstri og fjármálum félagsins. Virðist þannig mega ganga út frá því að ef sannað þykir að viðkomandi stjórnandi á enga aðkomu að rekstri eða fjármálum félags verður hann ekki sakfelldur fyrir vanrækslu á eftirliti með bókhaldi þess. Þó verður að setja fyrirvara við fordæmisgildi fyrirgreinds máls þar sem mikil fjölskyldutengsl voru á milli Y, X og Z en Z og Y voru hjón og X sonur þeirra. Ekki er útilokað að Hæstiréttur hafi sérstaklega litið til þessa sbr. orðalag dómsins „og það haft í huga hvernig atvikum er að öðru leyti hagað“. Hæstiréttur gaf dóminum hins vegar aukið vægi og fordæmisgildi með **Hrd. 388/2013** sem kveðinn var upp rúmum mánuði síðar.

Í málinu var X, stjórnarformaður einkahlutafélags ákærður fyrir að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda í rekstri félagsins. Hann bar því við að hafa ekki haft á hendi skil á virðisaukaskatti né staðgreiðslu opinberra gjalda. Fyrir dómi var hins

vegar sýnt fram á að hann hafi verið meðvitaður um vanskil á þessum gjöldum. Þá bar hann því við að hafa komið sér upp verkaskiptingu á milli sín og framkvæmdastjóra félagsins og að skattskil og eftirlit með fjármunum þess hafi verið á hendi framkvæmdastjórans. Fyrir dómi staðfesti framkvæmdastjórinn verkaskiptinguna. Hæstiréttur sýknaði stjórnarformanninn með svofelldum rökum:

Ákærði kvaðst hvorki hafa haft á hendi skil á skýrslum vegna virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda né greiðslu á slíku, en sér hafi þó verið kunnugt um að vanskil hafi orðið á þeim. Fyrir héraðsdómi lýsti framkvæmdastjórinn verkaskiptingu milli sín og ákærða efnislega á sama hátt. Að því virtu getur ákærði ekki borið refsíabyrgð á því að vanhöld hafi orðið á skilum skýrslna vegna áðurgreindra gjalda eða vanskil á greiðslu þeirra, sbr. einkum dóm Hæstaréttar 31. maí 2007 í máli nr. 392/2006.

Með niðurstöðu sinni staðfestir Hæstiréttur fordæmisgildi Hrd. 392/2006 sem og raunar Hrd. 354/2013 þrátt fyrir að hafa ekki beint skírskotað til síðarnefnda málsins. Ekki virðist vera gerður greinarmunur á því hvort það sé stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri sem beri fyrir sig þekkingarleysi á rekstri félags sbr. **Hrd. 321/2015** og **Hrd. 777/2015**.

Í **Hrd. 321/2015** var X, framkvæmdastjóri einkahlutafélags, ákærður ásamt Y stjórnarformanni félagsins fyrir að hafa ekki staðið skil á staðgreiðslu opinberra gjalda í störfum sínum fyrir félagið. X bar því við að hún hafi eingöngu sinnt starfsmannamálum í daglegum rekstri félagsins en ekki öðrum verkefnum. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um sýknu X með þeim rökum að gögn málsins hafi gefið það til kynna að ábyrgð á rekstrinum hafi verið í höndum Y stjórnarformannsins og að þrátt fyrir skráða stöðu X sem framkvæmdastjóra hafi hún einungis sinnt starfsmannamálum í félaginu. Gat X því ekki borið refsíabyrgð á vanrækslu með eftirliti á bókhaldi félagsins. Þá bætti Hæstiréttur því við að engin greinarmunur væri gerður á stöðu stjórnarmanns og framkvæmdastjóra hvað þetta varðar.

Nýjasta dómafordæmi Hæstaréttar er varðar vanrækslu á eftirlitsskyldu skv. 68. gr. hfl., **Hrd. 439/2016**, er einnig áhugavert fyrir þeir sakir að héraðsdómur, sem Hæstiréttur staðfestir með vísan til forsendna, telur að túlka eigi 68. gr. hfl. með þeim hætti að stjórnendur geti ekki borið því við að skyldan skv. ákvæðinu sé í höndum annarra starfsmanna en stjórnenda. Þrátt fyrir það sýknar dómurinn annan ákærðu, framkvæmdastjóra félagsins, á þeim grunni að hann hafði ekki með höndum fjármálastjórn innan félagsins heldur annar starfsmaður.

8.2.4 Þekkingarleysi í skaðabótamálum

Framangreindir dómur varða refsíabýrgð. Ekki hefur í sama mæli reynt á þekkingarleysi stjórnenda í skaðabótamálum en þó má líta til dóms **Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3827/2011**. Í málinu hafði LBI hf., sem áður var Landsbanki Íslands, uppi skaðabótakröfu gegn tveimur fyrrverandi framkvæmdastjórum bankans, S og H sem og einum starfsmanni félagsins, SES, sem bar titilinn framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs. LBI hf. taldi að þremmingarnir hafi valdið bankanum tjóni með saknæmum og ólögætum hætti þar sem þau hlutuðust ekki til um að innheimta bankaábyrgð á tilteknu láni sem bankinn hafði veitt Fjárfestingarfélaginu Gretti sem féll í gjalddaga en bankaábyrgðin rann út stuttu síðar. Þar sem lánið fól í sér verulega upphæð gerðu innri reglur bankans það að skilyrði að ákvörðun um lánveitinguna yrði borin upp á bankaráðsfundi en bankaráð var félagsstjórn bankans í skilningi hfl. Með hliðsjón af 68. gr. hfl. taldi héraðsdómur að það komi í hlut framkvæmdastjóra hlutafélags að bera upp þau erindi á stjórnarfundum sem kynna þarf stjórn félags. Báðir framkvæmdastjórnarnir, S og H, báru því við að þeir höfðu ekki haft vitneskju um að bankaábyrgðin væri tímabundin og við það að falla úr gildi. Fyrir dómi þótti sýnt fram á að innan bankans hefði gætt verkaskiptingar á milli framkvæmdastjóranna og að málefni fyrirtækjasviðs hefðu fallið innan verksviðs S en ekki H. Í kjölfarið komst héraðsdómur svo að orði um ábyrgð framkvæmdastjóranna skv. 68. gr. hfl.:

Hjá stefnanda voru, eins og áður segir, starfandi tveir framkvæmdastjórar, þ.e. stefndu Sigurjón og Halldór, en samkvæmt óumdeildri verkaskiptingu innan bankans féllu verkefni fyrirtækjasviðs undir stefnda Sigurjón. Að þessu virtu var það á ábyrgð stefnda Sigurjóns að kynna bankaráði tillögu lánanefndar um lánveitinguna.

Vegna innbyrðis verkaskiptingar hjá bankanum hvíldi lögboðin skylda skv. 68. gr. hfl. þar af leiðandi einungis á öðrum framkvæmdastjóranum en ekki báðum. Í kjölfarið komst héraðsdómur að þeirri niðurstöðu að sýkna bæri framkvæmdastjórnann H þar sem málefnið heyrði ekki undir hann heldur framkvæmdastjórnann S og jafnframt þar sem H átti enga aðkomu að meðferð lánamálsins. Dómurinn gefur til kynna að stjórnendur og framkvæmdastjórar geti komið sér upp innbyrðis verkaskiptingu óháð fyrirmælum lagaákvæða. Þess ber að geta að málinu hefur verið áfrýjað til Landsréttar og verður áhugavert að sjá hvort Landsréttur fallist á rökstuðning héraðsdóms.

Þá má einnig líta til **Hrd. 138/2015** þó svo að í málinu hafi ekki reynt á málsástæðu um þekkingarleysi stjórnanda. Í málinu reyndi á skaðabótaábyrgð endurskoðanda skv. 134. gr. hfl. en Toyota hf. hélt því fram að endurskoðandi félagsins hafi veitt félaginu ranga sérfræðiaðstoð þegar hann gerði skattframtal þess sem hafi leitt til tjóns í formi skattaálags. Endurskoðandinn var sýknaður þar sem skattframtalið var reist á ársreikningi sem gerður var á ábyrgð stjórnar félagsins sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um ársreikninga en ákvæðið kveður á um það með skýrum hætti að ársreikningur félags sé gerður á ábyrgð stjórnar þess. Taldi Hæstiréttur að af ráðningarbréfi endurskoðandans við félagið hafi hann ekki tekið að sér vinnu eða ráðgjöf sem raski lögbundinni ábyrgð stjórnenda skv. fyrrgreindu ákvæði. Þrátt fyrir skýrt orðalag 2. mgr. 3. gr. ársreikningalaga um að ársreikningur félags sé gerður á ábyrgð stjórnar virðist dómurinn líta til gagna málsins, þ.e. ráðningarbréfsins, þegar hann metur hvort raunveruleg ábyrgð á ársreikningi þess hvíli á stjórninni eða öðrum. Dómurinn gefur til kynna að félagsstjórn geti raunar komið sér undan lögbundinni ábyrgð á gerð ársreiknings með því að semja svo um að ábyrgðin hvíli hjá öðrum aðila. Með öðrum orðum komið sér upp verkaskiptingu við utanaðkomandi aðila. Slík nálgun réttarins er áhugaverð í ljósi þess að stjórnarmönnum er almennt óheimilt að framselja vald sitt til ákvarðanatöku vegna ábyrgðar þeirra.¹⁸³

8.2.5 Ályktun

Hafa nú verið reifaðir þeir dómar Hæstaréttar þar sem stjórnarmenn og framkvæmdastjórar hafa borið því við að þeir beri ekki ábyrgð sökum þess að þeir hafi ekki átt aðkomu að tilteknum ákvörðunum eða ekki haft tiltekin verkefni á sínu borði. Byggja stjórnendur á því að þekkingarleysi þeirra á rekstri og fjármálum félags eigi að leiða til þess að þeir beri ekki ábyrgð. Dómaframkvæmd Hæstaréttar bendir til þess að þekkingarleysi geti leitt til ábyrgðarleysis. Geti stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri félags sýnt fram á að hann hafi ekki komið að rekstri félags virðist það leiða til ábyrgðarleysis. Ekki sé því hægt að ganga út frá því að stjórnendum beri í öllum tilvikum að afla sér vitneskju um rekstur félags og hafa eftirlit með honum, líkt og gengið hefur verið út frá í fræðiritum á sviði félagaréttar.¹⁸⁴

Þrátt fyrir nokkuð skýrt orðalag 68. gr. hfl. um að stjórnarmönnum beri að sjá til þess að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi og að þeim beri að hafa eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna félags virðist Hæstiréttur líta til gagna og atvika máls þegar

¹⁸³ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 306.

¹⁸⁴ sama heimild 380.

hann metur hver raunverulega beri ábyrgð á rekstri félags. Rétturinn svo gott sem virðir að vettugi lögboðið eftirlitshlutverk stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Þar af leiðandi er ekki hægt að ganga út frá því að reglufest saknæmi gildi í tilviki bótaábyrgðar stjórnarmanna og framkvæmdastjóra þar sem Hæstiréttur lítur raunar framhjá þeim lögbundnu skyldum sem hvíla á stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum þegar reynir á málsástæðu um þekkingarleysi á rekstri félags.

Þá virðast fyrirsvarsmenn félags geta komið sér upp tiltekinni verkaskiptingu sem leiði til ábyrgðarleysis hjá þeim sem ekki hafði viðkomandi verkefni á sínu borði, óháð lögbundnum skyldum viðkomandi stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra.

8.3 Sérfræðiþekking – menntun

Líkt og komið var inn á í kafla 8.1. hefur almennt verið gengið út frá því að menntun stjórnenda hafi ekki áhrif á sakarmatið þar sem ekki sé um sérfræðinga að ræða. Um þetta hefur þó verið deilt en því hefur meðal annars verið haldið fram að sérfræðiþekking stjórnenda hafi íþyngjandi áhrif á bótaskyldu.¹⁸⁵ Þá hefur því verið haldið fram að sérþekking stjórnenda leiði til ríkari bótaábyrgðar ef um er að ræða það svið sem hann hefur sérþekkingu á.¹⁸⁶ Þegar skoðaðir eru þeir dómur sem tilteknir eru í viðauka I og varða bótaábyrgð stjórnenda hafði menntun stjórnenda enga teljandi þýðingu við sakarmatið. Í aðeins einu tilviki var tekin afstaða til menntunar sem málsástæðu sbr. **Hrd. 593/2013**. Þó verður að setja þann fyrirvara að málið varðar ábyrgð framkvæmdastjóra tiltekins sviðs innan hlutafélags, en ekki framkvæmdastjóra í skilningi hfl. Í málinu hafði Kaupping hf. m.a. uppi skaðabótakröfu gegn KA, fyrrverandi framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs félagsins, en gerður hafði verið lánsamningur milli aðila um kaup KA á hlutabréfum í félaginu. Nokkru síðar samþykkti forstjóri bankans að hlutabréf KA ásamt skuldum sem stóðu að baki kaupnum yrðu færð af nafni KA og yfir í einkahlutafélag í hans eigu. Einkahlutafélagið gat ekki greitt af láninu og vildi bankinn meina að forstjóranum hafi verið óheimilt að samþykkja eignayfirfærsluna. Taldi bankinn jafnframt að KA hafi mátt vera þetta ljóst. Ein málsástæða bankans laut að því að KA væri menntaður viðskiptafræðingur, sérfræðingur og sérfróður aðili. Taldi bankinn að reglur um sérfræðiábyrgð ættu við. Héraðsdómur hafnaði þessari málsástæðu með þeim rökum að ekkert hafi komið fram um það hvaða sérfræðiþekkingu KA hafi búið yfir sem hafi veitt honum

¹⁸⁵ Árni Harðarson (n. 50) 293.

¹⁸⁶ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 377.

stöðu umfram bankann sjálfan. Hæstiréttur tók hins vegar ekki afstöðu til þessarar málsástæðu. Þrátt fyrir takmarkað fordæmisgildi dómsins, bæði þar sem hvorki er um að ræða framkvæmdastjóra í skilningi hfl. né afstöðu Hæstaréttar er hann þó til leiðbeiningar. Virðist staðan vera sú að sá sem heldur því fram að viðkomandi stjórnandi sé sérfræðingur og að um hann eigi að gilda reglur um sérfræðiábyrgð þarf að sýna fram á slíka sérþekkingu og jafnframt með hvaða hætti hún hafi þýðingu í viðkomandi tilviki.

Þar af leiðandi er ekki hægt að ganga út frá því að menntun og sérfræðiþekking stjórnenda hafi ekki þýðingu við sakarmatið. Ofangreindur dómur gefur vísbendingu um að ef sýnt er fram á tiltekna sérþekkingu stjórnanda og um er að ræða það svið sem hann hefur sérþekkingu þá hvíli ríkari bótaábyrgð á honum en ella. Sé staðan hins vegar sú að viðkomandi stjórnandi hafi enga menntun og sé í þeim skilningi ósérfróður hefur það ekki þýðingu við sakarmatið.¹⁸⁷ Ekki er því hægt að ganga út frá því að sakarmatið sé það sama fyrir alla, jafnt sérfróða sem ósérfróða, líkt og haldið hefur verið fram. Sérstakt álitamál er hvort beiti eigi lækkunarreglu 3. mgr. 134. gr. hfl. og 24. gr. skbl. með vísan til þess að viðkomandi stjórnandi er ekki með sérþekkingu. Má um það vísa til **Ufr 1979:777** sem áður hefur verið reifaður en þar var lækkunarreglunni beitt meðal annars með vísan til þess að stjórnarmennirnir höfðu ekki viðskiptakunnáttu. Ekki er að finna sambærilegt fordæmi í íslenskum rétti enda verður að ætla að slík nálgun myndi fremur hvetja til þess að óhæfir einstaklingar tækju sæti í stjórn og jafnframt vinna gegn sjónarmiðum um að sérfræðingar ættu almennt að vera fyrirsvarsmenn félaga.¹⁸⁸

8.4 Lögbundnar takmarkanir á skaðabótaábyrgð stjórnenda

8.4.1 23. gr. skaðabótalaga

Sem fyrr er það sérstakt álitaefni hvort stjórnendur geti borið fyrir sig 23. gr. skbl. til þess að koma sér undan ábyrgð en ákvæðið byggir á þeirri meginreglu að vinnuveitandi beri ábyrgð á því tjóni sem starfsmaður hans veldur í starfi. Kemur þá sérstaklega til skoðunar hvort stjórnendur teljist starfsmenn í þessum skilningi og hvort ákvæðið nái til þeirra. Með **Hrd. 482/2003** tók Hæstiréttur í fyrsta skiptið afstöðu til 23. gr. skbl. og hvort starfsmaður geti orðið bótaábyrgur gagnvart vinnuveitanda sínum skv. ákvæðinu. Í málinu hafði

¹⁸⁷ sama heimild.

¹⁸⁸ Gomard (n. 33) 489.

Lífeyrissjóðurinn L uppi skaðabótakröfu á hendur G fyrrverandi framkvæmdastjóra sjóðsins en L vildi meina að G hafi sýnt af sér gáleysi í tengslum við lánveitingu til fyrirtækisins B. G stóð að lánveitingu til B fyrir hönd L síðla árs 1999 en tveimur árum síðar var B tekið til gjaldþrotaskipta og ekkert fékkst upp í kröfu L. Að mati Hæstaréttar var lánveitingin svo óvenjuleg að G bar að fara að ákvæðum samþykktar sjóðsins og leggja ákvörðunina um lánveitinguna fyrir stjórn sjóðsins til samþykktar. Það hafði G ekki gert. Hæstiréttur taldi að það yrði að meta það G til gáleysis að hafa staðið að lánveitingunni án þess að hafa áður borið það undir stjórn sjóðsins. Þrátt fyrir það var G ekki gerður ábyrgur fyrir tjóninu með vísan til 23. gr. skbl. Hæstiréttur sleppir því alfarið að fjalla efnislega um 23. gr. skbl. og vísar einungis til ákvæðisins. Rétturinn virðist ganga út frá því að framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs teljist starfsmaður í skilningi ákvæðisins og þar sem hann hafi einungis sýnt af sér gáleysi komi ekki til persónulegrar bótaábyrgðar hans.

Í frumvarpi því er varð að skaðabótalögum kemur fram að ákvæðinu sé ætlað að ná til allra hópa launþega. Þá er sérstaklega tekið fram í frumvarpinu að ákvæðið sé orðað þannig að hægt verði að koma fram bótaábyrgð starfsmanns ef það þykir nauðsynlegt af varnaðarástæðum.¹⁸⁹ Frumvarpið má skilja svo að ákvæðið eigi að ná til allra þeirra sem teljast launþegar hjá viðkomandi vinnuveitanda. Ljóst er hins vegar að þegar metið er hvort 23. gr. skbl. eigi við í tilviki stjórnenda þarf að athuga hvort viðkomandi teljist starfsmaður í skilningi reglunnar um vinnuveitandaábyrgð.¹⁹⁰ Þannig má almennt ganga út frá því að þeir sem eru undir boðvaldi einstaklinga á vegum vinnuveitandans teljist starfsmenn í skilningi 23. gr. skbl.¹⁹¹ Þannig nái 23. gr. skbl. einungis til framkvæmdastjóra þar sem hann er undir eftirliti félagsstjórnar en ekki stjórnarmanna þar sem ekki er til staðar yfirmaður yfir stjórnarmönnum. Þessi túlkun er jafnframt í samræmi við túlkun danskra fræðimanna á sambærilegu ákvæði dönsku skaðabótalaganna líkt getið verður að neðan.

Orðalag 23. gr. skbl. gefur til kynna þrennt sem ræður úrslitum um það hvort víkja eigi frá meginreglunni um að starfsmaður beri ekki ábyrgð gagnvart vinnuveitanda sínum. Er það í fyrsta lagi hvað telja megi sanngjarnt þegar litið er til sakar starfsmanns, í öðru lagi hvað telja megi sanngjarnt þegar litið er til stöðu starfsmanns og í þriðja lagi atvika að öðru leyti. Áður

¹⁸⁹ Alþt. 1992-93, A-deild, 3614, 3633.

¹⁹⁰ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005) 259.

¹⁹¹ sama heimild.

hefur verið komið inn á fyrsta skilyrðið en það felur í sér að starfsmaður verði ekki persónulega bótaábyrgur ef hann hefur einungis sýnt af sér gáleysi. Hafa fræðimenn ályktað út frá því að stórkostlegt gáleysi eða ásetning þurfi til þess að hann beri ábyrgð þrátt fyrir að það komi í raun hvergi fram í ákvæðinu.¹⁹² Enn fremur hefur verið talið að ef tjón starfsmanns er rakið til refsiverðrar háttsemi komi fremur til bótaábyrgðar hans.¹⁹³ Annað skilyrðið felur í sér að líta til stöðu starfsmanns. Skilyrðið hefur verið túlkað svo að líta beri til þeirrar stöðu og þekkingar sem starfsmaðurinn hefur umfram vinnuveitanda sinn. Þannig sé eðlilegra að starfsmaðurinn beri ábyrgðina út frá varnaðarsjónarmiðum.¹⁹⁴ Það má alveg færa fram rök fyrir því að stjórnendur séu í sérstakri stöðu innan félags eða lífeyrissjóðs. Þeir hafa yfirsýn yfir félagið og ættu almennt að þekkja reksturinn í megindráttum. Það felast þar af leiðandi ákveðin varnaðarsjónarmið að baki því að stjórnendur séu gerðir ábyrgir fyrir tjóni sem þeir valda vinnuveitanda sínum og öðrum í starfi. Á sama tíma verður að hafa í huga að 23. gr. skbl. felur í sér undantekningarreglu frá meginreglunni um að vinnuveitandi eigi að bera endanlega bótaábyrgð á tjóni sem starfsmaður veldur í starfi. Félagið, vinnuveitandinn, þ.e. sá sem krefur starfsmanninn um skaðabætur, verður því að sýna fram á að skilyrði eru til þess að fallast beri á undantekningu frá þeirri meginreglu.¹⁹⁵ Má hér vísa til **Hrd. 593/2013** sem áður hefur verið reifaður. Í málinu hélt félagið því fram að framkvæmdastjórinn hefði búið yfir tiltekinni þekkingu og reynslu og hann hefði þar af leiðandi tiltekna stöðu umfram félagið. Þessu hafnaði dómurinn með vísan til þess að þekking og reynsla framkvæmdastjórans, umfram þekkingu félagsins, taldist ósönnuð. Virðist því mega ætla að vinnuveitandi þurfi að sanna að staða og þekking stjórnanda, umfram þekkingu vinnuveitandans, sé slík að eðlilegra sé út frá varnaðarsjónarmiðum að stjórnandinn sjálfur beri ábyrgðina skv. 23. gr. skbl. Ekki sé því hægt að ganga út frá því að í öllum tilvikum sé staða þeirra slík að þeiri eigi sjálfir að bera ábyrgðina skv. ákvæðinu. Má raunar einnig vísa til fyrrnefnds **Hrd. 482/2003** þar sem Hæstiréttur virðist telja það óumdeilt, að minnsta kosti í því máli, að framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs geti byggt á 23. gr. skbl. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs hefur því ekki sjálfkrafa tiltekna stöðu eða þekkingu umfram sjóðinn að eðlilegt sé vegna varnaðarsjónarmiða að hann beri endanlega bótaábyrgð. Þriðja skilyrði 23. gr. skbl. er að litið sé til atvika að öðru leyti. Að baki skilyrðinu

¹⁹² Guðmundur Sigurðsson (n. 153) 34.

¹⁹³ sama heimild.

¹⁹⁴ sama heimild 35.

¹⁹⁵ sama heimild 34.

eru sömu sjónarmið og eru að baki 1. mgr. 24. gr. skbl.¹⁹⁶ Vísast því til umfjöllunar um það ákvæði í kafla 6.3.

Nýlega féll dómur **Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3827/2011** en í málinu var tekin afstaða til 23. gr. skbl.¹⁹⁷ Málsatvik voru að nokkru rakin í kafla 8.2.4. Sem fyrr var höfðað skaðabótamál gegn þremur einstaklingum, tveimur framkvæmdastjórum bankans og einum starfsmanni sem bar titilinn framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs en var ekki framkvæmdastjóri í skilningi hfl. Héraðsdómur tók afstöðu til gildissviðs 23. gr. skbl. með eftirfarandi hætti:

[...] Fer því um mat á ábyrgð stefndu Sigurjóns og Halldórs samkvæmt 134. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, en í 1. mgr. greinarinnar kemur meðal annars fram að framkvæmdastjórum sé skylt að bæta hlutafélagi það tjón, er þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Ágreiningslaust er aftur á móti að stefnda Sigríður Elín var ekki framkvæmdastjóri í skilningi laga nr. 2/1995. Verður ábyrgð hennar því eingöngu reist á hinni almennu skaðabótareglu, eins og hún horfir við henni sem einum af yfirmönnum bankans. Í þessu felst jafnframt að við mat á skaðabótaábyrgð stefndu Sigríðar Elínar ber einnig að horfa til þess hvort sanngjarnt sé að krefja hana um bætur þegar litið er til sakar og stöðu hennar sem starfsmanns, svo og atvika að öðru leyti, sbr. 1. og 3. mgr. 23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Dómurinn gerir hér greinarmun á 134. gr. hfl. annars vegar og sakarreglunni hins vegar. Samkvæmt túlkun héraðsdóms kemur 23. gr. skbl. aldrei til skoðunar þegar ábyrgð stjórnenda er reist á 134. gr. hfl. Sé ábyrgðin hins vegar reist á almennu sakarreglunni ber að líta til 23. gr. skbl. Í kjölfarið ber rétturinn 3. mgr. 23. gr. skbl. saman við 134. gr. hfl. og fullyrðir raunar að fyrrnefnda lagaákvæðið feli í sér vægari „bótareglu“ heldur en hið síðarnefnda þar sem síðarnefnda áskilji aðeins einfalt gáleysi. Nálgun dómsins er áhugaverð og ekki yfir gagnrýni hafin. Það verður að teljast sérkennilegt að halda því í fyrstu fram að sakarreglan sé sú bótaregla sem gildi um milliframkvæmdastjórnann en bera síðan saman 3. mgr. 23. gr. skbl. við 134. gr. hfl. og fjalla jafnframt um 3. mgr. 23. gr. skbl. sem sérstaka bótareglu. Telja verður það réttari nálgun að bera saman 134. gr. hfl. við sakarregluna enda eru þetta þær tvær bótareglur sem gilda í málinu. Sakarreglan, líkt og 134. gr. hfl., áskilur einnig aðeins einfalt gáleysi enda felur 134. gr. hfl. í raun í sér lögfestingu á sakarreglunni. Sakarmatið getur hins vegar verið vægara á grundvelli 23. gr. skbl. Hvort 23. gr. skbl. nái til viðkomandi stjórnanda

¹⁹⁶ sama heimild 35.

¹⁹⁷ Málinu hefur verið áfrýjað til Landsréttar og ber því að hafa í huga þann almenna fyrirvara á niðurstöðu héraðsdóms.

getur tæpast ráðist af því hvort 134. gr. hfl. eða sakarreglan gildi enda í raun um að ræða sömu bótaregluna, efnislega séð. Við það má bæta að lögskýringargögn að baki 23. gr. skbl. segja ekkert til um það að gildissvið ákvæðisins eigi að markast af því að bótagrundvöllur sé byggður á tiltekinni bótareglu umfram aðra. Verður því fremur að horfa til þess hvort viðkomandi stjórnandi teljist starfsmaður í skilningi ákvæðisins og í kjölfarið meta hvort telja megi það sanngjarn, þegar litið er til sakar og stöðu starfsmanns og atvika að öðru leyti, hvort hann eigi að bera persónulega ábyrgð óháð því hvaða bótaregla liggur til grundvallar. Slík nálgun er í meira samræmi við gildissvið 23. gr. skbl. Sem fyrr hefur þessari niðurstöðu héraðsdóms hefur verið áfrýjað til Landsréttar og áhugavert verður að sjá túlkun Landsréttar á 23. gr. skbl.

Í dönsku skaðabótalögunum er að finna sambærilegt ákvæði og 23. gr. skbl.¹⁹⁸ Danska ákvæðið hefur verið túlkað svo að það nái til framkvæmdastjóra en ekki stjórnarmanna.¹⁹⁹ Það sem virðist ráða úrslitum í dönskum rétti er hvort til staðar sé yfirmaður yfir viðkomandi starfsmanni. Þannig gildi ákvæðið um framkvæmdastjóra þar sem stjórnarmenn eru æðra settir heldur en framkvæmdastjóri en ekki til sjálfra stjórnarmannanna. Með sömu rökum gildir ákvæðið ekki um framkvæmdastjóra einkahlutafélags þar sem ekki er til staðar aðili sem hefur eftirlit með framkvæmdastjóranum.²⁰⁰

8.4.2 3. mgr. 19. gr. skaðabótalaga

Sem fyrr skiptir töluverðu máli hvort stjórnandi njóti verndar ábyrgðartryggingar þegar tekin er afstaða til persónulegrar bótaskyldu hans, samanber fyrri umfjöllun um 3. mgr. 19. gr. skbl. Ábyrgðartrygging er váttrygging gegn skaðabótaábyrgð sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Hún gegnir því hlutverki að vernda váttryggðan fjárhagslega þegar skaðabótakrafa er gerð á hendur honum. Þá tryggir hún að tjónþoli fái skaðabótakröfu sína greidda án þess að skaðabótakröfunni þurfi að vera beint að tjónvaldi.²⁰¹ Ein tegund ábyrgðartryggingar er stjórnendatrygging en hún tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á váttryggða stjórnendur vegna starfa þeirra fyrir váttryggingartaka, sem öllu jafna er félagið sjálft. Stjórnendatryggingar eru svokallaðar kröfugerðartryggingar en það felur í sér að krafa á hendur stjórnanda þarf að koma fram á gildistíma váttryggingarinnar, m.ö.o. á

¹⁹⁸ LBK 2018-08-24 nr. 1070 om erstatningsansvar (erstatningsansvarsloven).

¹⁹⁹ Jørgen Boe, *Direktørkontrakten: rettigheder, pligter ansvar* / Jørgen Boe (4. útg., Thomson 2000) 51.

²⁰⁰ sama heimild.

²⁰¹ Hildur Þórarinsdóttir, „Skaðabótaábyrgð stjórnenda og stjórnendatryggingar“ (2017) 70 (3) Úlfliótur 439, 447.

vátryggingartímabilinu.²⁰² Umfang verndar stjórnendatryggingar ræðst alltaf af vátryggingarskilmálum en þeir geta takmarkað verndina með ýmsum hætti. Nokkuð hefur reynt á túlkun vátryggingarskilmála stjórnendatrygginga, sbr. **Hrd. 481/2013** og mál **Héraðsdóm Reykjavíkur nr. 3511/2014**. Í þessum kafla verður hins vegar vikið að þýðingu 3. mgr. 19. gr. skbl. fyrir sakarmatið á hendur stjórnendum í skaðabótamálum enda er það sú lögbundna takmörkun sem getur verið til staðar á skaðabótaábyrgð stjórnenda. Um þýðingu þess að samið er um að tekin sé vátrygging til handa stjórnanda vísast til kafla 8.5.

Í frumvarpi því er varð að skbl. segir að 3. mgr. 19. gr. skbl., sem kveður á um að starfsmaður beri ekki ábyrgð á tjóni ef vátrygging tekur til tjónsins, varðar menn sem vinnuveitandi ber ábyrgð á eftir reglunni um vinnuveitandaábyrgð.²⁰³ Þá er tekið fram í frumvarpinu að ef tjóninu er valdið með óvenjulegum eða afbrigðilegum hætti þannig að ekki sé gert ráð fyrir að starfsmaður hegði sér með þeim hætti í starfi, gildir ákvæðið ekki. Ekki hefur mikið reynt á ákvæðið í tilviki bótaábyrgðar stjórnenda en þó má benda á dóm **Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2942/2014** og danskan dóm **UfR 1998:1137**.

Í fyrrgreinda málinu hafði lífeyrissjóðurinn Lífsverk uppi skaðabótakröfu gegn fyrrverandi stjórnarmönnum sjóðsins og VÍS en í gildi var ábyrgðartrygging stjórnarmanna, svokölluð stjórnendatrygging, hjá tryggingafélaginu. Lífsverk hélt því fram að fjárfestingar stjórnarmannanna, fyrir hönd sjóðsins, hafi verið ólögmetar og valdið honum tjóni þar sem fjárfestingarnar hafi ekki verið heimilar skv. 36. gr. ssl. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að þar sem um væri að ræða fjárfestingar í lánshæfistengdum skuldabréfum væru fjárfestingarnar ekki heimilar skv. fyrrgreindu ákvæði og að stjórnarmennirnir hafi þar með sýnt af sér ólögmetar og saknæma háttsemi í skilningi sakarreglunnar. Bótakrafa Lífsverk tók til tveggja viðskipta, annars vegar viðskipta sem leiddu til tjóns að fjárhæð rúmlega 350 m.kr. og hins vegar viðskipta sem leiddu til tjóns að fjárhæð rúmlega 626 m.kr. Stjórnarmennirnir voru tryggðir með stjórnendatryggingu en í skilmálum þeirrar tryggingar kom fram að hámark bóta væri kr. 500 m.kr. í hverju tjóni. Dómurinn taldi, með vísan til 3. mgr. 19. gr. skbl., að allt tjón sjóðsins vegna fyrri viðskiptanna skyldi greiðast úr ábyrgðartryggingunni enda var ekki um að ræða stórkostlegt gáleysi eða ásetning af hálfu stjórnarmannanna. Hvað síðari viðskiptin varðaði taldi dómurinn að 500 m.kr. skyldu greiðast úr ábyrgðartryggingunni eða sú

²⁰² sama heimild 448.

²⁰³ Alþt. 1992-93, A-deild, 3614, 3661.

hámarksfjárhæð sem kveðið væri á um í skilmálum tryggingarinnar. Það tjón sem var umfram hámark tryggingarinnar, 126 m.kr., hvíldi að mati dómsins persónulega á stjórnarmönnum en var þó lækkuð með vísan til 24. gr. skbl. líkt og áður hefur verið rakið. Skilja má niðurstöðuna svo að sú fjárhæð sem fer umfram hámark ábyrgðartryggingar hvílir persónulega á stjórnarmönnum.

Sé staðan sú að fleiri en einn stjórnandi hafi sýnt af sér saknæma háttsemi en þeir eru ekki allir tryggðir með ábyrgðartryggingu, t.d. einungis einn þeirra, þá ber að hafa hliðsjón af 19. gr., sbr. 2. mgr. 25. gr. skbl. Það felur í sér að við sakarmatið ber að taka tillit til ábyrgðartrygginga með þeim hætti að bótaábyrgð er lögð á þann sem tryggður er með slíkri tryggingu.²⁰⁴ Skiptir þá ekki máli þó allir stjórnendurnir hafi sýnt af sér sömu saknæmu háttsemina. Um þetta má vísa í danskt mál **UfR 1998:1137**. Í málinu höfðu kröfuhafar fótboltafélags uppi skaðabótakröfu gegn stjórnendum þess þar sem þeir töldu að þeir hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að stjórnarmenn félagsins hafi ekki fyrr gefið það upp til gjaldþrotaskipta þegar þeim mátti vera ljóst að félagið gat ekki staðið í skilum við lánadrottna þess. Dómurinn taldi stjórnendurna hafa sýnt af sér saknæma háttsemi og taldi raunar að félagsstjórninni í heild hafi mátt vera ljóst að gefa hefði átt bú félagsins til gjaldþrotaskipta fyrr en gert hafði verið. Ekki var því gerður greinarmunur á háttsemi eins stjórnanda umfram háttsemi annarra. Þrátt fyrir þetta var einungis stjórnarformaður félagsins dæmdur bótaskyldur, með vísan til 3. mgr. 25. gr. dönsku skaðabótaganna (2. mgr. 25. gr. skbl.), þar sem hann var tryggður með ábyrgðartryggingu sem tók til alls tjónsins.

8.5 Samningsbundnar takmarkanir á skaðabótaábyrgð stjórnenda

Það eru ekki einungis lögfest ákvæði sem geta takmarkað bótaskyldu eða haft veruleg áhrif á sakarmatið. Sú staða getur verið uppi að stjórnandi hefur gert samning við félagið um takmörkun ábyrgðar. Þannig getur stjórnandi samið svo við félagið að það haldi honum skaðlausum af mögulegum bótakröfum á hendur honum. Koma hér sérstaklega til skoðunar ákvæði ráðningarsamnings um að félagið kaupi ábyrgðartryggingu til handa stjórnandanum og skaðleysisyfirlýsingar félagsins. Þó má einnig skoða áhrif starfslokasamninga, yfirlýsinga tjónþola og áhrif samninga sem færa lögbundna ábyrgð yfir á annan en þann sem bera á hina lögbundnu ábyrgð.

²⁰⁴ Alþt. 1992-93, A-deild, 3614, 3667.

Þegar rætt er um skaðleysi stjórnanda gagnvart vinnuveitanda koma til skoðunar annars vegar stjórnendatryggingar og hins vegar skaðleysisyfirlýsingar. Með skaðleysisyfirlýsingum er átt við að tilteknum einstaklingi, t.d. stjórnanda, er veitt skaðleysi gegn mögulegum bótakröfum. Hversu víðtækt skaðleysið er ræðst síðan af efni yfirlýsingarinnar hverju sinni.²⁰⁵ Með hliðsjón 1. mgr. 135. gr. hfl., sem kveður á um að hluthafafundur taki ákvörðun um að hafa uppi skaðabótakröfu skv. 134. gr. hfl., verður að telja að einungis hluthafafundur geti gefið út skaðleysisyfirlýsingu til handa stjórnanda.²⁰⁶ Félagsstjórn getur þar af leiðandi ekki tekið ákvörðun um að veita einum stjórnarmanni eða jafnvel framkvæmdastjóra skaðleysi.

Í dönskum rétti er einnig gengið út frá því að einungis hluthafafundur geti gefið út skaðleysisyfirlýsingu. Slíkar yfirlýsingar myndu hins vegar einungis geta gilt um atvik sem áttu sér stað á síðasta fjárhagsári félags og einungis um atvik sem þegar er vitað um.²⁰⁷ Ekki kæmi því til greina að gefa út skaðleysisyfirlýsingu fyrirfram.²⁰⁸ Þá er talið að skaðleysisyfirlýsingar geti ekki bundið lánadrottna félags þegar félagið er gjaldþrota.²⁰⁹ Er það eðlilegt enda myndi það að öðrum kosti leiða til þess að lánadrottinnar félags gætu hvorki snúið sér að félaginu né stjórnendum þess til þess að innheimta mögulega bótakröfu.

Gild skaðleysisyfirlýsing hefur þau áhrif að félagið sjálft getur ekki haft uppi bótakröfu gegn eigin stjórnanda og þarf að bera tjón sitt sjálft. Hvað þriðja aðila varðar verður að telja að skaðleysisyfirlýsing félags hafi þau áhrif að bótakrafa stofnist á hendur félaginu í stað stjórnanda. Geti þriðji aðili ekki snúið sér að félaginu verður að ætla að skaðleysisyfirlýsingin sé ógild.

Áður hefur verið rætt um hvaða þýðingu ábyrgðartrygging stjórnenda hefur skv. 3. mgr. 19. gr. skbl. Hins vegar má athuga hvaða þýðingu það hefur ef samið hefur verið um að félagið taki slíka tryggingu, t.d. í ráðningarsamningi, og hvort það eitt og sér feli í sér skaðleysisyfirlýsingu óháð því hvort tryggingin gildi eða sé til staðar. Á þetta reyndi í máli **Hrd. 641/2015** og máli **Héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-3827/2011**. Í báðum þessum málum réðist niðurstaðan á því að í ráðningarsamningi framkvæmdastjóra hlutafélags var til staðar skuldbinding af hálfu félagsins til að taka stjórnendatryggingu og þar sem félaginu tókst ekki

²⁰⁵ Hildur Þórarinsdóttir (n. 201) 457.

²⁰⁶ sama heimild.

²⁰⁷ Werlauff (n. 98) 244.

²⁰⁸ sama heimild.

²⁰⁹ sama heimild.

að sýna fram á að tjónið hefði fengist bætt úr tryggingunni ef eftir því hefði verið leitað án ástæðulauss dráttar var framkvæmdastjórinn sýknaður af kröfu félagsins. Málsatvik í **Hrd. 641/2015** voru eftirfarandi:

Í málinu var deilt um það hvort S, sem bankastjóri og Y sem framkvæmdastjóri verðbréfasviðs hefðu í störfum sínum fyrir L hf. valdið bankanum skaðabótaskyldu tjóni í tengslum við hlutabréfakaup á árunum 2007 og 2008. Vildi bankinn meina að S og Y hefðu brotið áhættureglur bankans með því að fara fram úr leyfilegum áhættumörkum vegna viðskiptanna, ekki gert formlega samninga við viðskiptamenn um kaup á hlutabréfunum og að skort hefði tilskilið samþykki yfirmanna bankans. Héraðsdómur hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að þeir bæru skaðabótaábyrgð gagnvart bankanum. Hæstiréttur rekur hins vegar ákvæði ráðningarsamninga S og Y en samkvæmt samningunum hafði bankinn skuldbundið sig til þess að taka vátryggingu, svokallaða stjórnendatryggingu, þeim til hagsbóta. Hæstiréttur túlkaði ákvæði ráðningarsamningana svo að S og Y máttu treysta því að þurfa ekki að bæta bankanum það tjón sem þeir kynnu að valda honum í störfum sínum, að því tilskildu að tjónið yrði bætt samkvæmt skilmálum slíkrar tryggingar. Í ljósi þess að bankanum tókst ekki að sýna fram á að tjónið hefði fengist bætt úr tryggingunni, ef eftir því hefði verið leitað, voru S og Y sýknaðir af bótakröfu bankans.

Niðurstaða réttarins er áhugaverð í ljósi þess að rétturinn telur að ákvæði ráðningarsamnings veiti stjórnendunum skaðleysi. Sem fyrr getur einungis hluthafafundur veitt stjórnanda skaðleysi. Ákvæði ráðningarsamnings um skaðleysi getur því einungis gilt hafi viðkomandi ráðningarsamningur verið borinn undir hluthafafund og hluthafar jafnframt samþykkt hann. Hæstiréttur tekur ekki afstöðu til þessa atriðis í niðurstöðu sinni heldur staðfestir einfaldlega gildi ákvæðis ráðningarsamningsins. Þá virðist L hf. ekki hafa byggt á þessari málsástæðu í málinu en ætla verður að það hafi haft áhrif á niðurstöðuna þar sem L hf. ætti að geta staðfest hvort ákvæði ráðningarsamningsins hafi verið borin undir hluthafafund eða ekki.

Sambærileg staða var í máli E-3827/2011. Þar hafði héraðsdómur fallist á að framkvæmdastjóri hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í skilningi 134. gr. hfl. Þar sem til staðar var ákvæði í ráðningarsamningi um kaup á stjórnendatryggingu hafði bankinn hins vegar „firrt sig rétti til að krefja téðan stefnda um bætur vegna þeirrar háttsemi hans sem áður er lýst, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 22. september 2016 í máli nr. 641/2015.“ Þá tekur

héraðsdómur einnig fram að bankinn hefði getað gætt hagsmuna sinna með takmarkaðri skaðleysisyfirlýsingu, t.d. með ítarlegri ákvæðum í ráðningarsamningi. Það hafi hann hins vegar ekki gert.

Dómarnir gefa til kynna að skaðleysisyfirlýsingar í þessu formi, það er ákvæði ráðningarsamnings um að félagið kaupði ábyrgðartryggingu, veiti stjórnendum mikla vernd. Ekki virðist skipta máli þótt hluthafafundur hafi ekki samþykkt skaðleysisyfirlýsinguna. Líkt og síðari dómurinn gefur til kynna ræðst verndin hins vegar af orðalagi skaðleysisyfirlýsingarinnar hverju sinni. Má um það einnig vísa í fyrrnefndan **Hrd. 482/2003**.²¹⁰ Málsatvik voru rakin í kafla 8.4.1. en sjóðurinn hafði gert starfslokasamning við framkvæmdastjórann þar sem fram kom að aðilar ættu ekki kröfu hvor á annan umfram það sem í samningnum segði vegna starfslokanna. Framkvæmdastjórinn bar því meðal annars við að umrætt ákvæði starfslokasamningsins kæmi í veg fyrir að bótakrafa sjóðsins næði fram að ganga. Á það féllst Hæstiréttur ekki og túlkaði ákvæðið svo að það kæmi ekki í veg fyrir að sjóðurinn gæti átt skaðabótakröfu á hendur framkvæmdastjóranum, sér í lagi ef atvik að slíkri ábyrgð komu síðar í ljós. Hæstiréttur virðist líta svo á að ákvæðið nái einungis til uppgjors launa og starfsloka framkvæmdastjórans en hafi ekkert að gera með mögulega skaðabótakröfu á hendur honum vegna stjórnunarstarfa hans. Málið hefði líklegast horft öðruvísi ef ákvæðið hefði sérstaklega snúið að mögulegum bótakröfum á hendur framkvæmdastjóranum.

8.6 Undanfarandi refsíabyrgð

Eitt þeirra atriða sem geta haft veruleg áhrif á sakarmat stjórnenda og mögulega skaðabótaábyrgð er undanfarandi refsíabyrgð. Með því er átt við að viðkomandi stjórnandi hafði, áður en til skaðabótamálsins kom, verið dæmdur til refsingar í sakamáli fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (hér eftir „hgl.“) vegna sömu háttsemi. Um þýðingu undanfarandi refsíabyrgðar á sakarmat í skaðabótamáli má vísa til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. **S-591/2014**, nr. **E-4995/2013** og **Hrd. 325/2017**. Fyrstnefnda málið er sakamál á hendur fyrrverandi forstjóra Kaupþings banka, fyrrverandi framkvæmdastjóra o.fl. fyrir fjárdrátt, umboðssvik, peningabætti og hylmingu. Var einungis um að ræða brot gegn ákvæðum hgl. Kaupþing hafði uppi skaðabótakröfu í málinu og einnig kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu. Í málinu voru stjórnendurnir sakfelldir fyrir umrædd brot og dæmdir til

²¹⁰ Sjá hér einnig Hrd. 13/2011.

refsingar. Héraðsdómur tók kröfu bankans um viðurkenningu á bótaskyldu stjórnendanna til greina með eftirfarandi rökum:

Ákærðu Hreiðar Már, Magnús og Skúli, hafa hér að framan verið sakfelldir fyrir refsiverða háttsemi gagnvart Kaupþingi banka hf. Því er slegið föstu að með þessari ólögmætu háttsemi sinni hafi ákærðu bakað Kaupþingi hf. eitthvert fjártjón, sem þeim ber að bæta eftir reglum skaðabótaréttar. Þar sem þannig háttar til verður ekki hjá því komist að taka til greina þrautavarakröfu Kaupþings hf. og viðurkenna skaðabótaskyldu ákærðu Hreiðars Más, Magnúsar og Skúla gagnvart bankanum.

Í máli **héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-4995/2013** voru málsatvik þau að þrotabú B ehf. hafði uppi skaðabótakröfu gegn H en H var eini eigandi A sem átti jafnframt allt hlutafé í nefndu B ehf. Málið varðar þyrlu sem B ehf. átti en þyrlan hafði verið seld til annars félags án endurgjalds. Þegar héraðsdómur tók afstöðu til bótakröfu á hendur H var í fyrsta lagi litið svo á að hann hafi verið í raunverulegri aðstöðu til þess að taka ákvörðun um viðskiptin þrátt fyrir að hafa ekki gegnt neinni formlegri stöðu hjá B ehf. Það sem er hins vegar áhugavert er sakarmat dómsins. H hafði tæpu ári áður verið dæmdur með dómi Hæstaréttar fyrir umboðssvik vegna sömu viðskipta. Þegar héraðsdómur tekur afstöðu til bótaábyrgðar vísar hann einfaldlega til þess að H hafi áður verið dæmdur fyrir umboðssvik og í ljósi þess hafi hann „valdið stefnanda með saknæmum, ólögmætum og refsiverðum hætti fjárhagslegu tjóni og tjónið sé sennileg afleiðing þeirrar háttsemi stefnda og orsakatengsl séu milli hinnar ólögmætu háttsemi og hins fjárhagslega tjóns stefnanda og skaðabótaskyldu hans leiði af almennu sakarreglunni.“

Virðist mega túlka niðurstöðu dómanna tveggja svo að ef sýnt er fram á refsiverða háttsemi viðkomandi stjórnanda þurfi einungis að sýna fram á orsakatengsl á milli þess og einhvers tjóns. Þó verður að setja þann fyrirvara að ekki er um hæstaréttardóma að ræða og hafa þeir því takmarkaðra fordæmisgildi en ella.

Undanfarandi refsíabyrgð getur einnig haft áhrif á einstakar málsástæður í síðari skaðabótamáli, sbr. **Hrd. 325/2017**. Málið varðaði bótakröfu þrotabús M ehf. gegn fyrrverandi stjórnarmönnum þess en þeir höfðu látið félagið fjármagna þeirra eigin kaup á hlutabréfum í sjálfu félaginu. Héraðsdómur, sem Hæstiréttur staðfesti með vísan til forsendna, leit sérstaklega til þess í sakarmati sínu að stjórnarmennirnir höfðu áður með dómi Hæstaréttar verið dæmdir fyrir umboðssvik skv. 249. gr. hgl. og hlutdeild í slíku broti. Í málinu hafði annar

þeirra uppi málsástæðu um þekkingarleysi, hann hafi ekki verið virkur hluthafi, gegnt takmörkuðu hlutverki í félaginu og ekki kynnt sér þá gerninga sem hann skrifaði undir. Að mati héraðsdóms var þessi málsástæða haldlaus og virðist það einkum ráðast af fyrrgreindum refsidómi þar sem hann hafði verið dæmdur fyrir hlutdeild í umboðssvikum.

8.7 Bótaregla 2. mgr. 64. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991

8.7.1 Skyldan

Líkt og áður hefur verið komið inn á, hvílir sérstök skylda á félagsstjórn að gefa bú félags upp til gjaldþrotaskipta þegar félagið getur ekki lengur staðið í fullum skilum við lánadrottna sína þegar kröfur þeirra falla í gjalddaga, sbr. 2. mgr. 64. gr. gbl. Til þess að átta sig betur á því hvernig dómstólar túlka skylduna í 2. mgr. 64. gr. gbl. má vísa til **Hrd. 7/2004**. Í málinu höfðaði A, kröfuhafi í bú B ehf., skaðabótamál á hendur T, fyrrverandi framkvæmdastjóra og stjórnarmanni B ehf. en B ehf. hafði gert vörukaupasamninga við A stuttu áður en B var gefið upp til gjaldþrotaskipta. A hélt því fram að á T hafi hvílt skylda til þess að gefa bú félagsins upp til gjaldþrotaskipta áður en félagið pantaði vörunar úr hendi A. Um skylduna skv. 2. mgr. 64. gr. gbl. sagði Hæstiréttur:

Skylda sú, sem hér um ræðir, ræðst eftir hljóðan ákvæðisins eingöngu af fyrrsjáanlegri getu skuldarans til að standa í skilum með greiðslu skuldbindinga sinna þegar þær falla í gjalddaga. Takist skuldara það, hvort sem er með því að verða sér úti um fé með aflahæfi sínu eða með því að ganga á eignir sínar eða taka fé að láni er honum hvorki rétt né skylt samkvæmt ákvæðinu að krefjast gjaldþrotaskipta á búi sínu. Gildir þá einu út af fyrir sig hvort tap hefur orðið af atvinnurekstri hans eða andvirði eigna hrökkvi ekki fyrir skuldum.

Rétturinn gefur hér til kynna að ef félagi tekst að greiða skuldbindingar sínar, hvernig svo sem það er gert, er félagsstjórn ekki skylt að gefa bú þess upp til gjaldþrotaskipta. Með gagnályktun verður þá að ætla að ef félagi tekst ekki að greiða skuldbindingar sínar, þegar þær falla í gjalddaga, sé félagsstjórn skylt að gefa bú þess upp til gjaldþrotaskipta. Í kjölfarið komst rétturinn að því að vísa bæri málinu frá þar sem gögn málsins sýndu hvorki fram á skuldbindingar félagsins við aðra á sama tíma og umrædd vörukaup áttu sér stað né tekjöflun félagsins á umræddum tíma.²¹¹

²¹¹ Sjá einnig **Hrd. 60/2004** og **Hrd. 266/1992**. Fyrrgreinda málinu var vísað frá vegna skorts á upplýsingum um fjárhag félagsins en í hinu síðara leiddi skortur á gögnum og upplýsingum til sýknu.

Þannig virðist sem svo að málum hafi einfaldlega verið vísað frá þegar ekki lágu fyrir nægar upplýsingar um fjárhag félags til þess að hægt hafi verið að taka afstöðu til þess hvenær gefa hefði átt bú þess upp til gjaldþrotaskipta. Ætla verður að þetta sé nokkuð heppilegt fyrir stjórnendur þar sem sá sem höfðar bótamál vegna ætlaðra brota á skyldunni er oft og tíðum aðili sem á ekki aðkomu að rekstri félags og hefur því ekki aðgang að þeim gögnum sem þurfa að liggja fyrir í bótamálinu.

8.7.2 Bótareglan

Með lögum nr. 95/2010 var ákvæðinu breytt en við ákvæðið bættist að ef þeir einstaklingar sem bærir eru um að taka ákvörðun um að leita gjaldþrotaskipta á búi félags láti það hjá líða þá bera þeir skaðabótaábyrgð gagnvart lánadrottnum félagsins að því leyti sem þeir fara af þessum sökum á mis við fullnustu krafna sinna, enda sýni þeir ekki fram á að sú vanræksla hafi ekki verið þeim saknæm. Ákvæðinu var breytt til þess að taka af allan vafa um bótaábyrgð stjórnenda sem vanrækja þessa skyldu en ekki var kveðið á um sérstaka bótareglu í ákvæðinu fyrr en breytingin tók gildi.²¹² Þrátt fyrir það var talið að bótaábyrgð stjórnenda væri til staðar en þá einungis á grundvelli almennu sakarreglunnar. Ólíkt öðrum bótareglum sem gilda um stjórnendur, til að mynda 134. gr. hfl., byggir 2. mgr. 64. gr. gþl. á sakarlíndareglu. Það felur í sér að það kemur í hlut stjórnenda að sýna fram á að vanræksla þeirra á að gefa bú félags upp til gjaldþrotaskipta hafi ekki verið saknæm. Takist slík sönnun ekki bera þeir bótaábyrgð samkvæmt ákvæðinu. Markmiðið með ákvæðinu er að tryggja að stjórnendur sinni þessari lögbundinni skyldu en þessa skyldu má raunar einnig finna í 1. mgr. 105. gr. hfl. og 1. mgr. 80. gr. ehfl.²¹³ Ekki þykir ólíklegt að fyrrgreindar niðurstöður réttarins um skyldu 2. mgr. 64. gr. gþl. hafi verið hafðar í huga þegar ákvæðinu var breytt enda leiðir sakarlíkindaregla til þess að tjónþoli þurfi ekki að leggja fram gögn um fjárhag félagsins. Eftir að ákvæðinu var breytt féll dómur **Hrd. 187/2016** sem sýnir jafnframt breytta nálgun réttarins. Nánar tiltekið voru málsatvik eftirfarandi:

Í málinu höfðaði G-höllin hf. skaðabótamál gegn B, fyrrverandi framkvæmdastjóra, og G fyrrverandi stjórnarformanni G-hússins ehf., vegna vanrækslu þeirra að hlutast til um að bú G-hússins ehf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta eftir að félagið varð ógjaldfært. Þann 9. nóvember 2012 hafði G farið þess á leit við Héraðsdóm að bú félagsins yrði tekið til gjaldþrotaskipta en

²¹² Alþt. 2009-2010, A-deild, þskj. 768 - 447. mál, athugasemdir við 16. gr.

²¹³ sama heimild.

einungis níu dögum síðar afturkallaði hann beiðnina. Þann 30. nóvember 2012 ráðstafaði félagið rekstrarmunum sínum til Best Buy ehf. Bæði B og G rituðu undir afsals- og kaupsamninginn en ráðstöfunin leiddi til þess að nánst engar eignir voru eftir í eigu G-hússins ehf. Nokkru síðar var G-húsið ehf. tekið til gjaldþrotaskipta en G-höllin hf., sem jafnframt átti kröfu á hendur G-húsinu ehf., fékk lítið sem ekkert upp í kröfu sína. Héraðsdómur felldi bótaskyldu á bæði B og G með þeim rökum að þeim hafi ekki tekist að sýna fram á að þeim hafi ekki verið skylt að gefa bú félagsins upp til gjaldþrotaskipta og jafnframt að þeir hafi brotið gegn 1. mgr. 51. gr. ehfl. um að fyrirsvarsmenn einkahlutafélags megi ekki gera nokkrar þær ráðstafanir sem fallnar eru til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Túlkun héraðsdóms á 2. mgr. 64. gr. gpl. er í fullu samræmi við breytinguna á ákvæðinu. Þrátt fyrir að Hæstiréttur hafi einnig felld bótaskyldu á B og G var afstaða Hæstaréttar til skyldunnar skv. 2. mgr. 64. gr. gpl. nokkuð önnur en rétturinn tók afstöðu til ákvæðisins með eftirfarandi hætti:

Við þessar aðstæður í rekstri félagsins bar að grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir greiðslubrot en ella var áfrýjandanum Guðna sem eina stjórnarmanni félagsins skylt að gefa það upp til gjaldþrotaskipta, sbr. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 21/1991 og 1. mgr. 80. gr. laga nr. 138/1994. Jafnframt er þess að gæta að sem framkvæmdastjóra félagsins mátti áfrýjandanum Brynjari vera ljóst hvernig fjárhag félagsins var komið þótt honum bæri ekki sjálfum vegna þeirrar stöðu að hlutast til um gjaldþrotaskipti á búi þess.

Sem fyrr hvílir skyldan skv. 2. mgr. 64. gr. gpl. og 1. mgr. 80. gr. ehfl. einungis á félagsstjórn en ekki framkvæmdastjórn. Til þess að hægt sé að fella bótaábyrgð einnig á framkvæmdastjóra verður slík ábyrgð að byggja á ákvæði 108. gr. ehfl. Áhugavert er að líta til þess að fyrir Hæstarétti voru B og G einungis bótaskyldir fyrir brot gegn 108. gr. ehfl. Virðist Hæstiréttur því, að lokum, líta framhjá 2. mgr. 64. gr. gpl. og einungis byggja á því að B og G séu bótaskyldir á grundvelli 108. gr. ehfl.

Niðurstaða réttarins er áhugaverð. Fyrrgreind orðalag Hæstaréttar um framkvæmdastjórn B, um að honum hafi mátt vera ljóst hvernig fjárhag félagsins var komið, virðist opna á þann möguleika að framkvæmdastjórn geti orðið bótaábyrg ef bú félags er ekki gefið upp til gjaldþrotaskipta þegar það getur ekki staðið í skilum við lánadrottna sína. Virðist sú bótaskylda þannig geta byggst á 108. gr. ehfl. Þrátt fyrir að skyldan skv. 2. mgr. 64. gr. gpl. hvíli einungis á félagsstjórn. Gefur dómurinn til kynna þennan möguleika þegar sú staða er uppi að framkvæmdastjórn er meðvituð um fjárhag félags og á aðkomu að löggæringum eftir að gefa

hefði átt bú þess upp til gjaldþrotaskipta. Þó verður að setja þann fyrirvara að Hæstiréttur vísar vissulega til 51. gr. ehfl. og að ráðstöfun B og G hafi sannanlega brotið gegn því ákvæði.

8.8 Mótmæli – gerðabók og úrsögn

Stjórnarmaður getur verið í þeirri stöðu að hann sé ósammála meirihluta félagsstjórnar eða framkvæmdastjóri verið ósammála fyrirmælum félagsstjórnar. Í þeim tilvikum ber þeim að grípa til aðgerða en ef þeir fylgja ákvörðun meirihluta eða framkvæmdastjóri framfylgir fyrirmælum félagsstjórnar, án þess að aðhafast frekar, geta þeir orðið meðábyrgir ef háttsemin leiðir til bótaskyldu.²¹⁴

Stjórnarmanni stendur til boða að láta skrá sérálit sitt í gerðabók en samkvæmt 4. mgr. 70. gr. hfl. skal haldin gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum. Hæstiréttur hefur ekki svarað því með beinum hætti hvaða áhrif sérálit í gerðabók hefur á skaðabótaábyrgð stjórnarmanns. Því hefur verið haldið fram að þar sem innihald gerðabókar sé ekki aðgengileg öllum, geti sérálit um mótmæli við tiltekinni ákvörðun einungis leitt til ábyrgðarleysis þegar um minniháttar ákvarðanir er að ræða.²¹⁵

Ef stjórnarmaður er ósammála ákvörðun meirihlutans getur hann einnig sagt sig úr stjórn félags, sbr. 1. mgr. 64. gr. hfl. Þetta getur stjórnarmaður getur hvenær sem er. Svo lengi sem félagið verði ekki alveg án stjórnar, þá er viðkomandi ekki lengur í fyrirsvari fyrir félagið um leið og hann segir starfi sínu lausu, sbr. 3. mgr. 64. gr. hfl. Afsögn ein og sér getur auðvitað ekki leitt til þess að viðkomandi stjórnarmaður losnar undan skaðabótaábyrgð vegna atvika og tjóns sem komu til áður en hann sagði starfi sínu lausu. Áhugavert er hins vegar að skoða hvaða áhrif afsögn hefur á bótaábyrgð og tjón sem kemur til eftir að stjórnarmaður hefur hætt störfum. Ekki er útilokað að afsögn stjórnarmanns geti leitt til þess að hann beri skaðabótaábyrgð á atvikum sem koma upp eftir á, sér í lagi þegar til staðar eru líkur á einhversskonar misnotkun með fjármuni félags á meðan stjórnarmaðurinn er enn við störf.²¹⁶ Um þetta má vísa til tveggja danskra dóma **UfR 1997:283** og **UfR 2004:2253**.

Í **UfR 1997:283** voru atvik þau að þrotabú félags höfðaði mál gegn fyrrverandi stjórnarformanni og stjórnarmanni vegna tjóns sem hlaut af því að framkvæmdastjóri

²¹⁴ Árni Harðarson (n. 50) 283.

²¹⁵ Jan Schans Christensen, *Ledelse & aktionærer: 6 essays om den moderne selskabs- og børsret* (Gad 1992) 49.

²¹⁶ Werlauff (n. 98) 243.

félagsins hafði misnotað fjármuni félagsins með ólögmætum hætti. Stjórnarmennirnir báru því við að hafa sagt upp störfum í febrúar 1987, áður en framkvæmdastjórinn misnotaði aðstöðu sína í apríl á sama ári. Hæstiréttur Danmerkur dæmdi stjórnarformanninn bótaskyldan þar sem honum mátti hafa verið ljóst í febrúar 1987 að hætta væri á misnotkun framkvæmdastjórans á aðstöðu sinni. Á honum hafi þar af leiðandi hvílt sú skylda að upplýa fjárfesta félagsins um þá hættu. Það hafi hann hins vegar ekki gert heldur sagt upp störfum og einfaldlega gengið burt frá félaginu.

Í **UFR 2004:2253** höfðaði þrotabú fjárfestingarbanka skaðabótamál gegn fyrrverandi stjórnendum bankans. B, Stjórnarformaður félagsins, hafði svikið innistæðueigendur en hann hafði tilkynnt þeim að innistæður þeirra væru tryggðar sem síðar kom í ljós að var ekki. H sat einnig í stjórn félagsins en einungis frá febrúar til nóvember 1996. Rétturinn dæmdi H bótaskyldan með þeim rökum að honum hafði borist bréf þar sem fram komu upplýsingar um að vandræði væru með nefnda tryggingu. Þar sem hann upplýsti ekki aðra stjórnarmenn um innihald bréfsins var hann talinn hafa vanrækt skyldur sínar og borið ábyrgð á tjóni sem varð á tímabilinu frá því hann tók sæti í febrúar 1996 og allt til gjaldþrota bankans í mars 1997 þrátt fyrir að hafa sagt upp störfum í nóvember 1996.

Þá má geta þess að stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra er óheimilt að framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila innan félagsins ef ákvarðanir eru ógildar vegna þess að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir, sbr. 2. mgr. 76. gr. hfl. Að framfylgja ólögmætri ákvörðun hluthafafundar getur þar af leiðandi leitt til bótaskyldu. Ákvarðanir hluthafafundar geta hins vegar verið ólögmætar af öðrum ástæðum heldur en að um brot á lögum eða félagssamþykktum sé að ræða. Það er grundvallarregla að undirmenn þurfa ekki að framfylgja ólögmætum skipunum yfirmanna sinna og það að framfylgja slíkri ákvörðun getur leitt til bótaskyldu viðkomandi undirmanns.²¹⁷ Í þessu tilviki virðist staðan vera sú að stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum sé einungis óheimilt að framfylgja ákvörðun hluthafafundar þegar slík ákvörðun brýtur gegn lögum eða félagssamþykktum. Með gagnályktun getur stjórnendum hins vegar verið skylt að framfylgja ákvörðunum sem eru ólögmætar af öðrum ástæðum. Kemur ákvæðið þannig ekki í veg fyrir að hluthafafundur leggi þá skyldu á stjórnendur að framfylgja slíkri ákvörðun og að það geti að sama skapi leitt til

²¹⁷ Gomard (n. 99) 58.

bótaábyrgðar viðkomandi stjórnanda. Ákvæðið felur í sér viðbótarskilyrði sem samræmist illa þeirri grundvallarreglu að lægra settur aðili þurfi ekki að framfylgja ólögumætum skipunum frá æðra settum aðila.²¹⁸

8.9 Laun stjórnenda

Þegar skoðaðir voru þeir dómur sem taldir eru upp í viðauka I var ekki hægt að sjá að Hæstiréttur hafi tekið afstöðu til þess með beinum hætti hvaða áhrif laun stjórnenda höfðu á sakarmatið. Þannig er ekki hægt að fullyrða hvaða áhrif laun hafa á sakarmat dómstóla héraðs. Þó má vísa til tveggja danskra dóma **Ufr 1925:244** og **Ufr 1998:1137**. Báðir þessir dómur voru reifaðir í kafla 6.3. um lækkunarheimildir en í stuttu máli hafði lág þóknun stjórnenda engin áhrif á ábyrgð þeirra og leiddi jafnframt ekki til þess að réttlæti beitingu lækkunarheimilda. Má draga þá ályktun að háar launafjárhæðir leiði að sama skapi ekki til strangara sakarmats. Dómarnir eru til marks um það að fjárhæð launa stjórnenda hafi engin áhrif á sakarmatið.

8.10 Fjölskyldutengsl milli stjórnarmanna

Félög geta oft og tíðum verið að öllu leyti í eigu fjölskyldu. Þannig er einn meðlimur fjölskyldunnar eigandi félags og aðrir meðlimir hennar settir í stjórn einkum vegna þess að hfl. gera ráð fyrir þremur einstaklingum í stjórn hið fæsta. Er þá stjórnarseta þeirra jafnvel til málamynda og koma þeir ekki að neinu leyti að rekstri félagsins. Í þessum tilvikum hefur verið talið að sama sakarmatið gildi óháð fjölskyldutengslum.²¹⁹ Þannig eru gerðar sömu kröfur til þeirra líkt og við á um ósérfróða aðila.²²⁰ Má um það vísa til þriggja dóma Hæstaréttar, **Hrd. 1947:81**, **Hrd. 1948:106** og **Hrd. 206/1999**. Allt eru þetta refsídómur en geta þó verið til leiðbeiningar um sakarmatið í skaðabótamálum. Í Hrd. 206/1999, sem hefur áður verið reifaður undir kaflanum um þekkingarleysi, voru tveir stjórnarmenn dæmdir skaðabótaskyldir en athyglisvert er að líta til rökstuðnings Hæstaréttar hvað varðar kröfu til stjórnenda í fjölskyldufyrirtækjum:

Í samræmi við áður nefnda 52. gr. hlutafélagalaga varð sú krafa gerð til stefndu sem stjórnarmanna, að þau hefðu í meginatriðum vitneskju um rekstur félagsins og mikils háttar ráðstafanir. [...] Verða ekki gerðar síðri kröfur til þeirra um þetta,

²¹⁸ sama heimild; Árni Harðarson (n. 50) 283.

²¹⁹ Árni Harðarson (n. 50) 294.

²²⁰ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 379.

þó að félagið hafi að öllu leyti verið í eigu fjölskyldunnar, en saman áttu þau helming hlutafjár á móti foreldrum sínum.

Hæstiréttur er skýr í orðalagi sínu um að sömu kröfur eru gerðar til stjórnarmanna, hvort sem um fjölskyldufyrirtæki er að ræða eður ei. Með dómi **Hrd. 354/2013** virðist Hæstiréttur þó opna á annars konar nálgun. Dómurinn hefur áður verið reifaður og vísast til kafla 8.2. um þekkingarleysi hvað málsatvik varðar. Niðurstaða Hæstaréttar um sýknu X og Y virðist aðallega byggja á fernu. Í fyrsta lagi þekkingarleysi þeirra þar sem þau komu ekkert að rekstri félagsins, í öðru lagi að Y hafi verið óbreyttur starfsmaður og X aldrei starfað hjá félaginu og í þriðja lagi að Z hafi verið framkvæmdastjóri og einn annast öll fjármál félagsins. Að lokum byggir Hæstiréttur niðurstöðu um sýknu á tildrögum þess að X og Y tóku sæti í stjórn félagsins og hvenig atvikum var að öðru leyti hagað. Fyrir dómi hafði Z skýrt frá því að hann hafi fyrir mistök haldið að þeir þyrftu að taka sæti í félagsstjórn einkahlutafélags og hafi því fengið X, eiginkonu sína og Y son þeirra til þess að taka sæti í stjórn. Tildrög þess að X og Y tóku sæti í stjórn voru tengsl þeirra við Z þar sem hann taldi að hann þyrfti þrjá einstaklinga í stjórn félagsins. Rétturinn útskýrir hins vegar ekki beint hvað hann eigi við með tilvísun sinni til „atvika að öðru leyti“. Virðist hér að minnsta kosti ekki litið framhjá því að fjölskyldutengsl voru milli X, Y og Z og að stjórnarseta X og Y hafi í raun einungis verið til málamynda vegna fjölskyldutengsla. Í niðurstöðu dómsins virðast þessi fjölskyldutengsl leiða til vægara sakarmats hjá X og Y þar sem Z hafi í raun ráðið öllu innan félagsins en X og Y voru sýknuð á meðan Z var sakfelldur.

Niðurstaða Hæstaréttar gefur til kynna að ekki sé hægt að ganga út frá því að sömu kröfur séu gerðar til stjórnarmanna í fjölskyldufyrirtækjum, líkt og gengið hefur verið út frá fyrir tíð Hrd. 354/2013.²²¹ Ekki er útilokað að stjórnarmenn sem eiga sæti í fjölskyldufyrirtæki þar sem annar meðlimur fjölskyldunnar ræður öllu verði beittir vægara sakarmati þannig að meira þurfi til að koma til þess að þeir verðir bótaábyrgir. Hér ber þó að áréttast að það eitt að um fjölskyldufyrirtæki hafi verið að ræða leiddi ekki til sýknu í fyrrgreindu máli heldur komu fleiri atriði til skoðunar en ætla verður að þekkingarleysi X og Y, óháð tengslum við Z, hafi þar spilað stórt hlutverk enda kom dómurinn í kjölfarið á öðrum dómi réttarins þar sem þekkingarleysi eitt og sér leiddi til sýknu.

²²¹ sama heimild; Árni Harðarson (n. 50) 294.

8.11 Viðskiptaleg ákvörðun – The Business judgment rule

Stjórnendur þurfa stöðu sinnar vegna að taka margvíslegar ákvarðanir um málefni félags og óhjákvæmilegt er að koma í veg fyrir að taka á einhverjum tímamarki ranga ákvörðun sem veldur félagi tapi. Almennt er gengið út frá því að stjórnendur hafi svigrúm til þess að taka viðskiptalegar ákvarðanir í málefnum félags þrátt fyrir að þær kunni síðar að reynast rangar.²²² Þessi regla er betur þekkt sem „The business judgment rule“. Thorbjörn Sofsrud setti fram þríþætta skilgreiningu á reglunni.²²³ Í fyrsta lagi á stjórnarmaður ekki að láta andlag ákvörðunarinnar hafa áhrif á sig (e. subject of interest), í öðru lagi á hann að vera upplýstur um andlag ákvörðunarinnar upp að því marki að hann telur ákvörðunina vera viðeigandi undir fyrirbyggjandi kringumstæðum (e. appropriate) og í þriðja lagi verður hann með rökstuddum hætti að telja að ákvörðunin sé tekin í þágu félagsins (e. best interest of the corporation).²²⁴

Ekki er útilokað að viðskiptalegar ákvarðanir sem síðar reynast rangar og valda félagi tapi geti leitt til bótaábyrgðar stjórnenda. Útgangspunkturinn er að athuga hvaða hagsmuni viðkomandi stjórnandi gætti þegar hann tók ákvörðunina.²²⁵ Ef stjórnandi var í góðri trú og hafði hagsmuni félagsins að leiðarljósi þegar hann tók ákvörðunina er litið svo á að hann beri ekki skaðabótaábyrgð á því að ákvörðunin reynist röng og valdi félaginu tapi.²²⁶ Hér verður þó ekki beinlínis gengið út frá að stjórnandi geti aldrei orðið skaðabótaskyldur í þessum tilvikum heldur fremur að sakarmatið sé með þeim hætti að mjög mikið þurfi til að koma til þess að stjórnandi teljist bótaskyldur.²²⁷ Í máli **Hrd. 350/2009**²²⁸ komst rétturinn vel að orði um þýðingu viðskiptalegra ákvarðana fyrir bótaábyrgð stjórnenda en í héraðsdómi, sem Hæstiréttur staðfesti með vísan til forsendna, segir orðrétt:

Dómurinn getur ekki byggt niðurstöðu á þeirri málsástæðu stefnenda að umrædd sala hafi verið óþörf. Stjórnendur félags taka ákvarðanir um fjárhagslegar ráðstafanir og geta dómstólar ekki fjallað um hvort þær hafi verið nauðsynlegar

²²² Stefán Már Stefánsson (n. 12) 383.

²²³ Thorbjörn Sofsrud, *Bestyrelsens beslutning og ansvar: spørgsmål til bedømmelse af bestyrelsesmedlemmers erstatningsansvar* (GreensJura 1999) 134–135.

²²⁴ sama heimild 135.

²²⁵ Werlauff (n. 98) 242.

²²⁶ Stefán Már Stefánsson (n. 12) 383.

²²⁷ Werlauff (n. 98) 242.

²²⁸ Sjá einnig orðalag Héraðsdóm Reykjavíkur í máli **nr. E-3519/2012**: „Gengið hefur verið út frá því að ákvarðanir stjórnar hlutafélags sem eru viðskiptalegs eðlis leiði ekki til bótaskyldu, einfaldlega af þeirri ástæðu að síðar komi í ljós að þær hafi verið rangar og félagið hafi tapað á þeim. Þá er þó lagt til grundvallar að stjórnandi félags hafi tekið slíkar ákvarðanir í góðri trú og haft hagsmuni félagsins að leiðarljósi.“

eða ekki. Í þessu máli getur aðeins reynt á það hvort með þeim hafi verið brotið ólöglega gegn réttindum annarra.

Þá má hér einnig líta til **Hrd. 40/2003** þar sem Hæstiréttur taldi að um viðskiptaákvörðun stjórnenda hafi verið að ræða og þar sem stjórnandinn hafi með umræddri ákvörðun ekki tekið meiri áhættu en honum var heimilt var ekki fallist á bótaskyldu hans.

Ef viðskiptaleg ákvörðun stjórnenda verður fyrir áhrifum af atriðum sem ekki skipta máli eða eru í þágu annarra en félagsins þá ber stjórnendum að sýna fram á að samkvæmt þeirra bestu vitund hafi ákvörðunin samt sem áður verið tekin með hagsmuni félagsins að leiðarljósi.²²⁹ Um þetta má vísa í danskan dóm **UfR 1981:973**. Í málinu höfðaði félag skaðabótamál gegn framkvæmdastjóra þess sem jafnframt var hluthafi en hann hafði, án þess að upplýsa félagsstjórnina, gert samning milli sín og félagsins um að félagið þyrfti að ná ákveðinni framlegð í sölu. Í kjölfarið seldi framkvæmdastjórinn vörur félagsins á mjög lágu verði til annars félags sem var jafnframt í hans eigu. Taldið félagið framkvæmdastjórann hafa valdið félaginu tjóni og einungis haft eigin hagsmuni að leiðarljósi. Rétturinn sýknaði framkvæmdastjórann þar sem ljóst var að félagið átti ekki möguleika á að selja vörur sínar til annarra á betra verði en framkvæmdastjórinn hafði selt vörurnar á til eigin félags. Þar af leiðandi þótti ekki sannað að framkvæmdastjórinn hafi ekki haft hagsmuni félagsins að leiðarljósi og jafnframt að félagið hafi ekki orðið fyrir teljandi tjóni vegna viðskiptanna.

Ef sýnt er fram á að viðskiptaleg ákvörðun hafi verið tekin í þágu annarra en félagsins er svigrúm stjórnenda til mistaka lítið. Þannig er mun líklegra að viðskiptaleg ákvörðun stjórnanda sem tekin er í þágu hluthafa eða annarra en ekki félagsins og síðar reynist röng og veldur félaginu tapi leiði til bótaskyldu.²³⁰ Má hér vísa til tveggja danskra dóma, **UfR 2010:190** og **UfR 1925:244** en í báðum málunum voru stjórnendur bótaskyldir þar sem þeir höfðu tekið ákvörðun í þágu hluthafa félagsins og ekki haft hagsmuni félagsins að leiðarljósi.

Hér verður þó að geta þess að viðskiptaleg ákvörðun getur verið lögmæt, þrátt fyrir að hún sé tekin í þágu hluthafa þess, sbr. **Hrd. 228/2009**. Í málinu höfðaði V hluthafi Glitnis banka skaðabótamál gegn félagsstjórn bankans en stjórnin hafði tekið ákvörðun um að félagið myndi kaupa af einum hluthafa þess hlutafé í bankanum á verðinu 29 kr. fyrir hvern hlut þrátt fyrir

²²⁹ Werlauff (n. 98) 243.

²³⁰ sama heimild.

að stjórninni hafi staðið til boða að kaupa hlutaféð á lægra verði. Vildi V meina að stjórnin hafi brotið gegn 76. gr. hfl. sem kveður á um jafnfræði félagsmanna þar sem aðrir hluthafar áttu einungis kost á því að selja hlutafé sitt á meðalverðinu 26,6 kr. fyrir hvern hlut. Rétturinn sýknaði stjórnarmennina með vísan til 55. gr. hfl. sem kveður á um að félagsstjórn sé heimilt að kaupa eigin hluti með heimild hluthafafundar. Sú heimild hafi verið til staðar og hafi því ákvörðunin verið innan takmarkana hfl. Niðurstöðuna má skilja svo að þó ákvörðun sé tekin í þágu eins hluthafa og jafnvel með þeim hætti að félagið verði fyrir smávægilegu tjóni, þá leiðir hún ekki til bótaábyrgðar nema hún sé jafnframt ólögmat.

9 LOKAORÐ

Í ritgerð þessari hefur verið leitast við að gera grein fyrir sakarmati dómstóla í skaðabótamálum á hendur stjórnendum félaga og lífeyrissjóða. Markmið rannsóknarinnar fólst í því að kanna hvernig sakarmatið horfir við í tilviki þessara aðila og hvaða staða eða aðstæður þeirra gætu haft áhrif á slíkt mat og þá með hvaða hætti. Dómarannsóknin í 8. kafla, þar sem sakarmatið er kannað við mismunandi aðstæður, inniheldur ályktanir og sjónarmið jafnt og þétt í gegnum efni kaflans. Af þeim sökum verður í eftirfarandi umfjöllun einungis vikið að helstu niðurstöðum ritgerðarinnar.

Fræðimenn hafa almennt talið að með aukinni reglusetningu hefur rutt sér til rúms mælikvarði sem felst í svokölluðu reglufestu saknæmi. Þannig hafa fræðimenn gengið út frá því að sakarmat sem byggir á reglufestu saknæmi sé nákvæmari mælikvarði heldur en Bonus Pater mælikvarði. Þrátt fyrir að stjórnendur teljist ekki sérfræðingar gefur dómarannsóknin til kynna að ströngu sakarmati kunni að vera beitt í tilviki þeirra. Að sama skapi virðist Hæstiréttur hafa beitt vægu sakarmati og talið að brot gegn skráðum háttænisreglum hafi í raun enga þýðingu fyrir sakarmatið. Með hliðsjón af því að ströngu sakarmati, reglufestu saknæmi og vægu sakarmati hefur öllu verið beitt á grundvelli sömu bótareglunnar, verður að telja erfitt að henda reiður á hver mælikvarðinn sé þegar kemur að bótaábyrgð stjórnenda. Þannig leiddi dómarannsóknin til þess að hvorki var hægt að útiloka strangt sakarmat né vægt sakarmat. Slík niðurstaða er nokkuð óheppileg þar sem ekki er kveðið á um það í skráðum reglum hvernig sakarmatið eigi að fara fram. Eftir standa þá í raun einungis dómafordæmi Hæstaréttar og þegar svo háttar til er sérstaklega mikilvægt að rétturinn sé samkvæmur sjálfum sér og skýr í niðurstöðum sínum.

Fræðimenn hafa talið að í 68. gr. hfl. felist skylda félagsstjórnar til þess að hafa eftirlit með rekstri og málefnum félags. Sömuleiðis hefur verið gengið út frá því að stjórnarmenn geti ekki borið fyrir sig þekkingarleysi á rekstri félags til þess að koma sér undan ábyrgð. Dómarannsókn leiddi hins vegar í ljós að Hæstiréttur hefur með nýrri dómafordæmum opnað á þann möguleika að stjórnarmenn geti borið fyrir sig að hafa ekki komið nærri rekstri félags og komist þannig undan ábyrgð. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að eftirlitsskylda sem hvílir á stjórnarmönnum sé í raun valkvæð þrátt fyrir að kveðið sé á um hana í lögum. Þannig þurfi stjórnarmenn ekki að sinna eftirlitshlutverki sínu nema þeir kæri sig um það. Sinni þeir ekki lögboðinni eftirlitsskyldu sinni komast þeir, að mati Hæstaréttar, undan ábyrgð þar sem þeir komu ekki nærri rekstri félagsins. Í þessu felst að brot stjórnarmanns gegn 68. gr. hfl. leiðir ekki til ábyrgðar nema stjórnarmaður hafi tekið virkan þátt í félaginu. Við þessa túlkun Hæstaréttar verður að gera athugasemdir en telja verður að lögboðin skylda meggi aldrei vera valkvæð í augum þess sem ber þá skyldu.

Með lögum nr. 95/2010 var lögfest sérstök bótaregla í 2. mgr. 64. gr. gþl. Með reglunni vildi löggjafinn ganga úr skugga um að stjórnendur sinntu þeirri skyldu sem kveðið er á um í ákvæðinu. Í ljósi þessa má velja upp hvort ekki sé álíka mikilvægt að stjórnendur sinni eftirlitshlutverki sínu með rekstri félags enda hvílir sú skylda ekki á neinum öðrum. Úr því væri hægt að bæta með því að kveða á um sérstaka bótareglu í 68. gr. hfl. Slíkt myndi þó líklega draga úr vægi annarra skyldna stjórnenda skv. hfl. Einnig er ljóst að sérstök bótaregla er nú þegar til staðar fyrir brot gegn 68. gr. hfl., þ.e. 134. gr. hfl. Að framangreindu sögðu verður að telja að það sé í höndum Hæstaréttar að leiðrétta fyrri dómafordæmi er snúa að eftirlitsskyldu enda gefur núverandi réttarframkvæmd til kynna að lögboðin eftirlitsskylda félagsstjórnar sé raunar valkvæð.

Einungis hluthafafundur getur veitt stjórnendum skaðleysi, sbr. 135. gr. hfl. Þrátt fyrir að reglur um skaðleysi séu nokkuð skýrar leiddi dómarannsóknin í ljós að Hæstiréttur telur að stjórnendur njóti ábyrgðarleysis þrátt fyrir að hluthafafundur hafi ekki átt aðkomu að ákvörðunum um slíkt ábyrgðarleysi. Má þar nefna Hrd. 641/2015 en þar slær rétturinn því föstu að ákvæði ráðningarsamnings um að tekin skuli ábyrgðartrygging til handa viðkomandi stjórnanda veiti skaðleysi í þessum skilningi. Ætla verður að Hæstiréttur hefði átt að lágmarki að minnast á ákvæði 135. gr. hfl. eða gefa til kynna að samþykki hluthafafundar þurfi til en nú þegar hefur að minnsta kosti einn héraðsdómur fallið þar sem vísað er til fyrrgreinds dóms

Hæstaréttar og honum veitt fordæmisgildi. Áframhaldandi réttarframkvæmd í þessa átt væri þannig í verulegu ósamræmi við 135. gr. hfl.

Dómarannsóknin leiddi enn fremur í ljós að erfitt er átta sig á því hvort Hæstiréttur telji að 23. gr. skbl. taki til framkvæmdastjóra félaga. Hæstiréttur hefur talið að ákvæðið nái til framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs, en héraðsdómur hefur komist að öndverðri niðurstöðu í máli sem varðar framkvæmdastjóra hlutafélags. Rétturinn hefur aldrei rökstutt gildissvið ákvæðisins þegar kemur að stjórnendum. Úr þessu væri hægt að bæta með skýru dómafordæmi eða breyttu orðalagi 23. gr. skbl. þar sem tekið væri fram með skýrum hætti til hverra ákvæðið eigi að ná.

Að lokum verður að geta þess að það er niðurstaða höfundar að ótækt þótti að leggja fram eina almenna ályktun um sakarmat í skaðabótamálum á hendur stjórnendum. Líkt og getið hefur verið eru engar skráðar reglur til staðar um það hvernig sakarmatið eigi að fara fram. Af því leiðir að margir þættir geta spilað inn í með mismunandi hætti. Í ljósi þessa vonast höfundur til þess að dómarannsóknin í 8. kafla geti þjónað sem eins konar leiðarvísir fyrir mismunandi stöðu eða aðstæður enda er þar að finna umfjöllun um réttaráhrif og jafnframt afstaða tekin til hveurrar og einnar stöðu eða aðstöðu stjórnanda fyrir sig.

Viðauki I

I. Dómar með tilvísun í 134. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Samtals 37 dómar, þar af 27 dómar Hæstaréttar:

Dómur Hæstaréttar 19. mars 1998 í máli nr. 122/1997

Dómur Hæstaréttar 18. nóvember 1999 í máli nr. 206/1999

Dómur Hæstaréttar 9. desember 1999 í máli nr. 272/1999

Dómur Hæstaréttar 4. mars 2004 í máli nr. 292/2003

Dómur Hæstaréttar 10. júní 2004 í máli nr. 60/2004

Dómur Hæstaréttar 20. desember 2007 í máli nr. 212/2007

Dómur Hæstaréttar 29. október 2009 í máli nr. 228/2009

Dómur Hæstaréttar 14. janúar 2010 í máli nr. 350/2009

Dómur Hæstaréttar 22. mars 2011 í máli nr. 64/2011

Dómur Hæstaréttar 10. júní 2011 í máli nr. 201/2011

Dómur Hæstaréttar 26. mars 2012 í máli nr. 128/2012

Dómur Hæstaréttar 5. nóvember 2012 í máli nr. 619/2012

Dómur Hæstaréttar 22. nóvember 2012 í máli nr. 93/2012

Dómur Hæstaréttar 15. maí 2013 í máli nr. 259/2013

Dómur Hæstaréttar 3. mars 2014 í máli nr. 108/2014

Dómur Hæstaréttar 18. september 2014 í máli nr. 789/2013

Dómur Hæstaréttar 9. maí 2016 í máli nr. 266/2016

Dómur Hæstaréttar 9. maí 2016 í máli nr. 265/2016

Dómur Hæstaréttar 9. maí 2016 í máli nr. 264/2016

Dómur Hæstaréttar 9. maí 2016 í máli nr. 263/2016

Dómur Hæstaréttar 9. maí 2016 í máli nr. 262/2016

Dómur Hæstaréttar 9. maí 2016 í máli nr. 261/2016

Dómur Hæstaréttar 22. september 2016 í máli nr. 641/2015

Dómur Hæstaréttar 23. febrúar 2017 í máli nr. 809/2015

Dómur Hæstaréttar 6. apríl 2017 í máli nr. 137/2017

Dómur Hæstaréttar 21. júní 2018 í máli nr. 615/2017

Dómur Hæstaréttar 20. september 2018 í máli nr. 798/2017
Héraðsdómur Reykjavíkur 2. nóvember 2006 í máli nr. E-3834/2006
Héraðsdómur Reykjavíkur 18. nóvember 2007 í máli nr. E-3120/2006
Héraðsdómur Reykjaness 2. febrúar 2012 í máli nr. E-144/2011
Héraðsdómur Reykjavíkur 5. mars 2012 í máli nr. E-101/2011
Héraðsdómur Reykjavíkur 9. október 2015 í máli nr. S-591/2014
Héraðsdómur Reykjavíkur 24. mars 2017 í máli nr. E-3510/2014
Héraðsdómur Reykjavíkur 22. mars 2018 í máli nr. E-4995/2013
Héraðsdómur Reykjavíkur 28. desember 2018 í máli nr. E-3827/2011
Héraðsdómur Reykjavíkur 28. desember 2018 í máli nr. E-3826/2011
Héraðsdómur Reykjavíkur 28. desember 2018 í máli nr. E-991/2012

**II. Dómar með atriðisorð „ábyrgð stjórnarmanna“ eða „ábyrgð framkvæmdastjóra“.
Samtals 13 dómar, þar af 7 dómar Hæstaréttar:**

Dómur Hæstaréttar 22. október 1986 í máli nr. 87/1985
Dómur Hæstaréttar 11. apríl 1995 í máli nr. 266/1992
Dómur Hæstaréttar 18. júní 2004 í máli nr. 7/2004
Dómur Hæstaréttar 7. október 2004 í máli nr. 97/2004
Dómur Hæstaréttar 27. janúar 2011 í máli nr. 400/2010
Dómur Hæstaréttar 3. nóvember 2011 í máli nr. 13/2011
Dómur Hæstaréttar 9. maí 2018 í máli nr. 40/2017
Héraðsdómur Vestfjarða 31. mars 2007 í máli nr. E-140/2006
Héraðsdómur Reykjaness 14. apríl 2016 í máli nr. E-921/2015
Héraðsdómur Reykjavíkur 28. júní 2016 í máli nr. E-870/2014
Héraðsdómur Reykjavíkur 11. nóvember 2016 í máli nr. E-3519/2012
Héraðsdómur Reykjaness 20. desember 2016 í máli nr. E-56/2016
Héraðsdómur Reykjavíkur 14. maí 2018 í máli nr. E-2451/2017

III. Dómar með atriðisorð „ábyrgð stjórnanda“. Einn dómur Hæstaréttar:

Dómur Hæstaréttar 23. febrúar 1949 í máli nr. 17/1948

IV. Dómar með tilvísun í 108. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Samtals 25 dómar Hæstaréttar:

Dómur Hæstaréttar 22. febrúar 2001 í máli nr. 293/2000

Dómur Hæstaréttar 31. ágúst 2005 í máli nr. 309/2005

Dómur Hæstaréttar 9. október 2008 í máli nr. 637/2007

Dómur Hæstaréttar 18. mars 2010 í máli nr. 456/2009

Dómur Hæstaréttar 7. desember 2011 í máli nr. 614/2011

Dómur Hæstaréttar 8. febrúar 2013 í máli nr. 19/2013

Dómur Hæstaréttar 23. janúar 2014 í máli nr. 577/2013

Dómur Hæstaréttar 10. apríl 2014 í máli nr. 593/2013

Dómur Hæstaréttar 9. september 2014 í máli nr. 457/2014

Dómur Hæstaréttar 7. janúar 2015 í máli nr. 857/2014

Dómur Hæstaréttar 13. ágúst 2015 í máli nr. 402/2015

Dómur Hæstaréttar 24. ágúst 2015 í máli nr. 432/2015

Dómur Hæstaréttar 24. ágúst 2015 í máli nr. 431/2015

Dómur Hæstaréttar 26. nóvember 2015 í máli nr. 138/2015

Dómur Hæstaréttar 4. febrúar 2016 í máli nr. 298/2015

Dómur Hæstaréttar 28. apríl 2016 í máli nr. 579/2015

Dómur Hæstaréttar 28. apríl 2016 í máli nr. 578/2015

Dómur Hæstaréttar 2. júní 2016 í máli nr. 479/2015

Dómur Hæstaréttar 29. ágúst 2016 í máli nr. 476/2016

Dómur Hæstaréttar 13. október 2016 í máli nr. 676/2015

Dómur Hæstaréttar 23. mars 2017 í máli nr. 187/2016

Dómur Hæstaréttar 1. febrúar 2018 í máli nr. 720/2016

Dómur Hæstaréttar 17. maí 2018 í máli nr. 325/2017

Dómur Hæstaréttar 20. september 2018 í máli nr. 798/2017

Dómur Hæstaréttar 25. október 2018 í máli nr. 836/2017

V. Dómar með tilvísun í 74. gr. laga nr. 22/1991 um samvinnufélög:

Engir dómar fundust.

VI. Dómar með tilvísun í 44. gr. laga nr. 50/2007 um sameignarfélag:

Engir dómar fundust.

Heimildaskrá

Arnlfjótur Björnsson, „Tengsl vinnuveitanda og starfsmanna sem skilyrði vinnuveitandaábyrgðar“ (1979) 2 Tímarit lögfræðinga 51

—, *Skaðabótaréttur - Kennslubók fyrir byrjendur* (2. útgáfa, Bókaútgáfa Orators 1999)

Árni Harðarson, „Skaðabótaábyrgð stjórnenda hlutafélaga“ (1994) 3 Úlfjótur 273

Boe J, *Direktørkontrakten: rettigheder, pligter ansvar / Jørgen Boe* (4. útg., Thomson 2000)

Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson, *Bótaréttur I* (1. útgáfa, Bókaútgáfan Codex 2015)

Eyben B von og Isager H, *Lærebog i erstatningsret* (6. útg., København: Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2007)

Gomard B, „Board Members' Liability For Damages“ (1984) 28 Scandinavian Studies in Law 43

—, *Aktieselskaber & anpartsselskaber* (5. útgáfa, Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2006)

Guðmundur Sigurðsson, „Bótaábyrgð starfsmanns gagnvart vinnuveitanda sínum“ (2004) 3 Lögmannablaðið 33

Hellner J og Johansson S, *Skadeståndsrätt* (6. útg., Norstedts Juridik 2000)

Hildur Þórarinsdóttir, „Skaðabótaábyrgð stjórnenda og stjórnendatryggingar“ (2017) 70 (3) Úlfjótur 439

Kobbernagel J, *Direktøren: En håndbog for erhvervslivets ledere* (2. útg., København 1974)

Langebæk S, *Bestyrelsens idégrundlag og funktion / Steen Langebæk* (2. útg., Gad 1991)

Leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, „Stjórnarhættir Fyrirtækja – leiðbeiningar“ (Viðskiptaráð Íslands í maí 2015) <https://vi.is/%C3%BAtg%C3%A1fa/sk%C3%BDrslur/leidbeiningar_um_stjornarhaetti_fyrirtaekja.pdf> skoðað 16. apríl 2019.

Noe Munck og Lars Hedegaard Kristensen, *Selskabsformerne : lærebog i selskabsret* (6.útg., Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2010)

Paul Krüger Andersen, *Aktie- og anpartsselskabsret* (12. útg., Kbh : Nota 2013)

Páll Skúlason, *Lög um hlutafélög með skýringum* (Sleipnir 1994)

—, *Hugvekja og handbók fyrir stjórnarmenn og framkvæmdastjóra í félögum* (Sleipnir 1999)

Schans Christensen J, *Ledelse & aktionærer: 6 essays om den moderne selskabs- og børsret* (Gad 1992)

Sofsrud T, *Bestyrelsens beslutning og ansvar: spørgsmål til bedømmelse af bestyrelsesmedlemmers erstatningsansvar* (GreensJura 1999)

Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur* (Hið íslenska bókmenntafélag 2013)

Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélög: réttarreglur* (Bókmenntafélagið 1985)

Vátryggingafélag Íslands, „Samkomulag um niðurfellingu máls Lífsverks gegn VÍS og fleirum“ (VÍS 12. mars 2017) <<https://www.vis.is/vis/fjolmidlatorg/frettir/2017/samkomulag-um-nidurfellingu-mals-lifsverks-gegn-vis-og-fleirum/>> skoðað 16. apríl 2019.

Viðar Már Matthíasson, „Um orsakatengsl og reglur um takmörkun á umfangi skaðabótaábyrgðar“ (2002) 4 Tímarit lögfræðinga 311

—, *Skaðabótaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2005)

—, „Stórkostlegt gáleysi í skaðabótarétti og vátryggingarétti“ í Ragnheiður Bragadóttir o.fl. (ritstj.), *Afmælisrit: Jónatan Þórmundsson sjötugur 19. desember 2007* (1.útgáfa, Bókaútgáfan Codex 2007)

Werlauff E, „Boards of Directors’ and Management’s Liability in Law in Denmark: The Written Standard’s Gradual Superseding of the Unwritten“ (2011) 8 (6) European Company Law 240